

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/858

2022/EES/29/13

frá 30. maí 2018

um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (*)

EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar eru tryggð. Reglur innri markaðar ættu að vera gagnsæjar, einfaldar, samræmdar og skilvirkar og veita þannig réttarvissu og skýrleika í þágu fyrirtækja og neytenda.
- 2) Í því skyni var heildaramma ESB um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki komið á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽³⁾.
- 3) Árið 2013 lagði framkvæmdastjórnin mat á lagaramma Sambandsins um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, sem sýndi að ramminn sem komið var á fót með tilskipun 2007/46/EB er viðeigandi til að ná meginmarkmiðum um samræmingu, skilvirka starfsemi innri markaðarins og sanngjarna samkeppni og framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að lagaramminn ætti því að gilda áfram.
- 4) Við matið var þó einnig komist að þeirri niðurstöðu að þörf sé á að innleiða ákvæði er varða markaðseftirlit til að koma til viðbótar við gerðarviðurkenningarkröfurnar; að þörf sé á að skýra afturköllunar- og verndarráðstafanameðferðirnar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 303, 19.8.2016, bls. 86.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 19. apríl 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 22. maí 2018.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

ásamt skilyrðunum fyrir rýmkun á viðurkenningum fyrirbyggjandi gerða ökutækja; að þörf sé á að bæta framfylgd rammans um gerðarviðurkenningu með því að samræma og efla gerðarviðurkenningaraðferðirnar og aðferðirnar til að tryggja samræmi framleiðslu sem yfirvöld og tæknipjónustur aðildarríkja beita; að þörf sé á að skilgreina með skýrum hætti hlutverkin og ábyrgðirnar sem eiga við um markaðsaðila í aðfangakeðjunni og þeirra yfirvalda og aðila sem taka þátt í framfylgdinni á rammanum, sem tryggir sjálfstæði þeirra yfirvalda og aðila og kemur í veg fyrir hagsmunarárekstra; að þörf sé á að bæta hentugleika annarra viðurkenningaráætlana (litlar landsbundnar framleiðsluraðir og skráningarviðurkenningar ökutækis (e. *individual vehicle approval*) [áður þýtt sem einstök viðurkenning ökutækis] og hentugleika fjölþrepa gerðarviðurkenningarferlisins til að veita markaðskimur og litum og meðalstórum fyrirtækjum tilhlýðilegan sveigjanleika án þess þó að brensla jöfnu samkeppnisskilyrðin.

- 5) Til viðbótar hafa nýleg vandamál við framkvæmdina á rammanum um ESB-gerðarviðurkenningu leitt í ljós tiltekna veikleika og þau hafa einnig sýnt fram á þörfina á grundvallarendurskoðun á rammanum til að tryggja að hann sé traustur, gagnsær, fyrirsjáanlegur og sjálfbær og að með honum fáið öflugt öryggisstig ásamt heilbrigðis- og umhverfisvernd.
- 6) Með þessari reglugerð eru innleiddar ýmsar verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir ranga beitingu á kröfum sem lagðar eru á í ferlinu við að veita viðurkenningar á ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum. Mikilvægt er að þessar verndarráðstafanir séu skilvirkar til að koma í veg fyrir misnotkun á viðurkenningarferlinu í framtíðinni.
- 7) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmdar reglur og meginreglur um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, ásamt skráningarviðurkenningu ökutækis, með það fyrir augum að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins í þágu fyrirtækja og neytenda og til að bjóða upp á öflugt öryggisstig og heilbrigðis- og umhverfisvernd.
- 8) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um tæknilegar kröfur og stjórnsýslukröfur um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum til farþegaflutninga (flokkur M) og á vélknúnum ökutækjum til farmflutninga (flokkur N) og eftirvögnum þeirra (flokkur O), og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki með það fyrir augum að tryggja öflugt öryggisstig og vistvænleika.
- 9) Landsyfirvöld ættu að beita og framfylgja kröfunum í þessari reglugerð á samræmdan hátt í öllu Sambandinu til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og til að koma í veg fyrir beitingu mismunandi staðla í öllu Sambandinu. Þau ættu að hafa fullt samstarf við gagnaskiptatorgið vegna framkvæmdar („framkvæmdartorgið“) og við framkvæmdastjórnina við úttektarstörf og eftirlitsstarfsemi hennar.
- 10) Þessi reglugerð ætti að styrkja núverandi ramma um ESB-gerðarviðurkenningu, sérstaklega með innleiðingu ákvæða um markaðseftirlit. Innleiða ætti markaðseftirlit á sviði vélknúinna ökutækja með því að tilgreina skuldbindingar markaðsaðila í aðfangakeðjunni, skuldbindingar eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjunum og þær ráðstafanir sem gripið verður til þegar vörur sem tengjast vélknúnum ökutækjum finnast á markaðnum sem alvarleg öryggis- eða umhverfisáhætta stafar af, sem grafa undan neytendavernd, eða sem uppfylla ekki gerðarviðurkenningarkröfurnar.
- 11) Til að tryggja skilvirka framkvæmd á gerðarviðurkenningarkröfunum ætti að efla núverandi ákvæði um samræmi framleiðslu, m.a. með því að kveða á um skyldubundnar, reglulegar úttektir á aðferðum við samræmis eftirlit og áframhaldandi samræmi viðkomandi vara sem tengjast vélknúnum ökutækjum og með því að styrkja kröfurnar sem varða hæfi, skyldur og frammistöðu tæknipjónusta sem annast prófanir fyrir heildargerðarviðurkenningu ökutækis á ábyrgð viðurkenningaryfirvalda. Eðlileg starfsemi tæknipjónustna er mikilvæg til að tryggja öflugt öryggisstig og öfluga umhverfisvernd og tiltrú borgara á kerfið. Mæla skal fyrir um viðmiðanir fyrir tilnefningu tæknipjónustu, sem kveðið er á um í tilskipun 2007/46/EB, með ítarlegri hætti í þessari reglugerð til að tryggja að þeim sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum. Þar sem starf tæknipjónusta í aðildarríkjum verður sífellt flóknara hafa matsaðferðir þeirra tilhneigingu til að verða smám saman ólíkari. Því er nauðsynlegt að kveða á um málsmæðferðarskyldur sem tryggja upplýsingaskipti og eftirlit með starfsvenjum aðildarríkjanna varðandi mat, tilnefningu, tilkynningar og vöktun á tæknipjónustum þeirra. Þessar málsmæðferðarskyldur ættu að eyða öllu ósamræmi sem fyrir er í aðferðum sem notaðar eru af tæknipjónustum og við túlkun viðmiðana fyrir tilnefningu þeirra. Til að tryggja fullnægjandi eftirlit og jöfn samkeppnisskilyrði í öllu Sambandinu ætti mat á tæknipjónustu sem sækir um að fela í sér matsheimsókn.
- 12) Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningar er nauðsynlegt að sannprófa að breytingar sem gerðar eru fyrir lokaþrep smíðinnar hafi ekki áhrif á virkni gerðarviðurkenndra kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga þannig að þær ógildi áður veitta gerðarviðurkenningu.

- 13) Vaxandi þörf er á eftirliti og vöktun með tækniþjónustum því að tækni framfarir hafa aukið áhættuna á að tækniþjónustur búi ekki yfir nauðsynlegri hæfni til að prófa nýja tækni eða tæki sem verða til á gildissviði tilnefningar þeirra. Þar eð tækni framfarir stytta líftíma vara og þar sem tímabilið milli matsheimsóknna í eftirlitsskyni og vöktunarinnar er breytilegt ættu tilnefningar á tækniþjónustum að gilda í takmarkaðan tíma sem ætti að tryggja að hæfni tækniþjónusta sé metin með reglulegu millibili.
- 14) Tilnefning og vöktun aðildarríkja á tækniþjónustum, í samræmi við ítarlegar og strangar viðmiðanir, ætti því að vera háð eftirliti m.a. sem skilyrði fyrir endurnýjun tilnefningar þeirra, Styrkja ætti stöðu tækniþjónustna gagnvart framleiðendum, þ.m.t. með tilliti til réttar þeirra og skyldu til að innkaupa af hendi fyrirvaralausar skoðanir á verksmiðjum og til að framkvæma raunverulegar prófanir eða prófanir á rannsóknarstofu á vörum sem tengjast vélknúnum ökutækjum sem falla undir þessa reglugerð til að tryggja áframhaldandi reglufylgni framleiðenda eftir að þeir hafa fengið gerðarviðurkenningu á ökutækjavörur sínar.
- 15) Aðildarríkin ættu að vinna saman og með framkvæmdastjórninni í þeim tilgangi að efla gagnsæi og gagnkvæmt traust og samstillu og þróa enn frekar viðmiðanir sínar við mat, tilnefningu og tilkynningu tækniþjónustna, ásamt málsmeðferðarreglum um rýmkun og endurnýjun. Aðildarríki ættu að hafa samráð sín á milli og við framkvæmdastjórnina um vafamál, sem hafa almenna þýðingu viðvíkjandi framkvæmd þessarar reglugerðar, og upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina. Mikilvægt er að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin noti sameiginlegt öruggt kerfi til rafrænna upplýsingaskipta til að auðvelda og auka samvinnu á sviði stjórnsýslu eftir viðeigandi framkvæmdartímabil til að stjórnun upplýsingaskipta verði árangursríkari og skilvirkari á grundvelli einfaldra og samræmdra málsmeðferðarreglna. Til að greiða fyrir aðgengi að upplýsingum og gagnsæi þeirra ættu þær að vera tiltækar sem formföst gögn sem leita má í með rafrænum hætti.
- 16) Faggildingarstofur og viðurkenningaryfirvöld sem sjá um tilnefningar ættu að skiptast á upplýsingum sem skipta máli fyrir matið á hæfni tækniþjónustna ef tilnefning á tækniþjónustu er byggð á faggildingu í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ⁽¹⁾.
- 17) Aðildarríkin ættu að hafa möguleikann á að leggja gjöld á tilnefningu og vöktun tækniþjónusta til að tryggja sjálfbærni vöktunar á þeim tækniþjónustum af hálfu aðildarríkja og til að koma á fót jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir tækniþjónustur.
- 18) Leiki vafi á um hæfi tækniþjónustu, þrátt fyrir ráðstafanir aðildarríkjanna til að tryggja samræmda beitingu krafna og áframhaldandi beitingu þeirra, ætti framkvæmdastjórnin að eiga möguleika á að rannsaka einstök mál.
- 19) Mikilvægt er að skipulagning og starfsemi tækniþjónusta tryggi óhlutdrægni og óhæði til að tryggja að prófanir og skýrslur sem tækniþjónustur leggja fram séu ekki undir áhrifum ólögðra aðstæðna. Tækniþjónustur ættu að hafa fullnægjandi rekstrarkerfi, þ.m.t. ákvæði um þagnarskyldu, svo að þær geti unnið verk sín á samfelldan og kerfisbundinn hátt. Til að gera tækniþjónustum kleift að gegna starfi sínu með tilhlýðilegum hætti ætti starfsfólk þeirra ávallt að sýna fram á viðeigandi þekkingu, hæfni og óhæði.
- 20) Til að tryggja að kröfum þessarar reglugerðar sé uppfyllt er nauðsynlegt að notast við framfylgdarfyrikomulag til að tryggja að reglum sé fylgt. Lykilhlutverk viðurkenningaryfirvalda ætti áfram að vera að tryggja að farið sé að gerðarviðurkenningunni og kröfunum um samræmi framleiðslu í þeirri löggjöf sem gildir á sviði vélknúinna ökutækja, þar sem sú skylda er náteygð veitingu gerðarviðurkenningar og krefst ítarlegrar þekkingar á innihaldi hennar. Því er mikilvægt að frammistaða viðurkenningaryfirvalda sé sannprófuð reglulega.
- 21) Til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og til að tryggja samræmda beitingu hennar innan Sambandsins og til að greiða fyrir miðlun bestu starfsvenja ætti framkvæmdastjórnin að skipuleggja og framkvæma mat á verklagsreglum sem viðurkenningaryfirvöld setja í samræmi við þessa reglugerð. Innan framkvæmdartorgsins ætti að ræða niðurstöðuna úr slíku mati, þ.m.t. tilmæli sem ekki eru bindandi. Mat ætti að fara fram með reglubundnum hætti og tillit tekið til meginreglunnar um meðalhóf, fjölda og margbreytileika gerðarviðurkenninganna sem veittar eru og allra tilvika um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum sem koma í ljós við sannprófun á að farið sé að tilskildum ákvæðum.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

- 22) Til að tryggja að mat framkvæmdastjórnarinnar sé skilvirkt en lágmarka um leið stjórnsýsluálagið er mikilvægt að viðurkenningaryfirvöldin og framkvæmdastjórnin eigi skilvirka samvinnu meðan á matinu stendur, sérstaklega meðan matið á sér stað á athafnasvæði viðkomandi viðurkenningaryfirvalds. Mat framkvæmdastjórnarinnar ætti að fara fram í samræmi við gildandi lög og samræmast m.a. vinnutíma eða tungumáli landsyfirvaldanna. Framkvæmdastjórnin ætti að bera kostnaðinn af þessu mati, þ.m.t. þann kostnað sem tengist skjalaþýðingu.
- 23) Verið er að efla kerfið til sannprófunar á að farið sé að tilskildum ákvæðum með viðurkenningu á formlegu ferli við faggildingu tækniþjónustna eða með innleiðingu á reglulegu jafningjamati að því er varðar mat og vöktun viðurkenningaryfirvalda á tækniþjónustum. Markmiðið er að tryggja að öll viðurkenningaryfirvöld beiti samræmdu stigi að því er varðar gæði og strangleika við að framfylgja gerðarviðurkenningarkröfunum.
- 24) Nánari samræming milli landsyfirvalda með upplýsingaskiptum og samræmdum mati undir stjórn samræmingaryfirvalds er undirstaða þess að tryggja samfelld, öflugt öryggisstig og heilbrigðis- og umhverfisvernd á innri markaðnum. Hún myndi einnig leiða til skilvirkari notkunar á takmörkuðum auðlindum á landsvísu. Í því skyni ætti að koma á fót ráðgefandi framkvæmdartorgi fyrir aðildarríki og framkvæmdastjórnina með það að markmiði að efla bestu starfsvenjur, upplýsingaskipti og samræmingarstarfsemi sem tengist framkvæmd löggjafar um gerðarviðurkenningu. Það óformlega samstarf sem nú er milli aðildarríkjanna yrði betra í því sambandi ef um það yrði settur formlegri rammi. Framkvæmdartorgið ætti að samanstanda af fulltrúum sem tilnefndir eru af aðildarríkjunum sem fulltrúar viðurkenningaryfirvalda og markaðseftirlitsyfirvalda þeirra. Velja ætti þá fulltrúa sem sitja tiltekinn fund á grundvelli þeirra málefna sem rædd eru á framkvæmdartorginu. Til að hægt sé að njóta góðs af mismunandi sjónarmiðum og tillögum er gagnlegt að tilteknum utanaðkomandi áheyrnarfulltrúum sé reglulega boðið að sækja framkvæmdartorgið hvenær sem starfsemi þessara áheyrnarfulltrúa viðkemur þeim málefnum sem fyrirhugað er að ræða.
- 25) Til að forðast mögulega hagsmunaárekstra ættu viðurkenningaryfirvöld og markaðseftirlitsyfirvöld ekki að tengjast þegar þau sinna verkefnum sínum. Kjósi aðildarríki að setja þau yfirvöld undir sömu stofnun ætti aðildarríkið a.m.k. að sjá til þess að sú stofnun hafi uppbyggingu sem tryggir að starfsemi yfirvaldanna verði áfram aðgreinanleg frá hvorri annarri með tilliti til beinnar stjórnar og ákvarðanatöku þeirra.
- 26) Reglurnar um markaðseftirlit í Sambandinu og eftirlit með vörum, sem koma inn á markað Sambandsins, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008, gilda um vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og um kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki. Þær reglur ættu ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin velji hvaða lögbæru yfirvöld eigi að framkvæma þessi verkefni. Markaðseftirlit er valdsvið sem má skiptast milli ýmissa landsyfirvalda til að taka tillit til þeirra landsbundnu markaðseftirlitskerfa í aðildarríkjunum sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 765/2008. Skilvirk samræming og vöktun á vettvangi Sambandsins og á landsvísu ætti að tryggja að viðurkenningaryfirvöld og markaðseftirlitsyfirvöld framfylgi nýja rammanum fyrir gerðarviðurkenningu og markaðseftirlit.
- 27) Nauðsynlegt er að fella inn reglur um markaðseftirlit í þessa reglugerð til að styrkja réttindi og skyldur landsyfirvaldanna, til að tryggja skilvirka samræmingu starfsemi þeirra á sviði markaðseftirlits og til að skýra nánar gildandi málsmeðferðarreglur.
- 28) Mikilvægt er að markaðseftirlitsyfirvöldin og viðurkenningaryfirvöldin geti framkvæmt á tilhlýðilegan hátt þau verkefni sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Aðildarríki ættu einkum að veita þeim þau úrræði sem þarf til að það sé hægt.
- 29) Leggja ætti fram gerðarviðurkenningarskjöl á rafrænu formi og þau gerð aðgengileg öllum, með fyrirvara um undanþágur varðandi vernd viðskiptaleyndarmála og vernd persónuupplýsinga, til að auka gagnsæi viðurkenningarferlisins og til að greiða fyrir upplýsingaskiptum og óháðri sannprófun af hálfu markaðseftirlitsyfirvalda, viðurkenningaryfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar.
- 30) Skyldur landsyfirvalda varðandi markaðseftirlit sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru sértækari en þær skyldur sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 765/2008. Þetta er afleiðing þess að taka þarf til greina sérstöku eiginleikana í rammanum fyrir gerðarviðurkenningu og að bæta þarf við þann ramma skilvirku fyrirkomulagi fyrir markaðseftirlit sem tryggir trausta sannprófun á að farið sé að tilskildum ákvæðum um þær ökutækjavörur sem falla undir þessa reglugerð.

Til að tryggja framkvæmd rammans er nauðsynlegt að markaðseftirlitsyfirvöld sannprófi að farið sé að tilskildum ákvæðum um vörurnar sem tengjast vélknúnum ökutækjum án tillits til þess hvort gerðarviðurkenning þeirra hafi verið veitt fyrir eða eftir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

- 31) Til þess að framkvæmd markaðseftirlits virki sem skyldi er nauðsynlegt að sannprófa, á grundvelli trausts áhættumats, að farið sé að tilskildum ákvæðum um ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar á markaðnum. Sú sannprófun á að farið sé að tilskildum ákvæðum, sem bætt er við með því að ákvarða lágmarksfjölda af athugunum á ökutækjum á ári, yrði einnig til að stuðla að því að skyldurnar varðandi markaðseftirlit séu framkvæmdar á skilvirknan hátt í öllu Sambandinu.
- 32) Í ljósi þeirra sérstöku eiginleika og hugsanlegu áhættu sem tengist losun ætti nægilega hátt hlutfall af lágmarksfjöldanum af athugunum að vera úthlutað til prófana sem tengjast losun. Til að tryggja að ökutæki uppfylli tilskilin ákvæði að öllu leyti ætti sérhver einstök athugun að taka til sannprófunar á að allar kröfurnar fyrir gerðarviðurkenningu sem gilda um ökutækið sem prófað er að því er varðar losun séu uppfylltar.
- 33) Allar prófanir sem framkvæmdar eru á ökutæki í einhverju aðildarríkjanna ætti að vera hægt að nota í þeim tilgangi að grípa til ráðstafana til úrbóta og takmarkandi ráðstafana í öðru aðildarríki. Niðurstöður athugana sem gerðar eru á ökutækjum í einu aðildarríki ættu að teljast fullnægjandi til að grípa til ráðstafana til úrbóta og takmarkandi ráðstafana í öðru aðildarríki. Því ætti ekki að vera nauðsynlegt að flytja ökutækin sem um ræðir til eftirlits sem framkvæmt er fyrir hönd annars aðildarríkis.
- 34) Einkum er mikilvægt að landsyfirvöld og framkvæmdastjórnin líti svo á að prófanir og skoðanir ökutækja í notkun séu hluti af aðferðum þeirra til að sannprófa að farið sé að tilskildum ákvæðum. Val á ökutækjum sem eiga að gangast undir sannprófun á að farið sé að tilskildum ákvæðum ætti að byggjast á viðeigandi áhættumati þar sem tekið er tillit til alvarleika þess að hugsanlega sé ekki farið að tilskildum ákvæðum og hversu líklegt er að það eigi sér stað ásamt öðrum mögulegum vísbendingum, s.s. innleiðingu ökutækja með nýrri tækni uppsettri, allri forsögu eða skýrslum um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum, niðurstöðum úr fjarkönnunarprófunum og þeim áhyggjuefnum sem viðurkenndir þriðju aðilar hafa tilgreint.
- 35) Að auki ætti framkvæmdastjórnin, til að sannreyna að viðeigandi kröfur séu uppfylltar, að skipuleggja og framkvæma sannprófanir og skoðanir á samræmi sem eru óháðar þeim sem aðildarríkin framkvæma samkvæmt skyldum sínum varðandi markaðseftirlit. Ef slíkar prófanir og skoðanir eru gerðar á skráðum ökutækjum í samræði við handhafa skráningarvottorðs ökutækisins er mikilvægt að taka tillit til þess að breytt ökutæki henta mögulega ekki fyrir slíka sannprófun á að farið sé að tilskildum ákvæðum. Einnig er mikilvægt að taka tillit til þess hvaða afleiðingar það hefur fyrir handhafa skráningarskrteinis ökutækisins, einkum þegar um einstakling er að ræða, ef viðeigandi leið til að velja ökutæki er annaðhvort með opinberri auglýsingu eða fyrir milligöngu yfirvalda aðildarríkjanna. Ef þær prófanir og skoðanir staðfesta að ekki hefur verið farið að tilskildum ákvæðum eða ef komist er að því að gerðarviðurkenning hefur verið veitt á grundvelli rangra gagna ætti framkvæmdastjórninni að vera heimilt að grípa til aðgerða til úrbóta í öllu Sambandinu í því skyni að koma viðkomandi ökutækjum aftur í samræmi við kröfur og til að rannsaka ástæður þess að gerðarviðurkenningin var röng. Tryggja ætti viðeigandi fjármögnun í fjárlögum Sambandsins til að gera kleift að framkvæma slíkar prófanir og skoðanir á að farið sé að tilskildum ákvæðum.
- 36) Í því skyni að styðja aðildarríki í því verki að greina temprunarbúnað birti framkvæmdastjórnin þann 26. janúar 2017 leiðbeiningar um mat á aukalosunaraðferðum og hvort temprunarbúnaður sé til staðar að því er varðar beitingu reglugerðar (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6). Í samræmi við þær leiðbeiningar og í þeim tilgangi að greina temprunarbúnað ætti prófunarstarfsemi framkvæmdastjórnarinnar, gerðarviðurkenningaryfirvaldanna og tæknipjónustanna að vera áfram ófyrirsjáanleg í eðli sínu og ætti einnig að taka til breyttra prófunarskilyrða sem fela í sér breytileika á eðlisfræðilegum skilyrðum og á prófunarmælipáttum.
- 37) Til að tryggja öflugt notkunaröryggi ökutækja, til að tryggja vernd farþega ökutækisins og annarra vegfarenda og til að tryggja umhverfis- og heilbrigðisvernd, ætti áfram að samræma og aðlaga tæknilegar kröfur og umhverfisstaðla sem gilda um ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar þannig að þeir endurspegli framfarir í tækni og vísindum.
- 38) Það ætti ekki að hafa áhrif á markmið þessarar reglugerðar að hægt sé að setja upp tiltekin kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti og búnað á eða í ökutæki eftir að ökutækið hefur verið sett á markað, hefur verið skráð eða tekið í notkun. Því ætti að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að kerfin, íhlutirnir, aðskildu tæknieiningarnar eða

hlutimir og búnaðurinn sem hægt er að setja upp á eða í ökutækjum og sem geta verulega hamlað virkni kerfa sem nauðsynleg eru vegna umhverfisverndar eða notkunaröryggis falli undir eftirlit viðurkenningaryfirvalds áður en þau eru sett á markað, skráð eða tekin í notkun.

- 39) Þær ráðstafanir skulu aðeins gilda um takmarkaðan fjölda hluta eða búnaðar. Ef um er að ræða alvarlega áhættu ætti forgangsverkefni framkvæmdastjórnarinnar að vera að útbúa skrá yfir þá hluti eða búnað og samsvarandi kröfur að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Þegar framkvæmdastjórnin útbýr skrána skal hún einkum tryggja að varahlutir og búnaður, sem eru nauðsynlegir vegna mengunarvarna og öryggis, uppfylli frammistöðuforskriftir upprunalegu hlutanna og búnaðarins. Framkvæmdastjórnin ætti einnig hafa samráð við hagsmunaaðila á grundvelli skýrslu og ætti að leitast við að skapa hæfilegt jafnvægi á milli krafna sem lúta að umferðaröryggi og umhverfisvernd ásamt hæfilegu jafnvægi á milli hagsmuna neytenda, framleiðenda og dreifingaraðila, samtímis því að viðhalda samkeppni á eftirmarkaði.
- 40) ESB-gerðarviðurkenningarkerfið verður að gera hverju aðildarríki kleift að staðfesta að þær prófanir og skoðanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð hafi verið framkvæmdar á hverja gerð ökutækis og hverja gerð kerfis, íhlutar og aðskilinnar tæknieiningar sem ætluð er fyrir slíka gerð ökutækis til að sannprófa að gerðin sé í samræmi við gerðarviðurkenningarkröfurnar í þessari reglugerð og að framleiðandi gerðarinnar hafi fengið gerðarviðurkenningarvottorð fyrir hana. ESB-gerðarviðurkenningarkerfið skyldar framleiðendur til að framleiða ökutæki þeirra, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar í samræmi við viðurkenndu gerðina. Framleiðandi ökutækis þarf að votta þetta með því að gefa út samræmisvottorð fyrir sérhvert ökutæki. Leyft ætti að vera að bjóða fram sérhvert ökutæki sem hefur gilt samræmisvottorð á markaði og skrá það í Sambandinu.
- 41) Notkun leitarbærra gagnasafna á Netinu ætti að vera skyldubundin í því skyni að einfalda upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í tengslum við gerðarviðurkenningu og til að gera viðeigandi upplýsingar aðgengilegar almenningi eftir viðeigandi framkvæmdartímabil. Til að varðveita trúnaðargögn er mikilvægt að öll gagnaskipti séu framkvæmd samkvæmt öruggum samskiptareglum um gagnaskipti. Leggja ætti sérstaka áherslu á að uppræta gagnamisnotkun, þ.m.t. að forðast það að gerðar séu margar fyrstu skráningar þegar samræmisvottorð eru notuð á rafrænu formi.
- 42) Samræmi framleiðslu er einn af hornsteinum ESB-gerðarviðurkenningarkerfisins og því ættu ráðstafanirnar sem framleiðandinn kemur á fót til að tryggja slíkt samræmi að vera samþykktar af lögbæru yfirvaldi eða af tæknipjónustu með tilskilin réttindi sem tilnefnd er í þeim tilgangi og þær ráðstafanir ættu að vera reglulega sannprófaðar með reglubundnum, óháðum úttektum. Auk þess ættu viðurkenningaryfirvöld að tryggja sannprófun á áframhaldandi samræmi viðkomandi vara sem tengjast vélknúnum ökutækjum.
- 43) Fyrir áframhaldandi gildi gerðarviðurkenninga þarf framleiðandinn að upplýsa það yfirvald sem samþykkti gerð ökutækis hans um allar breytingar á eiginleikum þeirrar gerðar eða á kröfunum um öryggi og vistvænleika sem gilda um þá gerð, svo hægt sé að sannprófa að þessi gerð ökutækis haldi áfram að uppfylla allar viðeigandi kröfur. Auk þess ætti að skýra nánar skilyrðin fyrir breytingu á gerðarviðurkenningum til að tryggja samræmda beitingu verklagsreglnanna og framfylgd gerðarviðurkenningarkrafnanna í öllu Sambandinu, einkum til að tryggja ítrustu beitingu þeirra reglna sem greina á milli breyttra gerðarviðurkenninga og nýrra gerðarviðurkenninga. Til að tryggja að nýjustu kröfurnar séu innleiddar fyrir öll ný ökutæki á tilteknum tíma er nauðsynlegt að stjórnvaldsfyrirmæli sem talin eru upp í II. viðauka innihaldi ekki einungis dagsetningu fyrir beitingu nýrra krafna á nýjar gerðarviðurkenningar heldur einnig dagsetningu sem nýjar kröfur verða lögboðnar frá og með til að hægt sé að bjóða fram á markaði, skrá eða taka í notkun ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar.
- 44) Matið á alvarlegri áhættu varðandi öryggi og skaðleg áhrif á lýðheilsu og umhverfið sem tilkynnt er um ætti að vera framkvæmt á landsvísu, en tryggja ætti samræmingu á vettvangi Sambandsins ef áhætta eða skaðleg áhrif sem tilkynnt er um kunna að ná út fyrir yfirráðasvæði eins aðildarríkis, með það markmið að deila tilföngum og tryggja samkvæmni varðandi þær aðgerðir til úrbóta sem gripið er til í því skyni að milda greindu áhættuna eða skaðlegu áhrifin.
- 45) Til að tryggja að öll ökutæki, kerfi, íhlutir, og aðskildar tæknieiningar sem sett eru á markað bjóði upp á öflugt öryggisstig og umhverfisvernd ætti framleiðandinn eða einhver annar markaðsaðili í aðfangakeðjunni að gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta, þ.m.t. innköllun ökutækja, ef ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining skapar alvarlega áhættu fyrir neytendur eða umhverfið eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008. Viðurkenningaryfirvöld

ættu að hafa vald til að meta og sannprófa hvort að þær ráðstafanir til úrbóta séu fullnægjandi. Viðurkenningaryfirvöldin í öðrum aðildarríkjum ættu að hafa heimild til að grípa til ráðstafana til úrbóta og takmarkandi ráðstafana, telji þau að ráðstafanir framleiðandans til úrbóta séu ekki nægilegar.

- 46) Ef ráðstöfunum til úrbóta er beitt ættu handhafar skráninga fyrir viðkomandi ökutæki ekki að bera kostnaðinn af viðgerðunum á ökutækjum þeirra, þ.m.t. í tilvikum þar sem viðgerðir hafa verið gerðar á kostnað handhafa skráningarinnar áður en ráðstöfunin til úrbóta er samþykkt. Þetta ætti ekki að koma í veg fyrir að neytendur geti treyst á úrræði sem byggjast á samningalögum, eftir því sem við á samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.
- 47) Gefa ætti framleiðendum ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum kost á tilhlýðilegum sveigjanleika með öðrum viðurkenningaráætlunum. Þeir ættu að geta haft hag af kostum innri markaðarins, að því tilskildu að ökutæki þeirra uppfylli sérstöku ESB-gerðarviðurkenningarkröfurnar um ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum. Í sérstökum tilvikum þykir rétt að heimila landsbundna gerðarviðurkenningu lítillar framleiðsluraðar. Öll einfölduð ferli fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum ætti að takmarka við tilvik þar sem um afar takmarkaða framleiðslu er að ræða, í samræmi við þessa reglugerð, til að koma í veg fyrir misnotkun. Því er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hugtakið um ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum með tilliti til fjölda framleiddra ökutækja, þeirra krafna sem þarf að uppfylla og skilyrða fyrir setningu þessara ökutækja á markað. Jafn mikilvægt er að tilgreina aðra viðurkenningaráætlun vegna einstakra ökutækja, þá sérstaklega til að veita nægjanlegan sveigjanleika við viðurkenningu á ökutækjum sem smíðuð eru í mörgum þrepum.
- 48) Sambandið er samningsaðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu frá 20. mars 1958 um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta („endurskoðaður samningur frá 1958“) ⁽¹⁾. Sambandið hefur samþykkt verulegan fjölda reglugerða sem fylgja með í viðauka endurskoðaða samningsins frá 1958 og þess vegna hefur Sambandið skyldu til að samþykkja að gerðarviðurkenningar sem veittar eru í samræmi við þær reglugerðir uppfylli viðeigandi kröfur Sambandsins. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 ⁽²⁾ felldi Sambandið niður sérstakar tilskipanir þess sem fjalla um gerðarviðurkenningu og lét skyldubundna beitingu viðeigandi reglugerða Sameinuðu þjóðanna koma í stað þeirra, í þeim tilgangi að einfalda ramma Sambandsins fyrir gerðarviðurkenningu og að laga Sambandið að alþjóðlegum ramma Sameinuðu þjóðanna. Til að draga úr stjórnsýsluálagi vegna gerðarviðurkenningarferlisins ætti framleiðendum ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga, eftir því sem við á, að vera heimilt að sækjast eftir gerðarviðurkenningu með beinum hætti í samræmi við þessa reglugerð, með því að afla viðurkenningar samkvæmt viðeigandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna sem um getur í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 49) Af þessum sökum ætti að taka reglugerðir Sameinuðu þjóðanna og breytingar á þeim sem Sambandið hefur samþykkt eða sem Sambandið beitir í samræmi við ákvörðun 97/836/EB upp í löggjöf Evrópusambandsins um gerðarviðurkenningar. Til samræmis við það ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að breyta viðaukunum við þessa reglugerð til að tryggja að tilvísanirnar í reglugerðir Sameinuðu þjóðanna og viðkomandi breytingar á þeim í skránni yfir viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæli séu uppfærðar reglulega.
- 50) Ótakmarkaður aðgangur að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis á stöðluðu formi, sem nota má til að heimta tæknilegu upplýsingarnar, og virk samkeppni á markaði að því er varðar þjónustur sem veita slíkar upplýsingar eru nauðsynleg til að bæta starfsemi innri markaðarins, einkum að því er varðar frjálsa vöruflutninga, staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu. Hingað til hefur verið mælt fyrir um kröfurnar vegna miðlunar upplýsinga um viðgerðir og viðhald í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 ⁽³⁾ og (EB) nr. 595/2009 ⁽⁴⁾. Steypa ætti þeim kröfum saman í þessari reglugerð og breyta reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 til samræmis við það.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 97/836/EB frá 27. nóvember 1997 með hliðsjón af aðild Evrópubandalagsins að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluta sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og með hliðsjón af aðild að samningnum og skilyrðunum um gagnkvæma viðurkenningu á viðurkenningum sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta („endurskoðaður samningur frá 1958“) (Stjtið. EB L 346, 17.22.1997, bls. 78).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtið. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EEB, 2005/55/EB og 2005/78/EB (Stjtið. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1).

- 51) Tækni framfarir sem leiða til nýrra aðferða eða tækni fyrir greiningu og viðgerðir ökutækja ættu ekki að draga úr markmiðum þessarar reglugerðar að því er varðar aðgang óháðra rekstraraðila að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis.
- 52) Til að tryggja virka samkeppni á markaði fyrir upplýsingaþjónustu um viðgerðir og viðhald ökutækis og í því skyni að skýra að viðkomandi upplýsingar nái einnig til upplýsinga sem þurfi að veita óháðum rekstraraðilum öðrum en viðgerðarverkstæðum, svo að tryggt sé að óháður markaður fyrir viðgerðir og viðhald ökutækja geti, í heild sinni, keppt við viðurkennda seljendur, óháð því hvort framleiðendur ökutækja veiti slíkar upplýsingar beint til viðurkenndra seljenda og viðgerðarverkstæða eða noti sjálfir slíkar upplýsingar fyrir viðgerðir og viðhald, er nauðsynlegt að greina nánar frá þeim upplýsingum sem á að veita í þeim tilgangi að öðlast aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.
- 53) Við skoðun ökutækja, einkum íhluta þeirra sem tengjast öryggi og umhverfi, er talið nauðsynlegt að prófunarmiðstöðvar og viðkomandi lögbær yfirvöld hafi aðgang að tæknilegum upplýsingum hvers einstaks ökutækis, eins og sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB ⁽¹⁾. Til að greiða fyrir því að kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun séu uppfylltar ættu óháðu rekstraraðilarnir að hafa aðgang að viðeigandi tæknilegum upplýsingum sem þörf er á við undirbúning ökutækja fyrir prófanir á aksturshæfni.
- 54) Þar sem ekki liggur fyrir neitt sameiginlegt skipulagt ferli fyrir skipti á gögnum um ökutækjahluti á milli framleiðenda ökutækja og óháðra rekstraraðila þykir rétt að þróa meginreglur um slík gagnaskipti. Staðlasamtök Evrópu ættu að þróa formlega sameiginlegt framtíðarskipulag fyrir staðlað gagnaskiptasnið, þótt í þessu umboði, sem veitt er Evrópsku staðlasamtökunum, sé ekki ákvarðað fyrirfram hvernig staðallinn skuli vera. Einkum og sér í lagi ætti starf Staðlasamtaka Evrópu að endurspeglar jafnt hagsmuni og þarfir ökutækjaframleiðenda og óháðra rekstraraðila og ætti einnig að skoða lausnir á borð við opin gagnasnið, sem lýst er með vel skilgreindum lýsigögnum sem gera ráð fyrir fyrirbyggjandi grunnvirkjum í upplýsingatækni.
- 55) Til að tryggja skilvirkni þessarar reglugerðar ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur varðandi vistvænleika og öryggisframmistöðu ökutækja og eftirvagna þeirra og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætlaðar eru í slík ökutæki. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin efni til viðeigandi samráðs meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í stofnanasamstarfssamningnum frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ⁽²⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða ættu Evrópuþingið og ráðið m.a. að taka við öllum skjölum á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og sérfræðingar þeirra að hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 56) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽³⁾.
- 57) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á þessari reglugerð og ættu að tryggja að reglunum sé framfylgt. Þessi viðurlög ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Sérstaklega ættu þau að endurspeglar áhættuna fyrir öryggi, heilsu og umhverfið sem sá fjöldi ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem settur er á markað og uppfyllir ekki kröfurnar getur valdið. Aðildarríki ættu árlega að tilkynna framkvæmdastjórninni um þau viðurlög sem lögð eru á til að vakta samræmið í framkvæmd þeirra reglna.
- 58) Við framkvæmd sannprófunar á samræmi ætti tækniþjónustum að vera heimilt að velja mælipætti prófananna að vild og á ófyrirsjáanlegan hátt innan sviðsins sem kveðið er á um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum. Þetta ætti að gera þeim kleift að sannprófa að prófuðu ökutækin séu í samræmi við alla mælipættina, þ.m.t. mælipættina sem samsvarast versta tilviki prófunarinnar.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5. 2016, bls. 1.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- 59) Til að tryggja að þau ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar fari að þessari reglugerð í öllum tilvikum ættu þau teljast ekki uppfylla viðeigandi kröfur ef viðeigandi yfirvöld geta ekki sannprófað niðurstöður úr prófunum jafnvel þótt allir prófunarmæliþættir hafi verið endurgerðir eða tekið sé tillit til þeirra. Nauðsynlegt er að beita viðurlögum á markaðsaðila og tækniþjónustur sem falsa niðurstöður úr prófun eða leggja fram rangar upplýsingar eða röng gögn fyrir gerðarviðurkenningu.
- 60) Til að tryggja skýrleika, skynsemi og einföldun ætti að fella tilskipun 2007/46/EB úr gildi og þessi reglugerð koma í hennar stað. Samþykkt þessarar reglugerðar tryggir að ákvæði hennar gilda beint, ásamt því að þeim má breyta á tímalegan og skilvirkari hátt til að taka betur tillit til tækniframfara og þróunar á sviði reglusetningar með tilliti til endurskoðaða samningsins frá 1958.
- 61) Í því skyni að styðja ráðstafanir til úrbóta og takmarkandi ráðstafanir á vettvangi Sambandsins ætti framkvæmdastjórnin að hafa vald til að leggja samræmdar stjórnarsýslusektir á þá markaðsaðila sem ljóst þykir að hafi brotið í bága við þessa reglugerð án tillits til þess hvar ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining fékk gerðarviðurkenningu upprunalega. Veita ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að koma til viðbótar þessari reglugerð með því að mæla fyrir um verklagið og aðferðirnar fyrir útreikninga og innheimtu á þeim stjórnarsýslusektum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 62) Þegar ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð hafa í för með sér vinnslu persónuupplýsinga ætti að framkvæma þær í samræmi við reglugerðir Evrópuþingsins ⁽¹⁾ og ráðsins (ESB) 2016/679 og (EB) nr. 45/2001 ⁽²⁾ auk landsbundinna framkvæmdarráðstafanna þeirra. Mikilvægt er að framleiðendur framkvæmi allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að reglunum um úrvinnslu og sendingu persónuupplýsinga sem verða til meðan ökutækið er í notkun.
- 63) Dagurinn þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda ætti að vera á eftir gildistökudeginum til að gera aðildarríkjum og landsyfirvöldum ásamt markaðsaðilum kleift að undirbúa sig fyrir gildistöku þeirra nýju reglna sem innleiddar eru með þessari reglugerð.
- 64) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um stjórnarsýsluákvæði og tæknilegar kröfur um gerðarviðurkenningu á nýjum ökutækjum í flokkum M, N og O og um gerðarviðurkenningu á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, og einnig um markaðseftirlit með slíkum ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um stjórnarsýsluákvæði og tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu á öllum nýjum ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og setningu þeirra á markað og fyrir skráningarviðurkenningar ökutækja.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði varðandi setningu á markað og það að taka í notkun hluti og búnað sem geta skapað alvarlega áhættu fyrir rétta virkni mikilvægra kerfa í þeim ökutækjum sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjútíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. Desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjútíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

2. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur fyrir markaðseftirlit með ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem eru háðar viðurkenningu. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur fyrir markaðseftirlit með hlutum og búnaði fyrir slík ökutæki.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um ökutæki í flokkum M og N og eftirvagna þeirra í flokki O, sem ætluð eru til notkunar á opinberum vegum, þ.m.t. þau sem eru hönnuð og smíðuð í einu eða fleiri þrepum, og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieingar sem og hluti og búnað sem hannaður er og smíðaður fyrir slík ökutæki og eftirvagna þeirra.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi ökutæki:

- a) ökutæki fyrir landbúnað eða skógrækt eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 ⁽¹⁾,
- b) ökutæki á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjól eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 ⁽²⁾,
- c) beltaökutæki,
- d) ökutæki sem eru hönnuð og smíðuð eða breytt einungis fyrir her.

3. Hvað varðar eftirfarandi ökutæki getur framleiðandinn sótt um gerðarviðurkenningu eða skráningarviðurkenningu ökutækis samkvæmt þessari reglugerð að því tilskildu að þau ökutæki uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð:

- a) ökutæki sem eru hönnuð og smíðuð aðallega til notkunar á byggingarsvæðum eða í grjótnámum, höfnum eða flugvöllum,
- b) ökutæki sem eru hönnuð og smíðuð eða breytt fyrir almannavarnir, slökkvilið og liðsafla, sem sér um að halda uppi allsherjarreglu,
- c) öll sjálfknúin ökutæki sem eru sérstaklega hönnuð og smíðuð sem vinnuvélar og sökum smíðaeiginleika þeirra henta ekki til farþega- eða vöruflutninga og sem er ekki vélbúnaður sem festur eru á undirvagn fyrir vélknúin ökutæki.

Slík samþykki skulu ekki að hafa áhrif á beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB ⁽³⁾

4. Framleiðandi getur sótt um skráningarviðurkenningu ökutækis samkvæmt þessari reglugerð fyrir eftirfarandi ökutæki:

- a) ökutæki sem eingöngu eru ætluð til kappaksturs á vegum,
- b) frumgerðir ökutækja, sem notaðar eru á vegum á ábyrgð framleiðanda í tengslum við sérstaka prófunaráætlun, að því tilskyldu að þær hafi verið hannaðar og smíðaðar sérstaklega í þeim tilgangi.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð, og í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka ef ekki er kveðið á um annað í þeim, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „gerðarviðurkenning“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieingar uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24).

- 2) „ESB-gerðarviðurkenning“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur í þessari reglugerð,
- 3) „landsbundin gerðarviðurkenning“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur sem mælt er fyrir um í lögum aðildarríkis og takmarkast gildi slíkrar viðurkenningar við yfirráðasvæði aðildarríkisins,
- 4) „gerðarviðurkenningarvottorð“: skjalið þar sem viðurkenningaryfirvaldið vottar opinberlega að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar hafi verið gerðarviðurkennd,
- 5) „samræmisvottorð“: skjal, gefið út af framleiðanda sem vottar að framleitt ökutæki sé í samræmi við viðurkennda gerð ökutækis og uppfylli öll stjórnvaldsfyrirmæli sem voru í gildi á þeim tíma þegar það var framleitt,
- 6) „skráningsarviðurkenning ökutækis“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að tiltekið ökutæki, hvort sem það er einkvæmt eða ekki, uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur fyrir ESB-skráningsarviðurkenningu ökutækis eða landsbundna skráningsarviðurkenningu ökutækis,
- 7) „heildargerðarviðurkenning ökutækis“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að ófullbúin gerð ökutækis, fullbúin gerð ökutækis eða gerð ökutækis fullbúin í áföngum uppfylli viðeigandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,
- 8) „fjölþrepa gerðarviðurkenning“: aðferð eins eða fleiri viðurkenningaryfirvalda til að votta hvort ófullbúin gerð ökutækis eða gerð ökutækis, sem er fullbúin í áföngum, eftir því á hvaða smíðaðrepi ökutækið er, uppfylli viðeigandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur,
- 9) „gerðarviðurkenning í áföngum“: aðferð sem felst í að öllum ESB-gerðarviðurkenningarvottorðum eða SP-gerðarviðurkenningarvottorðum er safnað í áföngum fyrir þau kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem tilheyra ökutæki og leiðir á lokaþrepi þess til heildargerðarviðurkenningar ökutækisins,
- 10) „gerðarviðurkenning í einum áfanga“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta í einni aðgerð að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar í heild sinni uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur,
- 11) „blönduð gerðarviðurkenning“: gerðarviðurkenning í áföngum þar sem ein eða fleiri gerðarviðurkenningar kerfa hafa verið fengnar á lokaþrepi heildargerðarviðurkenningar ökutækis án þess að nauðsynlegt sé að gefa út ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir þau kerfi,
- 12) „gerðarviðurkenning kerfis“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð kerfis uppfylli viðeigandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,
- 13) „gerðarviðurkenning aðskilinnar tæknieiningar“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðeigandi stjórnsýslufyrirmæli og tæknilegar kröfur í tengslum við eina eða fleiri tilgreindar gerðir ökutækja,
- 14) „gerðarviðurkenning íhlutar“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur,
- 15) „ökutæki“: öll vélknúin ökutæki eða eftirvagnar þeirra,
- 16) „vélknúin ökutæki“: aflknúin ökutæki sem er hannað og smíðað til að ganga fyrir eigin afli, er með a.m.k. fjögur hjól, er fullbúin, fullbúin í áföngum eða ófullbúin, og er hannað fyrir hámarkshraða sem er yfir 25 km/klst.,
- 17) „eftirvagn“: ökutæki á hjólum sem er ekki sjálfknúin en er smíðað til þess að vera dregið af vélknúnu ökutæki sem snýst á láréttum ási í lóðlínu á lengdarmiðjuplaninu og snýst á lóðréttum ási sem er samsíða lengdarmiðjuplani vélknúna ökutækisins sem dregur eftirvagninn,
- 18) „kerfi“: samstæður búnaðar sem sameiginlega gegna sérstöku hlutverki eða hlutverkum í ökutæki, og verður að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða einhverjum af stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka,
- 19) „íhlutur“: búnaður sem er ætlaður til að vera hluti af ökutæki og sem má gerðarviðmerkna einan og sér óháð ökutæki og sem verður að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða einhverjum af stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka, ef skýrt er kveðið á um það í sérstökum stjórnvaldsfyrirmælunum,

- 20) „aðskilin tæknieining“: búnaður sem er ætlaður til að vera hluti af ökutæki og sem má gerðarviðurkenna sérstaklega, en einungis í tengslum við eina eða fleiri tiltekna gerðir ökutækja, og sem verður að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða einhverjum af stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka, ef skýrt er kveðið á um það í sérstökum stjórnvaldsfyrirmælum,
- 21) „hlutir“: vörur sem notaðar eru til samsetningar, viðgerðar og viðhalds á ökutæki og sem varahlutir,
- 22) „búnaður“: vörur aðrar en hlutir sem hægt er að bæta við ökutæki eða setja upp á því,
- 23) „varahlutir“: vörur sem á að setja í eða á ökutæki í stað upphaflegra hluta þess, þ.m.t. vörur sem eru nauðsynlegar í ökutæki, að undanskildu eldsneyti,
- 24) „grunnökutæki“: ökutæki sem notað er á fyrsta þrepi fjölþrepa gerðarviðurkenningar,
- 25) „ófullbúið ökutæki“: ökutæki sem vantar eitt þrep hið minnsta til að geta talist fullbúið og uppfyllir viðeigandi tæknilegar kröfur þessarar tilskipunar,
- 26) „fjölþrepa fullbúið ökutæki“: ökutæki sem búið er að fara í gegnum öll þrep fjölþrepa gerðarviðurkenningar og uppfyllir allar viðeigandi tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,
- 27) „fullbúið ökutæki“: ökutæki sem þarf ekki að vera fullbúið í áföngum til að uppfylla viðeigandi tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,
- 28) „síðasta ökutæki gerðar“: ökutæki sem er hluti af birgðum sem ekki er hægt eða er ekki lengur hægt að setja á markað, skrá eða taka í notkun vegna þess að nýjar tæknilegar kröfur hafa tekið gildi sem ökutækið hefur ekki verið viðurkennt samkvæmt,
- 29) „ökutæki, sem gengur fyrir óhefðbundnu eldsneyti“: ökutæki, sem hannað er til að geta gengið fyrir a.m.k. einni eldsneytistegund sem er annaðhvort loftkennd við lofthita og loftþrýsting eða að verulegu leyti framleidd úr annarri olíu en jarðefnaolíu,
- 30) „ökutæki sem framleitt er í lítilli framleiðsluröð“: gerð ökutækis sem gert er aðgengilegt á markaði, skráð eða tekið í notkun í eintakafjölda sem fer ekki fram úr þeim árlegu magntakmörkunum sem mælt er fyrir um í V. viðauka,
- 31) „ökutæki til sérstakra nota“: ökutæki í flokki M, N eða O sem eru með tiltekna tæknilega eiginleika sem gerir kleift að framkvæma hlutverk sem þarfnast sérstaks fyrirkomulags eða búnaðar,
- 32) „gerð ökutækis“: tiltekinn hópur ökutækja sem eiga a.m.k. þau einkenni sameiginleg sem tilgreind eru í B-hluta I. viðauka, þ.m.t. hópur ökutækja sem inniheldur afbrigði og útfærslur eins og þar um getur,
- 33) „festivagn“: eftirvagn og ás eða ásar þess eru staðsettir fyrir aftan þungamiðju ökutækisins (með jafnri hleðslu) og sem er með tengibúnaði sem leyfir að láréttir og lóðréttir kraftar flytjist yfir á dráttarþreifðina,
- 34) „markaðseftirlit“: sú starfsemi sem markaðseftirlitsyfirvöld annast og þær ráðstafanir sem þau gera til að tryggja að ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar ásamt hlutum og búnaði sem boðið er fram á markaði uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í viðeigandi samþæfingarlöggjöf Sambandsins og skapi ekki hættu fyrir heilbrigði, öryggi, umhverfið né aðra þætti er varða hagsmuni almennings,
- 35) „markaðseftirlitsyfirvald“: landsyfirvald eða landsyfírvöld sem bera ábyrgð á markaðseftirliti á yfirráðasvæði aðildarríkisins,
- 36) „viðurkenningaryfirvald“: yfirvaldið eða yfirvöldin í aðildarríki sem aðildarríkið hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um og sem hefur valdsvið sem nær til allra þátta gerðarviðurkenningarinnar á ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskildri tæknieiningu, eða skráningarviðurkenningu ökutækis, sem nær til heimildarferlisins fyrir íhluti og búnað, að gefa út og, ef við á, afturkalla eða neita um viðurkenningarvottorð, að vera tengiliðurinn við viðurkenningaryfirvöldin í hinum aðildarríkjunum, að tilnefna tæknipjónustuna og að tryggja að framleiðandinn uppfylli skyldur sínar varðandi samræmi framleiðslunnar,
- 37) „landsyfirvald“: viðurkenningaryfirvald eða annað yfirvald sem kemur að og ber ábyrgð á markaðseftirliti, eftirliti á landamærum eða skráningu í aðildarríki að því er varðar ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti eða búnað,

- 38) „tækniþjónusta“: stofnun eða aðili sem er tilnefndur af viðurkenningaryfirvaldi sem prófunarstofa til að annast prófanir eða sem samræmismatsstofa til að framkvæma frummat og aðrar prófanir eða skoðanir,
- 39) „faggildingarstofa í aðildarríki“: faggildingarstofa í aðildarríki eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,
- 40) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir öllum þáttum gerðarviðurkenningarinnar á ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu, eða skráningarviðurkenningu ökutækis, eða heimildarferlisins fyrir hluta og búnað, ábyrgur fyrir samræmi framleiðslunnar og sem ber einnig ábyrgð á málefnum varðandi markaðseftirlit með því ökutæki, kerfi, íhlut og aðskildu tæknieiningu sem framleidd er, hvort sem einstaklingurinn eða lögaðilinn kemur með beinum hætti að öllum þrepum hönnunarinnar og smíði þess ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem um er að ræða,
- 41) „fulltrúi framleiðanda“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem framleiðandi útnefnir á viðeigandi hátt sem fulltrúa sinn gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu og kemur fram fyrir hans hönd í málum sem þessi reglugerð tekur til,
- 42) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem setur ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað sem er framleiddur í þriðja landi á markaðinn,
- 43) „dreifingaraðili“: söluaðili eða einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandinn eða innflytjandinn, sem býður fram ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað fram á markaðinn,
- 44) „markaðsaðili“: framleiðandi, fulltrúi framleiðanda, innflytjandi eða dreifingaraðili,
- 45) „óháður rekstraraðili“: einstaklingar eða lögaðilar aðrir en viðurkenndir seljendur eða viðgerðarverkstæði sem beint eða óbeint koma að viðgerðum og viðhaldi ökutækja, þ.m.t. viðgerðarverkstæði, framleiðendur eða dreifingaraðilar viðgerðarbúnaðar, verkfæra eða varahluta, ásamt útgefendum tækniupplýsinga, bifreiðaklúbbum, vegabjónustufyrirtækjum, rekstraraðilum sem annast eftirlits- og prófunarþjónustu, rekstraraðilum sem annast þjálfun þeirra sem annast uppsetningu, framleiðslu eða viðgerðir á búnaði fyrir ökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti; einnig viðurkennd viðgerðarverkstæði, seljendur og dreifingaraðilar innan dreifingarkerfis tiltekins ökutækjaframleiðanda ef þeir veita viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir ökutæki sem tilheyra dreifingarkerfi annars ökutækjaframleiðanda sem þeir eru ekki aðilar að,
- 46) „viðurkennt viðgerðarverkstæði“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu og sem starfar innan dreifingarkerfis framleiðandans,
- 47) „óháð viðgerðarverkstæði“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu og sem starfar ekki innan dreifingarkerfis framleiðandans,
- 48) „upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis“: allar upplýsingar, þ.m.t. allar síðari breytingar og viðbætur við þær, sem nauðsynlegar eru vegna greininga, viðhalds og skoðunar á ökutæki og undirbúnings fyrir prófun á aksturshæfni þess, viðgerða, endurstillinga eða endurfrumstillinga ökutækis eða þegar þörf er á við fjarstuðning við greiningu ökutækis, eða þegar hlutum og búnaði er komið fyrir í ökutæki, og sem framleiðandinn hefur á boðstólum fyrir viðurkennda viðgerðar- eða söluaðila eða þriðju aðila, eða sem framleiðandinn notar við viðgerðir og viðhald,
- 49) „upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis“: upplýsingar sem verða til í kerfi sem er um borð í ökutæki eða sem er tengt við hreyfil og sem getur greint bilun og, eftir atvikum, getur sent merki með viðvörunarkerfi þegar slík bilun á sér stað, getur fundið sennilegt bilunarsvæði með upplýsingum sem geymdar eru í tölvuminni og getur miðlað þeim upplýsingum utan ökutækisins eða hreyfilsins,
- 50) „að setja á markað“: að bjóða fram ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað innan Sambandsins í fyrsta sinn,
- 51) „að bjóða fram á markaði“: öll afhending ökutækis, kerfis, íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar, hluta eða búnaðar til dreifingar eða notkunar á markaði á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,
- 52) „að taka í notkun“: fyrsta notkun ökutækis, kerfis, íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar, hluta eða búnaðar í ætluðum tilgangi innan Sambandsins,

- 53) „skráning“: opinbert leyfi til að taka í notkun viðurkennt ökutæki til aksturs á vegum, en í því koma fram auðkenni þess og raðnúmer sem því er úthlutað og nefnist skráningarnúmer, hvort heldur er varanlegt eða tímabundið,
- 54) „sýndarprófunaraðferð“: tölvuhermun, þ.m.t. útreikningar sem sýna fram á að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylli tæknilegar kröfur þeirra stjórnsýslufyrirmæla sem talin eru upp í II. viðauka án þess að gerð sé krafa um að nota raunverulegt ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu,
- 55) „aðrar kröfur“: stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur sem miða að því að tryggja, eftir því sem við verður komið, sambærilegt notkunaröryggi, umhverfisvernd og öryggi á vinnustað við það sem kveðið er á um í einum eða fleiri af þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka,
- 56) „matsheimsókn“: sannprófun sem fer fram á athafnasvæði tæknipjónustu eða undirverktaka hennar eða dótturfélaga,
- 57) „matsheimsókn í eftirlitsskyni“: reglubundin, kerfisbundin matsheimsókn sem er hvorki matsheimsókn vegna fyrstu tilnefningar tæknipjónustu eða eins undirverktaka hennar eða dótturfyrirtækis né matsheimsókn vegna endurnýjunar á þeirri tilnefningu,
- 58) „framleiðsludagur ökutækisins“: sá dagur þegar framleiðslu ökutækis var lokið í samræmi við þá viðurkenningu sem framleiðandinn fékk.

4. gr.

Ökutækjaflokkar

1. Í reglugerð þessari gilda eftirtaldir ökutækjaflokkar:
- a) Flokkur M samanstendur af vélknúnum ökutækjum sem eru hönnuð og smíðuð einkum í þeim tilgangi að flytja fólk og farangur þess, skipt upp í:
- (i) Flokkur M₁: vélknúin ökutæki sem ekki eru í fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumannsins og án rýmis fyrir standandi farþega, óháð því hvort að fjöldi sæta er takmarkaður við sæti ökumannsins,
 - (ii) Flokkur M₂: vélknúin ökutæki sem í eru fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumannsins og með hámarks massa sem er ekki yfir 5 tonnum, óháð því hvort að rými er fyrir standandi farþega í þeim vélknúnu ökutækjum og
 - (iii) Flokkur M₃: vélknúin ökutæki sem í eru fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumannsins og með hámarks massa sem er yfir 5 tonnum, óháð því hvort að rými er fyrir standandi farþega í þeim vélknúnu ökutækjum,
- b) Flokkur N samanstendur af vélknúnum ökutækjum sem eru hönnuð og smíðuð einkum í þeim tilgangi að flytja vörur, skipt upp í:
- (i) Flokkur N₁: vélknúin ökutæki með hámarks massa ekki yfir 3,5 tonnum,
 - (ii) Flokkur N₂: vélknúin ökutæki með hámarks massa yfir 3,5 tonnum en ekki yfir 12 tonnum og
 - (iii) Flokkur N₃: vélknúin ökutæki með hámarks massa yfir 12 tonnum.
- c) Flokkur O samanstendur af eftirvögnum, skipt upp í:
- (i) Flokkur O₁: eftirvagnar með hámarks massa ekki yfir 0,75 tonnum
 - (ii) Flokkur O₂: eftirvagnar með hámarks massa yfir 0,75 tonnum en ekki yfir 3,5 tonnum.
 - (iii) Flokkur O₃: eftirvagnar með hámarks massa yfir 3,5 tonnum en ekki yfir 10 tonnum.
 - (iv) Flokkur O₄: eftirvagnar með hámarks massa yfir 10 tonnum.

2. Viðmiðunin fyrir flokkun ökutækja, gerðir ökutækja, afbrigði og útfærslur ökutækja er sett fram í I. viðauka.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta I. viðauka í tengslum við gerðir ökutækja og gerðir yfirbygginga þannig að tekið sé tillit til tækniframfara.

II. KAFLI

ALMENNAR SKULDBINDINGAR

5. gr.

Tæknilegar kröfur

1. Ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar skulu uppfylla kröfurnar í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.
2. Sérstaklega í eftirfarandi tilvikum skal litið á að ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar fari ekki að þessari reglugerð:
 - a) ef þau víkja frá einstökum atriðum í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðunum og fylgiskjöllum þeirra eða víkja frá lýsandi atriðum í prófunarskýrslunum um meira en það sem heimilt er í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum,
 - b) ef frammistöðuviðmiðunin eða viðmiðunarmörkin fyrir raðframleiðslu sem mælt er fyrir um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum hafa ekki verið uppfyllt samkvæmt þeim skilyrðum sem sett er fram í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum,
 - c) ef einhverjar þeirra upplýsinga sem framleiðandinn veitir í upplýsingaskjalinu eru ekki samanburðarnákvæmar samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum viðurkenningaryfirvalda, markaðseftirlitsyfirvalda eða framkvæmdastjórnarinnar.

Einungis skal taka tillit til athugana, prófana, skoðana og mats sem viðurkenningaryfirvöld, markaðseftirlitsyfirvöld eða framkvæmdastjórnin framkvæmir eða sem framkvæmd eru fyrir þeirra hönd, þegar metið er hvort að farið sé að tilskildum ákvæðum að því er varðar þessa málsgrein.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta II. viðauka í því skyni að taka tillit til tækniþróunar og þróunar á sviði reglusetningar með því að innleiða og uppfæra tilvísanir í stjórnvaldsfyrirmæli sem innihalda þær kröfur sem ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar þurfa að uppfylla.

6. gr.

Skyldur aðildarríkja

1. Aðildarríki skulu koma á fót eða tilnefna þeirra eigin viðurkenningaryfirvöld og markaðseftirlitsyfirvöld. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar þeim yfirvöldum er komið á eða þau tilnefnd.

Sú tilkynning skal innihalda heiti þeirra yfirvalda, heimilisfang þeirra, þ.m.t. netfang, ásamt ábyrgðarsviði þeirra. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá og samskiptaupplýsingar um viðurkenningaryfirvöldin og markaðseftirlitsyfirvöldin á vefsetri sínu.

Aðildarríki skulu tryggja að viðurkenningaryfirvöld þeirra og markaðseftirlitsyfirvöld fylgi algerri aðgreiningu hlutverka og ábyrgða, og að þau starfi óháð hvoru öðru. Þau yfirvöld geta verið undir sömu stofnun að því tilskildu að starfsemi þeirra lúti óháðri stjórn sem hluti af öðrum stofnunum.

2. Aðildarríki þar sem fleiri en eitt viðurkenningaryfirvald ber ábyrgð á viðurkenningu ökutækis, þ.m.t. skráningarviðurkenningu ökutækis, skal tilnefna eitt þeirra sem hefur valdsvið til að veita gerðarviðurkenningar sem það viðurkenningaryfirvald sem ber ábyrgð á upplýsingaskiptunum við viðurkenningaryfirvöldin í öðrum aðildarríkjum að því er varðar 11. gr. og sem skal uppfylla þær skyldur sem settar eru fram í XV. kafla.
3. Aðildarríki þar sem fleiri en eitt markaðseftirlitsyfirvald ber ábyrgð á markaðseftirliti skal tilnefna eitt þeirra yfirvalda sem það markaðseftirlitsyfirvald sem ber ábyrgð á upplýsingaskiptum við markaðseftirlitsyfirvöldin í öðrum aðildarríkjum í þeim tilgangi sem um getur í 11. gr.
4. Aðildarríkin skulu einungis heimila að ökutæki, íhlutir og aðskildar tæknieiningar sem fara að þessari reglugerð séu sett á markað, skráð eða tekin í notkun.
5. Aðildarríkin skulu ekki banna, takmarka eða hindra að ökutæki, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem fara að þessari reglugerð séu sett á markað, skráð eða tekin í notkun, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í XI. kafla.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar er aðildarríkjum heimilt að ákveða að leyfa ekki að nota við akstur á vegum, setja á markað, skrá eða að taka í notkun ökutæki sem hafa verið gerðarviðurkennd í samræmi við þessa reglugerð, en sem ná fram úr þeim samræmdu málum, þyngdum og álagi á ásum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun ráðsins 96/53/EB ⁽¹⁾.

6. Aðildarríki skulu skipuleggja og framkvæma markaðseftirlit og eftirlit með ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum sem koma á markaðinn, í samræmi við þessa reglugerð og við III. kafla reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

7. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að markaðseftirlitsyfirvöldin hafi rétt á, telji þau það nauðsynlegt og réttlætanlegt, að fara inn á athafnasvæði markaðsaðila á yfirráðasvæði þeirra og taka öll nauðsynleg sýni af ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum vegna samræmisprófunar.

8. Aðildarríkin skulu endurskoða og meta reglulega framkvæmd starfsemi sinnar á sviði gerðarviðurkenninga. Framkvæma skal slíkar endurskoðanir og mat a.m.k. á fjögurra ára fresti og senda skal niðurstöðurnar til framkvæmdastjórnarinnar og til gagnaskiptatorgsins vegna framkvæmdar sem um getur í 11. gr. („framkvæmdartorgið“).

Aðildarríkin skulu gera samantekt aðgengilega almenningi yfir niðurstöður reglubundinna endurskoðana og mats.

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og framkvæmdartorgið um hvernig aðildarríkin takast á við öll tilmæli sem um getur í 5. mgr. 11. gr. sem framkvæmdartorgið leggur fram.

9. Aðildarríkin skulu fara yfir og meta reglulega framkvæmd starfsemi sinnar á sviði markaðseftirlits. Framkvæma skal slíkar endurskoðanir og mat a.m.k. á fjögurra ára fresti og senda skal niðurstöðurnar til framkvæmdastjórnarinnar og til framkvæmdartorgsins.

Aðildarríkin skulu gera samantekt aðgengilega almenningi yfir niðurstöður reglubundinna endurskoðana og mats.

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og framkvæmdartorgið um hvernig aðildarríkin takast á við öll tilmæli sem um getur í 5. mgr. 11. gr. sem framkvæmdartorgið leggur fram.

10. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um sameiginlegar viðmiðanir um sniðmát fyrir tilkynningar um endurskoðanir og mat sem um getur í 8. og 9. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

7. gr.

Skyldur viðurkenningaryfirvalda

1. Viðurkenningaryfirvöld skulu aðeins viðurkenna ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem fara að þessari reglugerð.

2. Viðurkenningaryfirvöld skulu framkvæma skyldur sínar á óháðan og óhlutdrægan hátt. Þau skulu virða þagnarskyldu í því skyni að vernda viðskiptaleyndarmál, með fyrirvara um þá skuldbindingu sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 9. gr. til að gera upplýsingar aðgengilegar framkvæmdastjórninni og með fyrirvara um aðrar viðeigandi kröfur um upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins til að vernda hagsmuni notenda í Sambandinu.

Viðurkenningaryfirvöld skulu starfa saman á skilvirkan og árangursríkan hátt og skulu deila upplýsingum sem skipta máli fyrir hlutverk þeirra og starfsemi.

3. Í þeim tilgangi að gera markaðseftirlitsyfirvöldum kleift að annast eftirlit skulu viðurkenningaryfirvöld láta þeim í té þær nauðsynlegu upplýsingar sem tengjast gerðarviðurkenningu ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem falla undir sannprófanir til eftirlits með því að farið sé að tilskildum ákvæðum. Meðal þeirra upplýsinga skulu a.m.k. vera upplýsingarnar sem eru í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og fylgiskjölum þess sem um getur í 1. mgr. 28. gr. Viðurkenningaryfirvöld skulu veita markaðseftirlitsyfirvöldunum þessar upplýsingar án ástæðulausrar tafar.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksból vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu (Stjúd. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59).

4. Ef viðurkenningaryfirvald sem í samræmi við XI. kafla hefur verið upplýst um grun að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining skapi alvarlega áhættu eða að fari ekki að tilskildum ákvæðum skal viðurkenningaryfirvaldið gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að endurskoða veittu gerðarviðurkenninguna og, eftir því sem við á, leiðrétta eða afturkalla gerðarviðurkenninguna með hliðsjón af ástæðunum fyrir þeim frávikum sem sýnt er fram á og alvarleika þeirra.

8. gr.

Skyldur markaðseftirlitsyfirvalda

1. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu framkvæma reglulegar athuganir til að sannprófa að ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar uppfylli viðeigandi kröfur. Slíkar athuganir skulu vera framkvæmdar á fullnægjandi hátt með sannprófun skjala og, eftir því sem við á, með prófunum á rannsóknarstofu og prófunum á vegum sem framkvæmdar eru á grundvelli tölfræðilega marktækra sýna.

Við framkvæmd slíkra athugana skulu markaðseftirlitsyfirvöld hafa hliðsjón af:

- a) meginreglum sem hafa verið settar um áhættumat,
 - b) rökstuddum kvörtunum og
 - c) öllum öðrum viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. upplýsingaskiptum á framkvæmdartorginu og prófunarniðurstöðum sem birtar eru af viðurkenndum þriðju aðilum sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerðunum sem um getur í 10. mgr. 13. gr.
2. Með fyrirvara um 1. mgr. skulu markaðseftirlitsyfirvöld í hverju aðildarríki framkvæma a.m.k. lágmarksfjölda prófana á ökutækjum á hverju ári. Sá lágmarksfjöldi prófana í hverju aðildarríki skal vera ein prófun á hver 40000 af nýjum vélknúnum ökutækjum sem skráð eru í því aðildarríki á næstliðnu ári, en skulu ekki vera færri en fimm prófanir.

Í hverri prófun skal sannprófað að farið sé að þeim viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

3. Markaðseftirlitsyfirvöld sem framkvæma fleiri en fimm prófanir á ári skulu framkvæma a.m.k. 20% af lágmarksfjölda prófana í formi losunartengdra prófana sem eru sambærilegar gerðarviðurkenningaprófunum sem ná yfir allar viðeigandi losunartengdar kröfur um prófuðu gerðina, sem mælt er fyrir um í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

4. Markaðseftirlitsyfirvaldi í einu aðildarríki er heimilt að gera samkomulag við markaðseftirlitsyfirvald í öðru aðildarríki um að það markaðseftirlitsyfirvald í því aðildarríki framkvæmi prófanirnar sem krafist er skv. 2. og 3. mgr.

5. Markaðseftirlitsyfirvaldi í aðildarríki er heimilt að gera samkomulag við framkvæmdastjórnina um að framkvæmdastjórnin framkvæmi prófanir sem krafist er skv. 3. mgr. á kostnað þess aðildarríkis. Allar prófanir sem framkvæmdar eru samkvæmt þessari málsgrein skulu teknar með í reikninginn hvað varðar þann lágmarksfjölda prófana sem krafist er samkvæmt 2. mgr.

6. Árlega skal hvert aðildarríki útbúa heildstætt yfirlit yfir það markaðseftirlit sem aðildarríkið hefur í hyggju sem skal leggja fyrir framkvæmdartorgið eigi síðar en 1. mars.

7. Á tveggja ára fresti skal hvert aðildarríki taka saman skýrslu um niðurstöður sínar eftir allar sannprófanir til eftirlits með því að farið sé að tilskildum ákvæðum sem aðildarríkið hefur framkvæmt á næstliðnum tveimur árum. Þá skýrslu skal leggja fyrir framkvæmdartorgið eigi síðar en 30. september eftir að tveggja ára tímabilinu, sem skýrslan tekur til, lýkur.

8. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu krefja markaðsaðila um að láta þeim í té þau gögn, upplýsingar og aðrar tækniforskriftir, þ.m.t. aðgengi að hugbúnaði og reikniritum, sem yfirvöldin líta á að sé nauðsynlegt í þeim tilgangi að annast starfsemi á sviði markaðseftirlitsins.

9. Varðandi gerðarviðurkennd ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar ættu markaðseftirlitsyfirvöld að taka tilhlýðilegt tillit til samræmisvottorða, gerðarviðurkenningarmerkja eða gerðarviðurkenningavottorða sem markaðsaðilar leggja fram.

10. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að vara við notendur á yfirráðasvæðum aðildarríkja þeirra, innan fullnægjandi tímaramma, um hættur sem þau eða framkvæmdastjórnin hafa auðkennt í tengslum við hvers konar ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu til að koma í veg fyrir eða draga úr áhættunni á áverka eða öðrum skaða, þ.m.t. með því að gera slíkar upplýsingar aðgengilegar á vefsetri markaðseftirlitsyfirvaldsins.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu starfa með markaðsaðilum varðandi aðgerðir sem ættu að koma í veg fyrir eða draga úr þeirri áhættu sem skapast af ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum sem þeir markaðsaðilar hafa boðið fram á markaði.

11. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki ákveða að taka ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu af markaði, í samræmi við XI. kafla, skulu þau upplýsa viðkomandi markaðsaðila og viðeigandi viðurkenningaryfirvaldi um það.

12. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu framkvæma skyldur sínar á óháðan og óhlutdrægan hátt. Þau skulu virða þagnarskyldu í því skyni að vernda viðskiptaleyndarmál, með fyrirvara um þá skuldbindingu sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 9. gr. til að gera upplýsingar aðgengilegar framkvæmdastjórninni og með fyrirvara um aðrar viðeigandi kröfur um upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins til að vernda hagsmuni notenda í Sambandinu.

13. Markaðseftirlitsyfirvöld í mismunandi aðildarríkjum skulu samræma starfsemi þeirra á sviði markaðseftirlits, vinna saman og deila árangri þeirrar starfsemi með hvert öðru og með framkvæmdartorginu. Eftir því sem við á skulu markaðseftirlitsyfirvöld vera einhuga um verkdeilingu og sérhæfingu.

14. Ef fleiri en eitt yfirvald í aðildarríki ber ábyrgð á markaðseftirliti og eftirliti á ytri landamærum skulu þessi yfirvöld vinna saman á skilvirkan og árangursríkan hátt og skulu deila upplýsingum sem skipta máli fyrir hlutverk þeirra og starfsemi.

15. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sameiginlegar viðmiðanir til að koma á fullnægjandi umfangi sannprófana til eftirlits með því að farið sé að tilskildum ákvæðum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og þar sem mælt er fyrir um sameiginlegar viðmiðanir um sniðmát fyrir yfirlitið og gagnaskilin sem um getur, eftir því sem við á, í 6. og 7. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

9. gr.

Sannprófun framkvæmdastjórnarinnar á að farið sé að tilskildum ákvæðum

1. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja og framkvæma, á eigin kostnað, sannprófanir og skoðanir til að prófa að ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar uppfylli viðeigandi kröfur.

Framkvæma skal prófanirnar og skoðanirnar m.a. með prófunum á rannsóknarstofu og prófunum á vegum á grundvelli tölfræðilega marktækra sýna og bæta skal við þær með sannprófun skjala.

Við framkvæmd slíkra prófana og skoðana skal framkvæmdastjórnin hafa hliðsjón af:

- a) meginreglum sem hafa verið settar um áhættumat,
- b) rökstuddum kvörtunum og
- c) öllum öðrum viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. upplýsingaskiptum á framkvæmdartorginu, prófunarniðurstöðum sem birtar eru af viðurkenndum þriðju aðilum sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerðunum sem um getur í 10. mgr. 13. gr., upplýsingum um nýja tækni á markaðnum og skýrslum sem leiða af fjarkönnun á vegum.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að fela tækniþjónustum framkvæmd prófana eða skoðana og í því tilviki skal tækniþjónustan koma fram fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar. Ef framkvæmdastjórnin felur tækniþjónustum framkvæmd prófana eða skoðana, að því er varðar þessa grein, skal framkvæmdastjórnin tryggja að sú tækniþjónusta sem er notuð sé ekki sama tækniþjónustan sem framkvæmdi upphaflegu gerðarviðurkenningarprófunina.

Þær prófanir og skoðanir mega vera framkvæmdar:

- a) á nýjum ökutækjum sem framleiðendur eða aðrir markaðsaðilar leggja fram, eins og kveðið er á um í 2. mgr.,
- b) á skráðum ökutækjum með samþykki handhafa skráningarvottorðs ökutækisins.

2. Sé óskað eftir því skulu framleiðendur eða aðrir markaðsaðilar sem eru handhafar gerðarviðurkenninga láta framkvæmdastjórninni í té, gegn sanngjörnum bótum, tölfræðilega marktækan fjölda raðsmíðaðra ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem framkvæmdastjórnin velur og sem eru dæmigerð fyrir þau ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem tiltæk eru til að setja á markað með þeirri gerðarviðurkenningu. Slík ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar skulu afhent til prófunar á þeim tíma og stað og á því tímabili sem krafist er af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.

3. Áður en framkvæmdastjórnin framkvæmir sínar prófanir og skoðanir skal hún tilkynna um þær til aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenninguna og til aðildarríkisins þar sem ökutækið, kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin var boðin fram á markaði.

Aðildarríkin skulu vinna saman með framkvæmdastjórninni þegar framkvæmdastjórnin framkvæmir prófanirnar og skoðanirnar.

4. Í þeim tilgangi að gera framkvæmdastjórninni kleift að annast prófanir og eftirlit samkvæmt þessari grein skulu aðildarríki án ástæðulausrar tafar láta henni í té þær nauðsynlegu upplýsingar sem tengjast gerðarviðurkenningunni á þeim ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem falla undir sannprófun á að farið er að tilskildum ákvæðum. Meðal þeirra upplýsinga skulu a.m.k. vera upplýsingarnar sem eru í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og fylgiskjölum þess, sem um getur í 1. mgr. 28. gr.

5. Framleiðendur skulu gera aðgengileg fyrir framkvæmdastjórnina, án endurgjalds og án ástæðulausrar tafar, öll gögn sem eru nauðsynleg í þeim tilgangi að sannprófa það að farið er að tilskildum ákvæðum og sem eru ekki aðgengileg í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og fylgiskjölum þess, sem um getur í 1. mgr. 28. gr.

Slík gögn skulu innihalda alla mælipætti og allar stillingar sem þörf er á til að líkja nákvæmlega eftir prófunarskilyrðunum sem voru í gildi þegar gerðarviðurkenningarprófunin var framkvæmd. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem tilgreina þau gögn sem gera á aðgengileg, með fyrirvara um vernd viðskiptaleyndarmála og varðveislu persónuupplýsinga samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal hefja ferlið sem mælt er fyrir um í 53. og 54. gr., komist hún að því að ökutækin, kerfin, íhlutirnir eða aðskilda tæknieiningarnar uppfylli ekki þær gerðarviðurkenningarkröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og komist hún að því að ökutækin, kerfin, íhlutirnir eða aðskilda tæknieiningarnar uppfylli ekki gerðarviðurkenninguna eða að gerðarviðurkenningin hafi verið veitt á grundvelli rangra gagna.

Ef prófanirnar og skoðanirnar gefa tilefni til efasemda um réttleika sjálfrar gerðarviðurkenningarinnar skal framkvæmdastjórnin án tafar tilkynna hlutaðeigandi viðurkenningaryfirvaldi eða viðurkenningaryfirvöldum ásamt framkvæmdartorginu.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðeigandi viðurkenningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum til þess að þau geri viðeigandi ráðstafanir til að vara við notendur í Sambandinu, innan fullnægjandi tímaramma, um öll tilvik þar sem framkvæmdastjórnin hefur auðkennt að ekki er farið að tilskildum ákvæðum í tengslum við hvers konar ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu til að koma í veg fyrir eða draga úr áhættunni á áverka eða öðrum skaða.

Framkvæmdastjórnin skal gera aðgengilega öllum skýrslu um niðurstöður sínar í kjölfar allra sannprófana á samræmi sem hún hefur framkvæmt og skal senda aðildarríkjunum og framkvæmdartorginu niðurstöður sínar. Sú skýrsla skal innihalda upplýsingar um þau ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildu tæknieiningar sem voru metin og upplýsingar um hlutaðeigandi framleiðanda, ásamt stuttri lýsingu á niðurstöðunum, þ.m.t. eðli þeirra tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, ef einhver eru.

10. gr.

Mat framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja og framkvæma mat á þeim verklagsreglum sem komið er á fót af viðurkenningaryfirvöldum sem hafa veitt ESB-gerðarviðurkenningar á þeim fimm árum sem eru undanfarandi matinu, sérstaklega á verklagsreglunum við veitingu gerðarviðurkenninga, við framkvæmd samræmismats og við tilnefningu og vöktun á tækniþjónustum. Slík mat skal fela í sér úttekt með slembiúrtaki á samræmi veittra gerðarviðurkenninga við gildandi kröfur sem um getur í c-lið 2. mgr. 26. gr. á þeim fimm árum sem eru undanfarandi matinu.

2. Matið skal miða að því að aðstoða viðurkenningaryfirvöldin sem veita ESB-gerðarviðurkenningar til að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar og til að deila bestu starfsvenjum.

3. Framkvæma skal matið í samræmi við lög viðkomandi aðildarríkis, að teknu tilhlýðilegu tilliti til réttinda viðkomandi yfirvalda og skal það vera í samræmi við meðalhófsregluna. Framkvæmdastjórnin skal sinna skyldum sínum á óháðan og óhlutdrægan hátt og skal virða þagnarskyldu í því skyni að vernda viðskiptaleyndarmál í samræmi við gildandi lög. Framkvæmdastjórnin skal bera kostnaðinn vegna slíks mats.

4. Viðkomandi viðurkenningaryfirvöld skulu greiða fyrir matinu með því að vinna með framkvæmdastjórninni og að veita henni alla nauðsynlega aðstoð og láta henni í té öll nauðsynleg skjöl.

5. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að starfsfólkið sem tekur þátt í matinu sé nægilega hæft og fái fullnægjandi leiðbeiningar. Framkvæmdastjórnin skal nægilega löngu áður en matið fer fram, upplýsa aðildarríkin og viðkomandi viðurkenningaryfirvöld um á hvaða degi matið á að hefjast ásamt deili á því starfsfólki sem á að framkvæma matið. Matið sem fram fer á athafnasvæði viðkomandi viðurkenningaryfirvalds skal að öllu jöfnu ekki vara lengur en tvo daga og skal ekki í neinum tilvikum vara lengur en þrjá daga.

6. Hvert það viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt a.m.k. eina ESB-gerðarviðurkenningu á fimm ára tímabili skal metið einu sinni af framkvæmdastjórninni á því tímabili.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur matið á viðurkenningaryfirvaldi átt sér stað sjaldnar ef framkvæmdastjórnin telur að fyrsta matið á því yfirvaldi sýni fram á að verklagsreglurnar sem komið hefur verið á tryggi skilvirka beitingu þessarar reglugerðar, að teknu tilliti til hversu umfangsmiklar og víðtækar veittar ESB-gerðarviðurkenningar eru.

7. Framkvæmdastjórnin skal senda framkvæmdartorginu niðurstöðuna úr matinu, þ.m.t. öll tilmæli, og skal gera samantekt á niðurstöðunni aðgengilega öllum. Framkvæmdartorgið skal kanna niðurstöðu matsins.

8. Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og framkvæmdartorgið um hvernig aðildarríkin takast á við öll tilmæli sem eru í niðurstöðu matsins.

9. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til athugunarefna framkvæmdartorgsins skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir um sameiginlegar viðmiðanir til að ákvarða umfangið á og aðferðafræðina við matið, samsetningu matshópsins, matsáætlunina sem nær yfir a.m.k. fimm ára tímabil og við hvaða sérstöku skilyrði má draga úr því hversu oft slíkt mat fer fram. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

11. gr.

Gagnaskiptatorg vegna framkvæmdar

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót, veita forstöðu og stýra gagnaskiptatorgi vegna framkvæmdar („framkvæmdartorgið“).

Framkvæmdartorgið skal samanstanda af fulltrúum sem hvert aðildarríki tilnefnir fyrir hönd viðurkenningaryfirvalda og markaðseftirlitsyfirvalda þeirra.

Þjóða má tækniþjónustum, viðurkenndum þriðju aðilum sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeim framkvæmdargerðum sem um getur í 10. mgr. 13. gr., fulltrúum Evrópuþingsins, iðnaðarins og viðkomandi markaðsaðila, ásamt hagsmunaaðilum sem koma að öryggis- og umhverfismálum, hvenær sem við á, að sækja framkvæmdartorgið sem áheyrnarfulltrúar í samræmi við starfsreglurnar sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar.

Markmiðið með ráðgjafaverkefnum framkvæmdartorgsins skal vera það að ýta undir bestu starfsvenjur til að auðvelda samræmda túlkun og framkvæmd þessarar reglugerðar, upplýsingaskipti um vandkvæði samfara framfylgd, samvinnu einkum hvað varðar mat, tilnefningu og vöktun á tækniþjónustum, þróunina á starfsaðferðum og verkfærum, þróunina á verklagsreglum um rafræn upplýsingaskipti og matið á samræmdum framfylgdarverkefnum og viðurlögum.

2. Framkvæmdartorgið skal taka til athugunar:

- málefni sem tengjast samræmdri túlkun á þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka við framkvæmd á þeim kröfum,
- árangur þeirrar starfsemi sem varðar gerðarviðurkenningu og markaðseftirlit sem aðildarríki framkvæma í samræmi við 8. og 9. mgr. 6. gr.,
- niðurstöður prófana og skoðana sem framkvæmdastjórnin framkvæmir í samræmi við 9. gr.,
- það mat sem framkvæmdastjórnin framkvæmir í samræmi við 10. gr.,
- prófunarskýrslur, lagðar fram af viðurkenndum þriðju aðilum sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeim framkvæmdargerðum sem um getur í 10. mgr. 13. gr., varðandi að hugsanlega sé ekki farið að tilskildum ákvæðum,
- árangur starfseminnar á sviði samræmi framleiðslu sem viðurkenningaryfirvöld annast í samræmi við 31. gr.,

- g) þær upplýsingar sem aðildarríki leggja fram skv. 6. mgr. 67. gr. um aðferðir þeirra við mat, tilnefningu og tilkynningu tækniþjónustna og við vöktun á tækniþjónustum,
 - h) málefni sem skipta almennt máli að því er varðar framkvæmd á þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í tengslum við mat, tilnefningu og vöktun á tækniþjónustum í samræmi við 10. mgr. 67. gr. og 4. mgr. 78. gr.,
 - i) brot markaðsaðila,
 - j) framkvæmd ráðstafana til úrbóta eða takmarkandi ráðstafana sem mælt er fyrir um í XI. kafla,
 - k) áætlanagerð, samræmingu og árangur starfsemi á sviði markaðseftirlits,
 - l) málefni varðandi aðgengi að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis sem sett eru fram í XIV. kafla og einkum málefni varðandi framkvæmd verklagsreglnanna sem komið er á fót skv. 65. gr.
3. Á grundvelli þeirra skýrsla sem aðildarríki leggja fram í samræmi við 7. mgr. 8. gr. skal framkvæmdastjórnin gera yfirlitsskýrslu um starfsemi á sviði markaðseftirlits aðgengilega öllum annað hvert ár.
4. Framkvæmdastjórnin skal árlega leggja samantekt yfir starfsemi framkvæmdartorgsins fyrir Evrópuþingið.
5. Framkvæmdartorginu er heimilt að láta í ljós álit eða gefa út tilmæli sem hluta af ráðgjafaverkefnum þess og að teknu tilliti til athugunarefnanna samkvæmt 2. mgr.
- Framkvæmdartorgið skal gera sitt ýrasta til að ná samstöðu þegar látið er í ljós álit eða gefin eru út tilmæli. Ef ekki er hægt að ná neinni slíkri samstöðu skal framkvæmdartorgið láta í ljós álit sitt eða gefa út tilmæli sín með einföldum meirihluta aðildarríkjanna. Hvert aðildarríki fer með eitt atkvæði. Aðildarríki með ólíka afstöðu geta farið þess á leit að afstaða þeirra og grundvöllurinn sem hún byggist á séu skráð í álit eða tilmælum framkvæmdartorgsins.
6. Framkvæmdastjórnin skal taka tilhlýðilegt tillit til þeirra álita sem framkvæmdartorgið lætur í ljós í samræmi við 5. mgr.
7. Framkvæmdartorgið setur sér starfsreglur.

12. gr.

Gagnaskipti á Netinu

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu nota sameiginlega örugga kerfið til rafrænna upplýsingaskipta sem um getur í 27. gr. fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorð og fylgiskjöl þeirra sem um getur í 1. mgr. 28. gr., þ.m.t. fyrir allar prófunarskýrslur ásamt breytingum, synjunum eða afturköllunum á nokkurri ESB-gerðarviðurkenningu.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu nota kerfi Bandalagsins fyrir skjót skipti á upplýsingum (RAPEX), sem komið er á fót skv. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB ⁽¹⁾, og upplýsinga- og fjarskiptakerfið um markaðseftirlit (ICSMS), sem komið er á fót skv. reglugerð (EB) nr. 765/2008, fyrir markaðseftirlit, innköllun og aðra viðeigandi starfsemi milli markaðseftirlitsyfirvalda, aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar.

2. Frá 5. júlí 2026 skulu aðildarríki gera aðgengilegt öllum með verksmiðjunúmeri ökutækis samræmisvottorðið fyrir hvert ökutæki sem formföst gögn á rafrænu formi í sameiginlega örugga kerfinu til rafrænna upplýsingaskipta, í samræmi við 37. gr.

Frá 5. júlí 2026 skulu aðildarríki gera aðgengilegt öllum upplýsingarnar í samræmisvottorðinu fyrir hvert ökutæki, að undanskildum verksmiðjunúmerum ökutækja, sem formföst gögn á rafrænu formi í sameiginlega örugga kerfinu til rafrænna upplýsingaskipta, í samræmi við 37. gr.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem komið er á sniðinu og viðmiðununum fyrir almennum aðgangi að þeim upplýsingum sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru (Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4).

3. Framkvæmdastjórnin skal grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að koma á tengingu milli sameiginlega örugga kerfisins til rafræna upplýsingaskipta, sem um getur í 27. gr., kerfi Bandalagsins fyrir skjót skipti á upplýsingum og upplýsinga- og fjarskiptakerfisins um markaðseftirlit, í því skyni að auðvelda starfsemi á sviði markaðseftirlits og tryggja samræmingu, samkvæmni og nákvæmni þeirra upplýsinga sem veittar eru neytendum og þriðju aðilum.

4. Aðildarríki skulu nota sameiginlega örugga kerfið til rafræna upplýsingaskipta sem um getur í 27. gr. til að útbúa skrá, aðgengilega öllum frá og með 1. september 2022, yfir þær ESB-gerðarviðurkenningar sem þau hafa veitt, breytt, neitað um eða afturkallað fyrir ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar, ásamt skrá yfir þær tækniþjónustur sem hafa framkvæmt prófanirnar fyrir viðeigandi ESB-gerðarviðurkenningar.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem komið er á sniðinu og viðmiðunum fyrir almennum aðgangi að þeim upplýsingum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal þróa úrræði til að gera aðgengilegar almenningi prófunarniðurstöður og kvartanir varðandi frammistöðu ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga frá viðurkenndum þriðju aðilum sem uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerðunum sem um getur í 10. mgr. 13. gr.

13. gr.

Almennar skyldur framleiðenda

1. Framleiðendur skulu tryggja að ökutækin, kerfin, íhlutirnir og aðskildu tæknieiningarnar sem þeir hafa framleitt og sem sett eru á markað hafi verið framleidd og viðurkennd í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, þá sérstaklega í samræmi við kröfurnar í 5. gr.

2. Framleiðendur skulu vera ábyrgir gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu fyrir öllum þáttum viðurkenningaraðferðarinnar svo og fyrir samræmi framleiðslunnar.

Þegar um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu skulu framleiðendur einnig vera ábyrgir fyrir viðurkenningu og samræmi framleiðslu þeirra kerfa, íhluta eða aðskildu tæknieininga sem þeir hafa bætt við á smíðaðþrepi ökutækisins. Framleiðendur sem breyta íhlutum, kerfum eða aðskildum tæknieiningum sem þegar hafa verið samþykkt á fyrri þrepum, skulu ábyrgir fyrir gerðarviðurkenningunni og samræmi framleiðslu þessara breyttu íhluta, kerfa eða aðskildu tæknieininga. Framleiðendur á fyrra þrepi skulu leggja fram upplýsingar til framleiðenda á síðari þrepum varðandi hvers konar breytingu sem getur haft áhrif á gerðarviðurkenningu íhlutar, gerðarviðurkenningu kerfis eða gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar eða á heildargerðarviðurkenningu ökutækis. Slíkar upplýsingar skal veita um leið og nýja rýmkunin á heildargerðarviðurkenningu ökutækis hefur verið veitt og eigi síðar en á fyrsta framleiðsludegi ófullbúna ökutækisins.

3. Framleiðendur sem breyta ófullbúnu ökutæki með þeim hætti að það fari í annan ökutækjaflokk, með þeim afleiðingum að kröfurnar sem þegar hafa verið metnar á fyrra gerðarviðurkenningarstigi breytast, skulu einnig bera ábyrgð á að kröfurnar sem eiga við flokkinn sem breytta ökutækið er í séu uppfylltar.

4. Að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu á ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum skal framleiðandi með staðfestu utan Sambandsins tilnefna einn fulltrúa með staðfestu í Sambandinu sem fulltrúa sinn í samskiptum sínum við viðurkenningaryfirvaldið. Framleiðandinn skal einnig tilnefna einn fulltrúa með staðfestu innan Sambandsins fyrir markaðseftirlit, sem getur verið sami fulltrúinn og sá sem tilnefndur er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu.

5. Framleiðendur skulu sjá til þess að ökutæki þeirra, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar séu ekki hönnuð fyrir áætlanir eða aðrar aðferðir sem breyta frammistöðunni sem kemur fram meðan á prófun stendur þannig að þau fari ekki að þessari reglugerð þegar þau eru notuð við aðstæður sem búast má við með sanngjörnum hætti í venjulegri notkun.

6. Framleiðendur skulu koma á fót verklagsreglum til að tryggja að raðframleiðsla ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga samræmist áfram viðurkenndu gerðinni.

7. Framleiðendur skulu rannsaka allar kvartanir sem þeir fá varðandi áhættu, atvik sem grunur er um eða tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í tengslum við þau ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildu tæknieiningar, hluti eða búnað sem þeir hafa sett á markað.

Framleiðendur skulu halda skrá yfir slíkar kvartanir, þ.m.t. lýsingu á vandamálinu fyrir hverja kvörtun og þær upplýsingar sem þörf er á til að auðkenna nákvæmlega viðkomandi gerð ökutækis, kerfis, íhlutar, aðskildu tæknieiningar, hluta eða búnaðar, og ef um er að ræða rökstuddar kvartanir skulu framleiðendur upplýsa dreifingaraðila og innflytjendur sína um slíkt.

8. Til viðbótar við lögboðna merkiplötu sem framleiðendur festa á ökutæki sín og gerðarviðurkenningarmerki sem þeir festa á íhluti sína eða aðskildar tæknieiningar í samræmi við 38. gr., skulu þeir tilgreina nafn, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang sitt í Sambandinu þar sem ná má í þá, á ökutækjum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem þeir setja á markað eða, ef það er ekki mögulegt, á pakkningum eða í skjölum sem fylgja íhlut eða aðskilinni tæknieiningu.

9. Framleiðendur skulu sjá til þess að á meðan ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru á þeirra ábyrgð ógni geymslu- eða flutningsskilyrði ekki samræmi þeirra við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

10. Án þess að hafa áhrif á ákvæði 5. mgr. 9. gr. og með fyrirvara um vernd viðskiptaleyndarmála og varðveislu persónu-upplýsinga skv. lögum Sambandsins og landslögum skulu framleiðendur gera aðgengileg gögn sem nauðsynleg eru þriðju aðilum til að framkvæma prófanir á að hugsanlega sé ekki farið að tilskildum ákvæðum, þ.m.t. mæliþætti og stillingar sem eru nauðsynleg til að líkja nákvæmlega eftir prófunarskilyrðunum sem voru í gildi þegar gerðarviðurkenningarprófunin var framkvæmd.

Að því er varðar fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir sem tilgreina þau gögn sem á að gera aðgengileg án endurgjalds, ásamt þeim kröfum sem þriðju aðilar eiga að uppfylla til að sýna fram á að þeir hafi lögmdæta hagsmunir á sviði almannaoðryggis eða umhverfisverndunar og að þeir notist við viðunandi prófunar-aðstöðu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

14. gr.

Skyldur framleiðenda varðandi ökutæki þeirra, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti og búnað sem uppfylla ekki kröfur um samræmi eða sem fela í alvarlega áhættu

1. Ef ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hlutar eða búnaður sem settur hefur verið á markað eða sem tekinn hefur verið í notkun er ekki í samræmi við þessa reglugerð eða ef gerðarviðurkenningin hefur verið veitt á grundvelli rangra gagna skal framleiðandinn tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem þörf er á til að færa ökutækið, kerfið, íhlutinn, aðskildu tæknieininguna, hlutana eða búnaðinn til samræmis við reglugerðina eða afturkalla það af markaði eða innkalla eins og við á.

Framleiðandinn skal tafarlaust senda tilkynningu til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti gerðarviðurkenninguna þar sem fram koma upplýsingar í smáatriðum um ósamræmið og um allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

2. Ef ökutækið, kerfið, íhluturinn, aðskilda tæknieiningin, hlutarnir eða búnaðurinn skapar alvarlega áhættu skal framleiðandinn tafarlaust veita viðurkenningaryfirvöldunum og markaðseftirlitsyfirvöldunum nákvæmar upplýsingar um þá áhættu og um allar ráðstafanir sem gripið hefur verið til vegna hennar.

3. Framleiðendur skulu varðveita ESB-gerðarviðurkenningarvottorðin og fylgiskjöl þeirra sem um getur í 1. mgr. 28. gr. í 10 ár eftir lok gildistíma ESB-gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki og í fimm ár eftir lok gildistíma ESB-gerðarviðurkenningar fyrir kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu.

Í 10 ár frá framleiðsludegi ökutækisins skulu framleiðendur ökutækis hafa tiltæk fyrir viðurkenningaryfirvöld afrit af þeim samræmisvottorðum sem um getur í 36. gr.

4. Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsyfirvaldi eða framkvæmdastjórninni, skulu framleiðendur afhenda því yfirvaldi eða framkvæmdastjórninni, í gegnum viðurkenningaryfirvald, eintak af ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu eða heimildinni sem um getur í 1. mgr. 55. gr. sem sýnir fram á að ökutækið, kerfið, íhluturinn, aðskilda tæknieiningin, hlutarnir eða búnaðurinn samræmist kröfum, á tungumáli landsbundna yfirvaldsins eða framkvæmdastjórnarinnar.

Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsyfirvaldi skulu framleiðendur vinna saman með því yfirvaldi að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til, í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, í því skyni að útiloka áhættu sem ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður sem þeir hafa sett á markað, hefur í för með sér.

15. gr.

Skyldur fulltrúa framleiðanda

1. Fulltrúi framleiðanda skal inna af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu frá framleiðandanum. Þetta umboð skal a.m.k. kveða á um að fulltrúinn:
 - a) hafi aðgang að ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og fylgiskjöllum þess sem um getur í 1. mgr. 28. gr. ásamt aðgangi að samræmisvottorðinu á einu af opinberum tungumálum Sambandsins; slík gögn skal gera aðgengileg viðurkenningar-yfirvaldinu og markaðseftirlitsyfirvöldunum í 10 ár eftir lok gildistíma ESB-gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki og í fimm ár eftir lok gildistíma ESB-gerðarviðurkenningar fyrir kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu,
 - b) afhendi viðurkenningaryfirvaldi, gegn framvísun rökstuddrar beiðni frá því yfirvaldi, allar upplýsingar, öll gögn og allar aðrar tækniforskriftir, þ.m.t. aðgang að hugbúnaði og reikniritum, sem þörf er á til að sýna fram á samræmi framleiðslu á ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu,
 - c) eigi samstarf við viðurkenningaryfirvöldin eða markaðseftirlitsyfirvöldin, að beiðni þeirra, um allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að uppræta þá alvarlegu áhættu sem skapast af ökutækjum, kerfum, íhlutum, aðskildum tæknieiningum, hlutum eða búnaði sem falla undir það umboð,
 - d) upplýsi framleiðandann þegar í stað um kvartanir og skýrslur sem varða áhættu, atvik sem grunur er um eða tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í tengslum við ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti eða búnað sem falla undir það umboð,
 - e) hafi rétt til að fella umboðið úr gildi án viðurlaga ef framleiðandinn fer í bága við skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.
2. Fulltrúi framleiðanda sem fellir umboðið úr gildi á grundvelli ástæðnanna sem um getur í e-lið 1. mgr. skal án tafar tilkynna það bæði til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti gerðarviðurkenninguna og til framkvæmdastjórnarinnar.

Þær upplýsingar sem leggja skal fram skulu innihalda a.m.k.:

- a) dagsetningu uppsagnar umboðsins,
- b) til hvaða dags megi tilgreina fráfaramandi fulltrúa framleiðanda í upplýsingum sem framleiðandi lætur í té, þ.m.t. öllu kynningarefni,
- c) skjalaflutning, þ.m.t. trúnaðarkvaðir og eignarréttur,
- d) skyldur fulltrúa fráfaramandi framleiðandans eftir lok umboðsins til að áframsenda til framleiðanda eða fulltrúa framleiðandans sem við tekur allar kvartanir og skýrslur um áhættu og atvik sem grunur er um varðandi ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað sem falla undir tilnefningu fulltrúa fráfaramandi framleiðandans sem hans fulltrúa.

16. gr.

Skyldur innflytjenda

1. Innflytjendur skulu einungis setja á markað þau ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem fara að þessari reglugerð.
2. Áður en að gerðarviðurkennt ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining er sett á markað skal innflytjandi sannprófa að það falli undir gilt ESB-gerðarviðurkenningarvottorð og að kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin hafi það gerðarviðurkenningarmerki sem krafist er og uppfylli kröfur 8. mgr. 13. gr.

Ef um er að ræða ökutæki skal innflytjandi sannprófa að því fylgi það samræmisvottorð sem krafist er.

3. Ef að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar, og er einkum ekki í samræmi við gerðarviðurkenningu skulu innflytjendur ekki setja ökutækið, kerfið, íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna á markað, heimila notkun þeirra eða skráningu fyrr en samræmi við kröfur hefur verið tryggt.

4. Ef alvarleg áhætta skapast af ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hluta eða búnaði skulu innflytjendur ennfremur tilkynna um það til framleiðanda og markaðseftirlitsyfirvalda. Fyrir ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar með gerðarviðurkenningu skulu innflytjendur einnig tilkynna það til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti gerðarviðurkenninguna.
5. Innflytjendur skulu tilgreina nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem ná má í þá, á ökutækinu, íhlutnum, aðskildu tæknieiningunni, hlutanum eða búnaðinum eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðunum eða í skjali sem þeim fylgja.
6. Innflytjendur skulu tryggja að ökutækinu, kerfinu, íhlutnum eða aðskildu tæknieiningunni fylgi leiðbeiningar og upplýsingar, eins og krafist er í 59. gr., á opinberu tungumáli eða tungumálum hlutaðeigandi aðildarríkis.
7. Til að vernda heilsu og öryggi neytenda skulu innflytjendur halda skrá yfir kvartanir og innkallanir varðandi ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti eða búnað sem þeir hafa sett á markað og skulu upplýsa dreifingaraðila sína um slíkar kvartanir og innkallanir.
8. Innflytjendur skulu tafarlaust upplýsa viðeigandi framleiðanda um allar kvartanir sem þeir hafa fengið varðandi áhættu, atvik sem grunur er um eða tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í tengslum við þau ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildu tæknieiningar, hluti eða búnað sem þeir hafa sett á markað.
9. Innflytjendur skulu sjá til þess að á meðan ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru á þeirra ábyrgð ógni geymslu- eða flutningsskilyrði ekki samræmi þeirra við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

17. gr.

Skyldur innflytjenda varðandi ökutæki þeirra, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti og búnað sem uppfylla ekki kröfur um samræmi eða sem fela í alvarlega áhættu

1. Ef ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hlutar eða búnaður sem innflytjendur hafa sett á markað er ekki í samræmi við þessa reglugerð skulu innflytjendurnir tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem þörf er á til að færa ökutækið, kerfið, íhlutinn, aðskildu tæknieininguna, hlutana eða búnaðinn til samræmis við reglugerðina, undir umsjón framleiðandans, eða afturkalla það af markaði eða innkalla eins og við á. Innflytjendur skulu tilkynna framleiðandanum og viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna.

2. Ef alvarleg áhætta skapast af ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hlutum eða búnaði sem sett hefur verið á markað skulu innflytjendur tafarlaust veita framleiðendum og viðurkenningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum nákvæmar upplýsingar um þá alvarlegu áhættu.

Innflytjendur skulu einnig tilkynna viðurkenningaryfirvöldunum og markaðseftirlitsyfirvöldunum um allar aðgerðir sem gripið er til og veita upplýsingar, einkum um alvarlegu áhættuna sem og allar ráðstafanir sem framleiðandinn hefur gripið til.

3. Í 10 ár eftir lok gildistíma ESB-gerðarviðurkenningar á ökutæki og í fimm ár eftir lok gildistíma ESB-gerðarviðurkenningarinnar á kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu skulu innflytjendur varðveita afrit af ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og fylgiskjölunum þess, sem um getur í 1. mgr. 28. gr., og skulu tryggja að hægt sé að gera þau aðgengileg viðurkenningaryfirvaldinu og markaðseftirlitsyfirvöldunum að fenginni beiðni.

4. Innflytjendur skulu, í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsyfirvaldi, afhenda því yfirvaldi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylli kröfur, á tungumáli þess yfirvalds.

Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsyfirvaldi skulu innflytjendur vinna saman með því yfirvaldi að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til, í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, í því skyni að útiloka áhættu sem ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður sem þeir hafa sett á markað, hefur í för með sér.

18. gr.

Skyldur dreifingaraðila

1. Áður en ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining er boðin fram á markaði skulu dreifingaraðilar sannprófa að ökutækið, kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin hafi þá lögboðnu merkiplötu eða gerðarviðurkenningarmerki sem gerð er krafa um, að þeim fylgi þau skjöl sem krafist er sem og leiðbeiningar og öryggisupplýsingar, eins og krafist er í 59. gr., á opinberu tungumáli eða tungumálum viðeigandi aðildarríkisins og að innflytjandinn og framleiðandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í annars vegar 8. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 16. gr. hins vegar.
2. Dreifingaraðilar skulu tafarlaust upplýsa viðeigandi framleiðanda um allar kvartanir sem þeir hafa fengið varðandi áhættu, atvik sem grunur er um eða tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum varðandi ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildu tæknieiningar, hluti eða búnað sem þeir hafa boðið fram á markaði.
3. Dreifingaraðilar skulu sjá til þess að á meðan ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskildar tæknieiningar eru á þeirra ábyrgð ógni geymslu- eða flutningsskilyrði ekki samræmi þeirra við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

19. gr.

Skyldur dreifingaraðila varðandi ökutæki þeirra, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti og búnað sem uppfylla ekki kröfur um samræmi eða sem fela í alvarlega áhættu

1. Ef ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hlutur eða búnaður er ekki í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð skulu dreifingaraðilar tilkynna það til framleiðandans, innflytjandans og þess viðurkenningaryfirvalds sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna, og skulu ekki bjóða fram á markaði þau ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildu tæknieiningar, hluta eða búnað fyrr en þau hafa verið færð til samræmis við þær kröfur.
2. Ef dreifingaraðilar hafa boðið fram á markaði ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað sem er ekki í samræmi við þessa reglugerð skulu þeir dreifingaraðilar tilkynna það til framleiðandans, innflytjandans og þess viðurkenningaryfirvalds sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna.
3. Ef alvarleg áhætta skapast af ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hlutum eða búnaði skulu dreifingaraðilar tafarlaust veita nákvæmar upplýsingar um það handa framleiðandanum, innflytjandanum og viðurkenningaryfirvöldunum og markaðseftirlitsyfirvöldunum í þeim aðildarríkjum þar sem það ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilda tæknieining, hluti eða búnaður hefur verið boðið fram á markaði.

Dreifingaraðilar skulu einnig tilkynna þeim um allar aðgerðir sem gripið er til og veita upplýsingar um allar ráðstafanir sem framleiðandinn hefur gripið til.

4. Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsyfirvaldi skulu dreifingaraðilar vinna saman með því yfirvaldi að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til, í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, í því skyni að útiloka áhættu sem ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður sem þeir hafa sett á markað, hefur í för með sér.

20. gr.

Tilvik þar sem skyldur framleiðenda gilda um innflytjendur og dreifingaraðila

Í skilningi þessarar reglugerðar telst innflytjandi eða dreifingaraðili vera framleiðandi og skal hann gegna skyldum framleiðandans skv. 8., 13. og 14. gr. í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef innflytjandinn eða dreifingaraðilinn býður fram á markaði eða ber ábyrgð á að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining sé tekin í notkun, undir eigin nafni eða vörumerki, eða breytir ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu þannig að þau uppfylli e.t.v. ekki lengur viðeigandi kröfur eða
- b) ef innflytjandinn eða dreifingaraðilinn býður fram á markaði eða ber ábyrgð á að kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining sé tekin í notkun á grundvelli SÞ-gerðarviðurkenningar sem veitt var framleiðanda utan Sambandsins og ekki er mögulegt að tilgreina fulltrúa framleiðanda á yfirlýðingavæði Sambandsins.

21. gr.

Markaðsaðilar tilgreindir

Í 10 ár eftir að ökutæki er sett á markað og í fimm ár eftir að kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður er sett á markað skulu markaðsaðilar veita upplýsingar um eftirfarandi, að fenginni beiðni frá viðurkenningaryfirvaldi eða markaðseftirlitsyfirvaldi:

- a) auðkenni allra markaðsaðila sem hafa séð þeim fyrir ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hluta eða búnaði,
- b) auðkenni allra markaðsaðila sem þeir hafa séð fyrir ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hluta eða búnaði.

III. KAFLI

AÐFERÐIR VIÐ VEITINGU ESB-GERÐARVIÐURKENNINGAR

22. gr.

Aðferðir við veitingu ESB-gerðarviðurkenningar

1. Ef framleiðandinn sækir um heildargerðarviðurkenningu ökutækis getur hann valið eina af eftirfarandi aðferðum:

- a) gerðarviðurkenningu í áföngum,
- b) gerðarviðurkenningu í einum áfanga,
- c) blandaða gerðarviðurkenningu.

Þar að auki getur framleiðandinn valið fjölþrepa gerðarviðurkenningu fyrir ófullbúið ökutæki eða fjölþrepa fullbúið ökutæki.

2. Með fyrirvara um kröfur þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem talin eru upp í II. viðauka er einungis gerðarviðurkenning í einum áfanga viðeigandi fyrir gerðarviðurkenningu kerfis, gerðarviðurkenningu íhlutar og gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar.

3. Veita skal fjölþrepa gerðarviðurkenningu í tengslum við ófullbúna eða fullbúna gerð ökutækis sem, með hliðsjón af því hvaða smíðaprepi ökutækið er á, er í samræmi við einstök atriði í upplýsingamöppunni sem um getur í 24. gr. og sem uppfyllir tæknilegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðkomandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

Fjölþrepa gerðarviðurkenning skal einnig gilda um fullbúin ökutæki sem annar framleiðandi hefur breytt eftir að smíði þeirra er lokið.

4. Einungis skal veita ESB-gerðarviðurkenningu fyrir síðasta smíðaprepið eftir að viðurkenningaryfirvaldið hefur sannprófað, í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í IX. viðauka, að gerð ökutækisins sem er viðurkennd á síðasta smíðaprepi uppfylli allar viðeigandi tæknilegar kröfur þegar viðurkenningin er veitt. Sannprófun skal fela í sér sannprófun skjala vegna allra krafna sem eiga við um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ófullbúna gerð ökutækis sem veitt er með fjölþrepa aðferð, þ.m.t. þegar hún er veitt fyrir annan flokk ökutækis.

5. Valið á aðferðinni fyrir ESB-gerðarviðurkenningu sem um getur í 1. mgr. skal ekki hafa áhrif á þær viðeigandi kröfur sem viðurkennd gerð ökutækis þarf að uppfylla þegar heildargerðarviðurkenning ökutækis er veitt.

6. Einn framleiðandi má einnig nota fjölþrepa gerðarviðurkenningu, að því tilskildu að hún sé ekki notuð til að sniðganga kröfurnar sem gilda um ökutæki sem smíðuð eru í einu þrepi. Ökutæki sem smíðuð eru af einum framleiðanda teljast ekki hafa verið smíðuð í mörgum þrepum að því er varðar 41., 42. og 49. gr.

23. gr.

Umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu

1. Framleiðandinn skal leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu og upplýsingamöppuna sem um getur í 24. gr.

2. Einungis skal leggja fram eina umsókn að því er varðar tiltekna gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar. Þá umsókn skal aðeins leggja fram í einu aðildarríki og hún einungis lögð fyrir eitt viðurkenningaryfirvald í því aðildarríki.

Ekki má leggja fram nýja umsókn í öðru aðildarríki að því er varðar sömu gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar þegar:

- a) viðurkenningaryfirvald hefur neitað að veita gerðarviðurkenningu á þeirri gerð,
- b) viðurkenningaryfirvald hefur dregið til baka gerðarviðurkenningu á þeirri gerð eða
- c) framleiðandinn hefur afturkallað umsókn um gerðarviðurkenningu á þeirri gerð.

Viðurkenningaryfirvaldið skal hafna umsókn um gerðarviðurkenningu á mismunandi gerðarheiti eða afbrigði að því er tekur til fyrri umsóknar ef breytingarnar eru ekki nægar til að teljast vera ný gerð af ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu.

3. Umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu á tiltekinni gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar skal innihalda yfirlýsingu frá framleiðandanum þar sem í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. er vottað að:

- a) framleiðandinn hefur ekki sótt um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir sömu gerðina hjá einhverju öðru viðurkenningaryfirvaldi og ekkert annað viðurkenningaryfirvald hefur veitt framleiðandanum slíka viðurkenningu,
- b) ekkert viðurkenningaryfirvald hefur neitað að veita gerðarviðurkenningu á þeirri gerð,
- c) ekkert viðurkenningaryfirvald hefur dregið til baka gerðarviðurkenningu á þeirri gerð og
- d) framleiðandinn hefur ekki afturkallað umsókn um gerðarviðurkenningu á þeirri gerð.

4. Sérstök umsókn skal lögð fram fyrir hverja gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem á að viðurkenna.

24. gr.

Upplýsingamappa

1. Upplýsingamappan skal innihalda eftirfarandi:

- a) upplýsingaskjal, í samræmi við það sniðmát sem mælt er fyrir um í þeim framkvæmdargerðum sem um getur í 4. mgr., um gerðarviðurkenningu í einum áfanga eða blandaða heildargerðarviðurkenningu ökutækis eða um heildargerðarviðurkenningu ökutækis í áföngum eða, ef um er að ræða gerðarviðurkenningu á kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu, í samræmi við þau viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæli sem talin eru upp í II. viðauka,
- b) öll gögn, teikningar, ljósmyndir og aðrar viðeigandi upplýsingar,
- c) að því er varðar ökutæki, upplýsingar um aðferðina eða aðferðirnar sem valdar eru í samræmi við 1. mgr. 22. gr.,
- d) allar viðbótarupplýsingar sem viðurkenningaryfirvaldið fer fram á með skírskotun til ESB-gerðarviðurkenningaraðferðarinnar.

2. Upplýsingaskjalið sem um getur í a-lið 1. mgr. um heildargerðarviðurkenningu ökutækis skal innihalda allar upplýsingar um einkenni gerðar ökutækisins sem eru viðurkenningaryfirvaldinu nauðsynlegar til að greina gerð ökutækisins og til að framkvæma gerðarviðurkenningaraðferðina á tilhlýðilegan hátt.

3. Framleiðandinn skal leggja fram upplýsingamöppuna til viðurkenningaryfirvaldsins á rafrænu formi sem það yfirvald telur viðunandi. Viðurkenningaryfirvaldið getur einnig samþykkt þær upplýsingamöppur sem eru lagðar fram á pappír.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðmát upplýsingaskjalsins og alla aðra hluta upplýsingamöppunnar, ásamt samræmdu rafrænu sniði að því er varðar 3. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 5. júlí 2020.

25. gr.

Viðbótarupplýsingar sem á að leggja fram með umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu

1. Umsókn um gerðarviðurkenningu í áföngum skal fylgja, til viðbótar við upplýsingamöppuna sem um getur í 24. gr., öll ESB-gerðarviðurkenningarvottorðin eða SP-gerðarviðurkenningarvottorðin ásamt fylgiskjöllum þeirra sem krafist er samkvæmt þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

Ef um er að ræða gerðarviðurkenningu kerfis, gerðarviðurkenningu íhlutar eða gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar samkvæmt þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka skal viðurkenningaryfirvaldið hafa aðgang að upplýsingamöppunni og, ef við á, ESB-gerðarviðurkenningarvottorðunum og fylgiskjöllum þeirra þar til heildargerðarviðurkenning ökutækis er annað hvort veitt eða henni synjað.

2. Umsókn um blandaða gerðarviðurkenningu skal fylgja, til viðbótar við upplýsingamöppuna sem um getur í 24. gr., ESB-gerðarviðurkenningarvottorðin eða SP-gerðarviðurkenningarvottorðin ásamt fylgiskjöllum þeirra sem krafist er samkvæmt þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

Umsókn fyrir kerfi sem engu ESB-gerðarviðurkenningarvottorði eða SP-gerðarviðurkenningarvottorði hefur verið framvísað fyrir skal fylgja, til viðbótar við upplýsingamöppuna sem um getur í 24. gr., þær upplýsingar sem krafist er fyrir viðurkenninguna á þeim kerfum meðan á viðurkenningu ökutækis stendur, ásamt prófunarskýrslu í stað fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorð eða SP-gerðarviðurkenningarvottorð.

3. Umsókn um fjölþrepa gerðarviðurkenningu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- a) í fyrsta þrepi: þeir hlutar upplýsingamöppunnar og ESB-gerðarviðurkenningarvottorðanna, SP-gerðarviðurkenningarvottorðanna eða, ef við á, prófunarskýrslanna sem eiga við eftir því hversu langt smíði grunnökutækisins er komin,
- b) í öðru þrepi og síðari þrepum: þeir hlutar upplýsingamöppunnar og ESB-gerðarviðurkenningarvottorðanna eða SP-gerðarviðurkenningarvottorðanna sem eiga við það þrep sem smíðin er á, ásamt afriti af ESB-heildargerðarviðurkenningarvottorði ökutækis sem var gefið út á síðara þrepi smíðinnar, sem og ítarlegar upplýsingar um allar breytingar eða viðbætur sem framleiðandinn hefur framkvæmt á ökutækinu.

Veita skal þær upplýsingar sem tilgreindar eru í þessari málsgrein í samræmi við 3. mgr. 24.gr.

4. Viðurkenningaryfirvaldið og tækniþjónustur skulu hafa aðgang að þeim hugbúnaði og reikniritum ökutækisins sem þau telja vera nauðsynleg í þeim tilgangi að geta sinnt starfsemi sinni.

Til að ákveða hvaða prófanir eru nauðsynlegar eða til að auðvelda framkvæmd þeirra prófana er viðurkenningaryfirvaldinu og tækniþjónustu einnig heimilt að krefja framleiðandann um að leggja fram skjöl eða aðrar viðbótarupplýsingar sem þörf er á til að leyfa viðurkenningaryfirvaldinu eða tækniþjónustu að þróa viðeigandi skilning á kerfunum, þ.m.t. á þróunarferli og útfærslu kerfanna, ásamt hlutverki hugbúnaðar og reiknirita sem eru nauðsynleg til að sannprófa samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð.

IV. KAFLI

FRAMKVÆMD AÐFERÐA VIÐ ESB-GERÐARVIÐURKENNINGU

26. gr.

Almenn ákvæði um framkvæmd aðferða við ESB-gerðarviðurkenningu

- 1. Einungis má veita eina ESB-gerðarviðurkenningu fyrir hverja gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar.
- 2. Viðurkenningaryfirvald sem hefur borist umsókn í samræmi við 23. gr. skal einungis veita ESB-gerðarviðurkenningu eftir að hafa sannprófað allt eftirfarandi:
 - a) fyrirkomulag vegna samræmis framleiðslu sem um getur í 31. gr.,
 - b) að yfirlýsingin sem um getur í 3. mgr. 23. gr. hafi verið lögð fram,

- c) að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðeigandi kröfur,
- d) ef um er að ræða heildargerðarviðurkenningar ökutækis í samræmi við gerðarviðurkenningaraðferðirnar sem eru í áföngum, sem eru blandaðar eða sem eru fjölþrepa skal viðurkenningaryfirvaldið sannprófa í samræmi við 4. mgr. 22. gr. að kerfin, íhlutirnir og aðskildu tæknieiningarnar falli undir aðskildar og gildar gerðarviðurkenningar sem veittar hafa verið samkvæmt þeim kröfum sem eru í gildi þegar heildargerðarviðurkenning ökutækis er veitt.

3. Aðferðirnar að því er varða ESB-gerðarviðurkenningu, sem settar eru fram í III. viðauka, og aðferðirnar að því er varða fjölþrepa gerðarviðurkenningu, sem settar eru fram í IX. viðauka, gilda.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta III. og IX. viðauka þannig að tekið sé tillit til þróunar á sviði reglusetningar og tækniþróunar með því að uppfæra aðferðirnar sem þar eru tilgreindar að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu og fjölþrepa gerðarviðurkenningu.

4. Viðurkenningaryfirvaldið skal setja saman upplýsingasafn sem samanstendur af upplýsingamöppunni sem um getur í 24. gr., ásamt prófunarskýrslunum og öllum öðrum skjölum sem tækniþjónustan bætti við upplýsingamöppuna meðan á störfum hennar stóð.

Geyma má upplýsingasafnið með rafrænum hætti. Það skal innihalda atriðaskrá þar sem snið hvers skjals og allar blaðsíður þess koma skýrt fram og þar sem allar breytingar á ESB-gerðarviðurkenningunni eru skráðar í tímaröð.

Viðurkenningaryfirvald skal hafa upplýsingasafnið aðgengilegt í 10 ár frá því að gildistíma viðeigandi ESB-gerðarviðurkenningar lýkur.

5. Viðurkenningaryfirvaldið skal neita að veita ESB-gerðarviðurkenningu ef það telur að alvarleg áhætta fyrir öryggi eða skaðleg áhrif á umhverfið eða lýðheilsu skapist engu að síður af gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem uppfyllir viðeigandi kröfur. Í slíku tilfelli skal það án tafar senda viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni ítarlegt skjal þar sem fram koma ástæður fyrir ákvörðuninni og rökstuðningur fyrir niðurstöðu þess.

6. Ef um er að ræða gerðarviðurkenningaraðferðir sem eru í áföngum, sem eru blandaðar og sem eru fjölþrepa skal viðurkenningaryfirvaldið neita í samræmi við 4. mgr. 22. gr. að veita ESB-gerðarviðurkenningu ef það telur að kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð.

Viðurkenningaryfirvaldið skal biðja þau viðurkenningaryfirvöld sem veittu gerðarviðurkenningar fyrir kerfin, íhlutina eða aðskildu tæknieiningarnar um að þau fari eftir 2. mgr. 54. gr.

27. gr.

Tilkynning um ESB-gerðarviðurkenningu sem hefur verið veitt, breytt, synjað og afturkölluð

1. Við útgáfu eða breytingu á ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu skal viðurkenningaryfirvaldið láta viðurkenningaryfirvöldum annarra aðildarríkjanna, markaðseftirlitsyfirvöldum og framkvæmdastjórninni í té eintak af ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir hverja gerð ökutækis, kerfis, íhlutar og aðskilinnar tæknieiningar sem viðurkenningaryfirvaldið hefur veitt gerðarviðurkenningu og fylgiskjöl þess, þ.m.t. prófunarskýrslurnar sem um getur í 30. gr. Gera skal það afrit aðgengilegt með sameiginlega örugga kerfinu til rafrænna upplýsingaskipta í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

2. Viðurkenningaryfirvaldið skal án tafar tilkynna viðurkenningaryfirvöldunum í hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni ef það synjar eða afturkallar ESB-gerðarviðurkenningu, og gera grein fyrir ástæðunum fyrir ákvörðun sinni, með sameiginlega örugga kerfinu til rafrænna upplýsingaskipta í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 3. mgr.

3. Að því er varðar sameiginlega örugga kerfið til rafrænna upplýsingaskipta skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem kveðið er á um sniðið á rafrænu skjölunum sem gera á aðgengileg, fyrirkomulagið við upplýsingaskiptin, aðferðirnar við að upplýsa yfirvöld um veitingu ESB-gerðarviðurkenningar og um breytingar, synjanir og afturköllun þeirra og um þær öryggisráðstafanir sem eru viðeigandi. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 5. júlí 2020.

28. gr.

ESB-gerðarviðurkenningarvottorð

1. ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið skal innihalda eftirfarandi fylgiskjöl:
 - a) upplýsingasafnið sem um getur í 4. mgr. 26. gr.,
 - b) prófunarskýrslurnar sem um getur í 30. gr. ef um er að ræða gerðarviðurkenningu kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar eða blaðið með prófunarniðurstöðunum ef um er að ræða heildargerðarviðurkenningu ökutækis,
 - c) nafn og sýnishorn af undirskrift þess eða þeirra sem hafa heimild til að skrifa undir samræmisvottorð og yfirlýsing um stöðu þeirra innan fyrirtækisins, ef um er að ræða heildargerðarviðurkenningu ökutækis.
 - d) útfyllt sýnishorn af samræmisvottorðinu fyrir gerð ökutækisins, ef um er að ræða heildargerðarviðurkenningu ökutækis.
2. ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir eitt einstakt ökutæki skal fá einkvæmt númer í samræmi við samræmt númerakerfi sem skal a.m.k. gera kleift að tilgreina aðildarríkið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna og gera kleift að tilgreina þær kröfur sem gerð ökutækisins, kerfisins, íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar samræmist.
3. Framkvæmdastjórnin skal samþykka framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðmát fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið, samræmda númerakerfið og blaðið með prófunarniðurstöðunum, eftir því sem við á, þ.m.t. viðeigandi rafræn snið. Samþykka skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykka skal fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 5. júlí 2020.
4. Að því er varðar hverja gerð ökutækis, kerfis, íhlutar og aðskilinnar tæknieiningar skal viðurkenningaryfirvaldið:
 - a) fylla út alla viðeigandi hluta ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins, þ.m.t. fylgiskjöl þess,
 - b) taka saman atriðaskrá með upplýsingasafninu eins sem og um getur í 4. mgr. 26. gr.,
 - c) gefa út útfyllt ESB-gerðarviðurkenningarvottorð ásamt fylgiskjöllum þess til handa framleiðandans án tafar.
5. Ef um er að ræða ESB-gerðarviðurkenningu sem hefur takmarkað gildi í samræmi við 39. gr., 43. gr. eða III. hluta II. viðauka, eða sem tiltekin ákvæði þessarar reglugerðar eða þau stjórnvaldsfyrirmæli sem talin eru upp í II. viðauka gilda ekki um, skal ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið tilgreina þær takmarkanir eða viðeigandi ákvæði sem gilda ekki.
6. Ef framleiðandi ökutækis velur blönduðu gerðarviðurkenningaraðferðina skal viðurkenningaryfirvaldið fella inn í upplýsingasafnið, sem um getur í 4. mgr. 26. gr., tilvísanir í þær prófunarskýrslur, sem um getur í 30. gr., um kerfin, íhlutina eða aðskildu tæknieiningarnar sem ekki hafa fengið útgefið ESB-gerðarviðurkenningarvottorð. Í upplýsingasafninu skal viðurkenningaryfirvaldið einnig tilgreina með skýrum hætti tæknilegu kröfurnar í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka, sem ökutækið er prófað samkvæmt.
7. Ef framleiðandi ökutækis velur gerðarviðurkenningu í einum áfanga skal viðurkenningaryfirvaldið láta fylgja með ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu skrá yfir viðeigandi stjórnsýslufyrirmæli í samræmi við sniðmátið sem kemur fram í þeim framkvæmdargerðum sem um getur í 3. mgr.

29. gr.

Sértæk ákvæði varðandi ESB-gerðarviðurkenningar á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum

1. ESB-gerðarviðurkenning skal veitt að því er varðar kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu sem er í samræmi við efnisatriðin í upplýsingamöppunni sem um getur í 24. gr. og uppfyllir tæknilegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.
2. Þegar íhlutir eða aðskildar tæknieiningar, hvort sem þær eru ætlaðar til viðgerða, þjónustu eða viðhalds, falla einnig undir gerðarviðurkenningu kerfis að því er varðar ökutæki, er ekki krafist frekari gerðarviðurkenningu íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar nema kveðið sé á um slíka gerðarviðurkenningu í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

3. Þegar íhlutur eða aðskilin tæknieining þjónar einungis hlutverki sínu í sambandi við aðra hluta ökutækisins, eða bíður þannig upp á tiltekna eiginleika, og því er einungis hægt að sannreyna að farið sé að ákvæðum þegar íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin vinnur með öðrum hlutum ökutækisins, skal takmarka gildissvið ESB-gerðarviðurkenningarinnar á íhlutnum eða á aðskildu tæknieiningunni eftir því.

Í slíkum tilvikum skal taka fram í ESB-gerðarviðurkenningavottorðinu takmarkanir á notkun íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar sem og þau sérstöku skilyrði sem gilda um áfestingu þess íhlutar eða þeirrar aðskildu tæknieiningar á ökutæki.

Ef sá íhlutur eða sú aðskilda tæknieining er uppsett í ökutæki skal viðurkenningaryfirvaldið sannreyna, við viðurkenningu á ökutæki, að íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin uppfylli allar viðeigandi takmarkanir á notkun eða skilyrðum fyrir uppsetningu.

30. gr.

Prófanir sem krafist er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu

1. Að því er varðar veitingu ESB-gerðarviðurkenninga skal viðurkenningaryfirvaldið sannprófa samræmi við tæknilegu kröfurnar í þessari reglugerð með viðeigandi prófunum sem tækniþjónustur framkvæma.
2. Í prófunarskýrslunni skal skrá grundvallarþætti prófananna, þ.m.t. tæknilegu kröfurnar sem sannprófað hefur verið með þeim prófunum að séu uppfylltar.
3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðið á prófunarskýrslunum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 5. júlí 2020.
4. Framleiðandinn skal láta viðurkenningaryfirvaldinu í té og veita viðkomandi tækniþjónustum þau ökutæki, kerfi, íhluti, eða aðskildar tæknieiningar og krafist er samkvæmt þeim viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka til að unnt sé að framkvæma nauðsynlegar prófanir.
5. Nauðsynlegar prófanirnar skulu framkvæmdar á ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem eru dæmigerð fyrir þá gerð sem á að viðurkenna.
6. Ef lagt er fram gildissvið fyrir mæliþættina og fyrir skilyrðin sem notuð eru til að framkvæma viðeigandi prófanir sem um getur í 1. mgr. getur tækniþjónustan valið hvaða gildi sem er innan þess sviðs.
7. Að beiðni framleiðandans og með fyrirvara um samþykki viðurkenningaryfirvaldsins má notast við sýndarprófunar-aðferðir í samræmi við VIII. viðauka í stað prófananna sem um getur í 1. mgr.
8. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta VIII. viðauka þannig að tekið sé tillit til tækniþróunar og þróunar á sviði reglusetningar með því að uppfæra skrána yfir stjórnvaldsfyrirmæli sem heimila framleiðanda eða tækniþjónustu að beita sýndarprófunum og við hvaða sérstöku skilyrði eigi að beita þessum sýndarprófunaraðferðum.

31. gr.

Fyrirkomulag vegna samræmis framleiðslu

1. Viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við IV. viðauka til að sannprófa, í samvinnu við viðurkenningaryfirvöld hinna aðildarríkjanna ef þarf, að framleiðandinn framleiði ökutækin, kerfin, íhlutina eða aðskildu tæknieiningarnar í samræmi við viðurkenndu gerðina.
2. Viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt heildargerðarviðurkenningu ökutækis skal sannprófa að tölfræðilega marktækur fjöldi sýna af ökutækjum og samræmisvottorðum uppfylli ákvæði 36. gr. og 37. gr. og skal sannprófa að gögnin í þessum samræmisvottorðum séu rétt.
3. Viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu skal grípa til nauðsynlegra ráðstafana, ef nauðsyn krefur í samstarfi við viðurkenningaryfirvöld annarra aðildarríkja, til að sannprófa að fyrirkomulagið sem um getur í 1. og 2. mgr. í þessari grein dugi áfram til að ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar í framleiðslu haldi áfram að vera í samræmi við viðurkennda gerð og að samræmisvottorð uppfylli áfram 36. og 37. gr.

4. Til að sannprófa að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining sé í samræmi við viðurkenndu gerðina skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma þær athuganir eða prófanir á sýnishornum sem tekin eru á athafnasvæði framleiðandans, þ.m.t. á framleiðslustöðvum, sem krafist er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu.

Í samræmi við IV. viðauka skal viðurkenningaryfirvaldið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma slíkar athuganir eða prófanir með þeirri tíðni sem tilgreind er í stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka eða minnst á þriggja ára fresti ef engin tíðni er tilgreind í þeim fyrirmælum.

5. Til að sannprófa að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining sé í samræmi við viðurkenndu gerðina skal viðurkenningaryfirvaldið eða tækniþjónusturnar:

- a) stilla gildin þannig að þau séu handahófskennd innan tiltekins sviðs við framkvæmd athugana eða prófana, sé gildissvið sett fram í þeim prófunaraðferðum sem mælt er fyrir um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka og
- b) hafa aðgang að hugbúnaði, reikniritum, gögnum og öllum viðbótarupplýsingum í samræmi við 4. mgr. 25. gr.

6. Viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu skal grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að sannprófa að framleiðandinn fari að skuldbindingunum sem settar eru fram í XIV. kafla. Viðurkenningaryfirvaldið skal einkum sannprófa hvort að framleiðandinn hafi breytt eða bætt við upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækisins og upplýsingarnar um viðgerðir og viðhald ökutækis í því skyni að fara að þeim skuldbindingum.

7. Ef viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu kemst að þeirri niðurstöðu að framleiðandinn framleiðir ekki lengur ökutækin, kerfin, íhlutina eða aðskildu tæknieiningarnar í samræmi við viðurkenndu gerðina eða kröfurnar í þessari reglugerð, eða kemst að þeirri niðurstöðu að samræmisvottorðin uppfylla ekki lengur 36. og 37. gr., jafnvel þó framleiðslu sé haldið áfram skal viðurkenningaryfirvaldið grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að ráðstöfunum vegna samræmis framleiðslu sé réttilega fylgt, annars skal það afturkalla gerðarviðurkenninguna. Viðurkenningaryfirvaldið getur ákveðið að grípa til allra nauðsynlegra takmarkandi ráðstafana í samræmi við XI. kafla.

8. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta IV. viðauka þannig að tekið sé tillit til tækniþróunar og þróunar á sviði reglusetningar með því að uppfæra aðferðirnar til að tryggja samræmi framleiðslu.

32. gr.

Gjöld

1. Leggja skal gjöldin fyrir starfsemi á sviði ESB-gerðarviðurkenninga á þá framleiðendur sem hafa sótt um ESB-gerðarviðurkenningu í hlutaðeigandi aðildarríki.

Aðildarríkin skulu tryggja að nægilegt fjármagn sé tiltækt til að standa straum af kostnaðinum vegna starfsemi á sviði markaðseftirlits. Með fyrirvara um landslög er heimilt að endurheimta þann kostnað með gjöldum sem aðildarríkið þar sem ökutækin eru sett á markað má leggja á.

2. Aðildarríkin geta lagt umsýslugjöld á tækniþjónustu sem sækir um að vera tilnefnd til að standa að öllu leyti eða að hluta til undir kostnaði sem tengist starfsemi landsyfirvalda sem bera ábyrgð á tækniþjónustu í samræmi við þessa reglugerð.

V. KAFLI

GILDI ESB-GERÐARVIÐURKENNINGA OG BREYTINGAR Á ÞEIM

33. gr.

Almenn ákvæði um breytingar á ESB-gerðarviðurkenningum

1. Framleiðandi skal án tafar tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna um allar breytingar á efnisatriðunum sem talin eru upp í upplýsingasafninu sem um getur í 4. mgr. 26. gr., þ.m.t. um allar breytingar á ítarlegu upplýsingamöppunni samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka.

Viðurkenningaryfirvaldið skal ákveða hvort að sú breyting útheimtir breytingu annaðhvort í formi endurskoðunar eða rýmkunar á ESB-gerðarviðurkenningunni í samræmi við 34. gr. eða skal ákveða hvort sú breyting útheimtir nýja ESB-gerðarviðurkenningu.

2. Umsókn um breytingu skal einungis leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið sem veitti fyrirbyggjandi ESB-gerðarviðurkenninguna.
3. Ef viðurkenningaryfirvald kemst að því að breyting útheimtir það að skoðanir eða prófanir séu endurteknaðar skal viðurkenningaryfirvaldið upplýsa framleiðandann um það.
4. Ef viðurkenningaryfirvald kemst að því, á grundvelli þeirra skoðana eða prófana sem um getur í 3. mgr. í þessari grein, að kröfurnar um ESB-gerðarviðurkenningu séu áfram uppfylltar skulu aðferðirnar gilda sem um getur í 34. gr.
5. Ef viðurkenningaryfirvaldið kemst að því að rýmkun á fyrirbyggjandi gerðarviðurkenningu geti ekki náð yfir breytingarnar á þeim einstöku atriðum sem skráð eru í upplýsingasafninu skal viðurkenningaryfirvaldið neita að breyta ESB-gerðarviðurkenningunni og skal fara fram á að framleiðandinn sæki um nýja ESB-gerðarviðurkenningu.

34. gr.

Endurskoðun og rýmkun ESB-gerðarviðurkenninga

1. Breyting skal tilgreind sem „endurskoðun“ ef viðurkenningaryfirvald kemst að því að viðkomandi gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfyllir áfram viðeigandi kröfur fyrir þá gerð og að þess vegna þurfi ekki að endurtaka neinar skoðanir eða prófanir, þrátt fyrir breytingarnar á skráðum efnisþáttum í upplýsingasafninu sem um getur í 4. mgr. 26. gr.

Í slíku tilviki skal viðurkenningaryfirvaldið gefa út endurskoðaðar síður úr upplýsingasafninu, eins og nauðsyn krefur og án tafar, og merkja hverja endurskoðaða síðu þannig að eðli breytingarinnar og dagsetning endurútgáfunnar sjáist greinilega, en annars skal viðurkenningaryfirvaldið gefa út samsteypta og uppfærða útgáfu af upplýsingasafninu, ásamt nákvæmri lýsingu á breytingunum.

2. Breytingin felur í sér „rýmkun“ ef viðurkenningaryfirvaldið kemst að þeirri niðurstöðu að upplýsingarnar sem skráðar eru í upplýsingasafninu hafi breyst og ef eitthvað af eftirtöldu gildir:

- a) þörf er á frekari skoðunum eða prófunum til að sannprófa að áfram sé farið að kröfunum sem fyrirbyggjandi ESB-gerðarviðurkenning hefur verið byggð á,
- b) einhverjar upplýsingar í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, nema í fylgiskjöllum þess, hafa breyst eða
- c) nýjar kröfur samkvæmt einhverjum stjórnsýslufyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka taka gildi varðandi viðurkennda gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar.

Ef um er að ræða rýmkun, skal viðurkenningaryfirvaldið án tafar gefa út uppfært ESB-gerðarviðurkenningarvottorð, sem skal vera merkt með númeri rýmkunar sem hækkar í samræmi við fjölda rýmkana sem þegar hafa verið veittar. Ástæðan fyrir rýmkuninni, dagsetning endurútgáfunnar og, ef við á, gildistíminn skal koma fram með skýrum hætti í því viðurkenningarvottorði.

3. Þegar breyttar síður upplýsingasafnsins eru gefnar út eða samsteypt, uppfærð útgáfa af upplýsingasafninu er gefin út skal atriðaskránni með upplýsingasafninu vera breytt þannig að gefin sé til kynna dagsetning nýjustu rýmkunar eða endurskoðunar eða dagsetning nýjustu samsteyptu, uppfærðu útgáfunnar.

4. Ekki er þörf á rýmkun á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis ef nýju kröfurnar, sem um getur í c-lið 2. mgr., skipta ekki máli, út frá tæknilegu sjónarmiði, fyrir þessa gerð ökutækis eða þær varða aðra ökutækjaflokka en þann sem ökutækið tilheyrir.

35. gr.

Gerðarviðurkenning fellur úr gildi

1. Viðurkenningaryfirvaldið skal sannprófa að gerð ökutækisins uppfylli öll stjórnvaldsfyrirmælin sem eiga við um þá gerð, að sjö árum liðnum frá nýjustu uppfærslu á upplýsingasafninu ef um ræðir ESB-heildargerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki í flokkum M₁ og N₁, og að 10 árum liðnum fyrir ökutæki í flokkum M₂, M₃, N₂, N₃ og O.

Ekki er nauðsynlegt að endurtaka prófanirnar sem um getur í 30. gr. ef viðurkenningaryfirvaldið framkvæmir sannprófunina sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

2. ESB-gerðarviðurkenning skal falla úr gildi við hverja af eftirfarandi aðstæðum:
- a) ef nýjar kröfur verða skyldubundnar sem eiga við um viðurkennda gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem er boðin fram á markaði, skráð eða tekin í notkun og ekki er hægt að rýmka gildissvið ESB-gerðarviðurkenningarinnar á þeim grundvelli sem mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr. 34. gr.,
 - b) ef niðurstaðan úr sannprófun sem er framkvæmd í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar er sú að ökutækið uppfyllir ekki öll stjórnvaldsfyrirmælin sem eiga við um þá gerð,
 - c) ef framleiðslu ökutækja í samræmi við viðurkennda gerð ökutækis er endanlega hætt af frjálsum vilja, sem líta skal á að hafi átt sér stað ef ekkert ökutæki viðkomandi gerðar hefur verið framleitt á síðustu tveimur árum; slíkar gerðarviðurkenningar skulu þó halda gildi sínu að því er varðar að ökutækin séu skráð eða tekin í notkun á meðan a-liður þessarar málsgreinar á ekki við,
 - d) ef ESB-gerðarviðurkenningin hefur verið afturkölluð í samræmi við 7. mgr. 31. gr.,
 - e) ef ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið fellur úr gildi vegna takmörkunar sem um getur í 6. mgr. 39. gr.,
 - f) ef gerðarviðurkenningin er talin hafa verið byggð á röngum yfirlýsingum, fölsuðum prófunarniðurstöðum eða ef gögnum var haldið eftir sem hefði leitt til þess að neitað væri að veita gerðarviðurkenningu.
3. Ef heildargerðarviðurkenning ökutækis á aðeins einu afbrigði gerðar ökutækis eða einni útgáfu afbrigðis verður ógild skal heildargerðarviðurkenning ökutækis á viðkomandi gerð ökutækisins aðeins ógild að því er varðar viðkomandi afbrigði eða útfærslu.
4. Ef framleiðslu á tiltekinni gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar er endanlega hætt skal framleiðandi tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu ökutækisins án tafar.

Innan mánaðar frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í fyrsta undirlið skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu fyrir þá gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar tilkynna viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna um það.

5. Í tilvikum þar sem ljóst er að ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fellur brátt úr gildi, tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna um það án tafar.

6. Þegar viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna tekur á móti tilkynningunni frá framleiðandanum skal það yfirvald án tafar senda viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna allar viðeigandi upplýsingar til að hægt sé að bjóða fram á markaði, skrá eða taka í notkun ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar, eins og við á.

Ef um er að ræða ökutæki skal orðsendingin sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar tilgreina framleiðsludaginn og verksmiðjunúmer síðasta ökutækisins sem framleitt var, eins og skilgreint er í 2. lið 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 19/2011 ⁽¹⁾.

VI. KAFLI

SAMRÆMISVOTTORÐ OG MERKINGAR

36. gr.

Samræmisvottorð á pappír

1. Framleiðandinn skal gefa út samræmisvottorð á pappír með hverju ökutæki, hvort sem það er fullbúið, ófullbúið eða fullbúið í áföngum, sem framleitt er í samræmi við viðurkennda gerð ökutækis. Í því skyni skal framleiðandinn nota sniðmátið sem sett er fram í framkvæmdargerðunum sem um getur í 4. mgr.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 19/2011 frá 11. janúar 2011 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar lögbodna merkiplötu framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjútíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

Í samræmisvottorðinu á pappír skal vera nákvæm lýsing á helstu eiginleikum ökutækisins, sem og tæknilegri frammistöðu þess. Samræmisvottorðið á pappír skal innihalda framleiðsludag ökutækisins. Samræmisvottorðið á pappír skal vera þannig gert að komið sé í veg fyrir fölsun.

Kaupandi skal fá samræmisvottorðið á pappír án endurgjalds með ökutækinu. Afhending vottorðsins má ekki vera háð því að skýrt sé farið fram á það eða að framleiðanda séu veittar frekari upplýsingar.

2. Ef framleiðandinn gerir samræmisvottorðið aðgengilegt sem formföst gögn á rafrænu formi í samræmi við 1. mgr. 37. gr. skal framleiðandinn vera undanþeginn, frá 5. júlí 2026, frá þeirri skyldu í 1. mgr. þessarar greinar að gefa út samræmisvottorðið á pappír til að fylgja hverju ökutæki.

3. Í tíu ár frá framleiðsludegi ökutækisins skal framleiðandinn, að beiðni eiganda þess, gefa út eftirrit af samræmisvottorðinu á pappír, gegn greiðslu sem ekki er hærri en kostnaðurinn sem fylgir útgáfu eftirritsins af vottorðinu. Orðið „eftirrit“ skal vera greinilegt á framhlið sérhvers eftirrits af vottorði.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir varðandi samræmisvottorðið á pappír, þar sem einkum er mælt fyrir um:

- a) sniðmátið fyrir samræmisvottorðið,
- b) öryggisþætti til að koma í veg fyrir fölsun samræmisvottorðsins og
- c) forskriftina um hvernig undirritun samræmisvottorðsins skuli fara fram.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðina fyrir 1. september 2020.

5. Samræmisvottorðið á pappír skal vera á a.m.k. einu af opinberu tungumálum Sambandsins.

6. Einstaklingur eða einstaklingar sem hafa heimild til að undirrita samræmisvottorð á pappír skulu starfa hjá framleiðandanum og skulu hafa fullt umboð til þess að bera lagalega ábyrgð framleiðanda að því er varðar hönnun og smíði eða framleiðslusamræmi ökutækisins.

7. Samræmisvottorðið skal fylla út í heild sinni og skal ekki innihalda takmarkanir að því er varðar notkun ökutækis aðrar en þær takmarkanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða í einhverjum þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

8. Ef um er að ræða ófullbúið grunnökutæki skal framleiðandinn einungis fylla í þá reiti samræmisvottorðsins á pappír sem skipta máli með hliðsjón af hversu fullbúið ökutækið er.

9. Ef um er að ræða ófullbúið ökutæki eða fjölþrepa fullbúið ökutæki skal framleiðandi einungis fylla út þá reiti samræmisvottorðsins á pappír sem varða viðbætur eða breytingar sem gerðar eru á viðkomandi þrepi viðurkenningar og, ef við á, láta fylgja með vottorðinu öll samræmisvottorð sem veitt voru á fyrri þrepum.

37. gr.

Samræmisvottorð á rafrænu formi

1. Frá 5. júlí 2026 og með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 36. gr. skal framleiðandinn, endurgjaldslaust og án ástæðulausrar tafar eftir framleiðsludag ökutækisins, gera samræmisvottorðið aðgengilegt sem formföst gögn á rafrænu formi, í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 8. mgr., fyrir það viðurkenningaryfirvald sem veitt hefur heildargerðarviðurkenningu ökutækis.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. 36. gr. er öllum framleiðendum heimilt að gera samræmisvottorð aðgengilegt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar fyrir 5. júlí 2026.

3. Viðurkenningaryfirvaldið skal gera samræmisvottorðið aðgengilegt sem formföst gögn á rafrænu formi í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 8. mgr. þannig að viðurkenningaryfirvöldin, markaðseftirlitsyfirvöldin og skráningar-yfirvöldin í aðildarríkjunum og framkvæmdastjórnin hafi aðgang að samræmisvottorðinu.

4. Aðildarríki geta veitt framleiðendum undanþágu frá þeirri skyldu sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar að því er varðar gerðir ökutækja sem hafa landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum í samræmi við 42. gr.

5. Viðurkenningaryfirvaldið sem tekur við samræmisvottorði sem formföstum gögnum á rafrænu formi í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 8. mgr. þessarar greinar skal veita lesaðgang að samræmisvottorðinu eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr. Ef um er að ræða ökutæki sem smíðuð eru í mörgum þrepum skal veita framleiðanda á síðari þrepum slíkan aðgang.

6. Öll gagnaskipti í samræmi við þessa grein skal framkvæma samkvæmt öruggum samskiptareglum um gagnaskipti.

7. Aðildarríki skulu skipuleggja og byggja upp gagnanet sín til að greiða fyrir móttöku á gögnum samræmisvottorðanna sem formföstum gögn á rafrænu formi í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 8. mgr. frá og með 1. september 2025, helst með því að nota fyrirliggjandi kerfi fyrir skipti á formföstum gögnum.

8. Að teknu tilliti til þeirra gagna sem krafist er að séu veitt í samræmisvottorðinu á pappír skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir varðandi samræmisvottorð sem formföst gögn á rafrænu formi þar sem einkum er mælt fyrir um:

- a) grundvallarsnið og grundvallaruppbyggingu á gagnastökum samræmisvottorðanna á rafrænu formi og skilaboðin sem notuð eru við gagnaskiptin,
- b) lágmarkskröfur um örugg gagnaskipti, þ.m.t. forvarnir gegn spillingu og misnotkun á gögnum og ráðstafanir til að tryggja áreiðanleika rafrænu gagnanna, s.s. með notkun stafrænnar undirskriftar,
- c) leiðirnar til að skiptast á gögnum samræmisvottorðsins á rafrænu formi,
- d) lágmarkskröfurnar um einkvæmt auðkenni tengt ökutæki og sniðið á upplýsingum handa kaupandanum í samræmi við 5. mgr.,
- e) lesaðganginn, sem um getur í 5. mgr.,
- f) undanþágur fyrir framleiðendur tiltekinna ökutækjaflokka og gerða ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar fyrir 1. september 2020.

9. Aðildarríki skulu geta skipst á samræmisvottorðum á rafrænu formi við önnur aðildarríki í samræmi við þessa grein eigi síðar en frá 5. júlí 2026.

10. Frá 5. júlí 2026 skal framleiðandinn gefa út eftirrit af samræmisvottorðinu á pappír í undantekningartilvikum óski landsyfirvald þess.

38. gr.

Lögboðnar merkiplötur og aukaplötur framleiðanda, merkingar og gerðarviðurkenningarmerki íhluta og aðskilinna tæknieininga

1. Framleiðandi ökutækis skal festa lögboðna merkiplötu á sérhvert ökutæki sem framleitt er í samræmi við viðurkenndu gerðina, aukaplötur þar sem við á, og merki eða tákn með þeim merkingum sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð og í þeim viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

2. Framleiðandi íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar skal festa á sérhvern íhlut eða aðskilda tæknieiningu, sem framleidd er í samræmi við viðurkennda gerð, gerðarviðurkenningarmerkið sem krafist er samkvæmt viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka

Ef ekki er gerð krafa um slíkt gerðarviðurkenningarmerki skal framleiðandinn a.m.k. festa viðskiptaheiti sitt eða vörumerki, ásamt gerðarnúmeri eða kenninúmeri á íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um fyrirmyndina að ESB-gerðarviðurkenningarmerkinu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 5. júlí 2020.

4. Markaðsaðilar skulu einungis setja á markað eða bjóða fram á markaði ökutæki, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem eru merkt í samræmi við þessa reglugerð.

VII. KAFLI

NÝ TÆKNI EÐA NÝ HÖNNUN

39. gr.

Undanþágur fyrir nýja tækni eða nýja hönnun

1. Framleiðandi getur sótt um ESB-gerðarviðurkenningu að því er varðar gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem felur í sér nýja tækni eða nýja hönnun sem er ósamrýmanleg einum eða fleiri stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

2. Viðurkenningaryfirvald skal veita ESB-gerðarviðurkenninguna sem um getur í 1. mgr. ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) í umsókninni um ESB-gerðarviðurkenningu koma fram ástæður þess að nýja tæknin eða nýja hönnunin gera það að verkum að ökutækin, kerfin, íhlutirnir eða aðskildu tæknieiningarnar eru ósamrýmanleg einum eða fleiri stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka,
- b) í umsókninni um ESB-gerðarviðurkenninguna er áhrifum nýju tækninnar eða nýju hönnunarinnar á öryggi og umhverfi lýst sem og aðgerðum sem gripið er til svo tryggja megir a.m.k. jafnt hátt stig öryggis og umhverfisverndar og kveðið er á um í þeim kröfum sem sótt er um undanþágu frá,
- c) lýsingar á prófunum og niðurstöður þeirra eru kynntar þannig að þær sýni fram á að skilyrðin í b-lið séu uppfyllt.

3. Veiting ESB-gerðarviðurkenningar sem veitir undanþágu fyrir nýja tækni eða nýja hönnun skal vera með fyrirvara um heimild framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að ákveða hvort veita skal leyfið sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

4. Þar til framkvæmdargerðir sem um getur í 3. mgr. eru samþykktar má viðurkenningaryfirvaldið veita ESB-gerðarviðurkenningu til bráðabirgða og sem gildir einungis á yfirlýðingum þess aðildarríkis sem viðurkenningaryfirvaldið tilheyrir, að því er varðar gerð ökutækis sem heyrir undir þá undanþágu sem sótt er um. Viðurkenningaryfirvaldið skal án tafar senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum tilkynningu um það með skrá sem inniheldur upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr.

Það skal koma fram í fyrirsögn ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs og samræmisvottorðs að slíkt ESB-gerðarviðurkenningarvottorð sé veitt til bráðabirgða og gildi aðeins á takmörkuðu svæði.

5. Viðurkenningaryfirvöldum í öðrum aðildarríkjum er heimilt að samþykkja ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða sem um getur í 4. mgr. á yfirlýðingum sínum, að því tilskildu að þau tilkynni samþykki þeirra skriflega til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða.

6. Eftir því sem við á skal tilgreina í framkvæmdargerðunum sem um getur í 3. mgr. hvort að heimildir sæti einhverjum takmörkunum, sérstaklega að því er varðar hámarksfjölda þeirra ökutækja sem heimildirnar ná yfir. ESB-gerðarviðurkenningin skal í öllum tilfellum hafa a.m.k. 36 mánaða gildistíma.

7. Ef framkvæmdastjórnin samþykkir framkvæmdargerðir sem um getur í 3. mgr. til að neita að veita heimildirnar skal viðurkenningaryfirvaldið tafarlaust upplýsa handhafa ESB-gerðarviðurkenningarinnar til bráðabirgða, sem um getur í 4. mgr., að samþykki ESB-gerðarviðurkenningarinnar til bráðabirgða skuli vera afturkölluð að sex mánuðum liðnum frá dagsetningu framkvæmdargerðarinnar.

Þó skal heimila að ökutæki, sem framleidd hafa verið í samræmi við ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða áður en hún verður ógild, séu sett á markað, skráð eða tekin í notkun í hverju því aðildarríki sem hefur samþykkt ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða í samræmi við 5. mgr.

40. gr.

Síðari breyting stjórnvaldsfyrirmæla

1. Ef framkvæmdastjórnin hefur heimilað veitingu ESB-gerðarviðurkenningar í samræmi við 39. gr. skal hún tafarlaust gera nauðsynlegar ráðstafanir til að laga viðkomandi stjórnvaldsfyrirmæli að nýjustu tækniþróun.

Ef undanþágan skv. 39. gr. tengist reglugerð Sameinuðu þjóðanna skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur um að breyta viðeigandi reglugerð Sameinuðu þjóðanna í samræmi við viðkomandi málsmeðferð samkvæmt endurskoðaða samningnum frá 1958.

2. Aflétta skal öllum takmörkunum á stjórnvaldsfyrirmælunum sem um getur í 3. mgr. 39. gr. þegar viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælun hefur verið breytt.

3. Ef ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að aðlaga stjórnvaldsfyrirmælin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar er framkvæmdastjórninni heimilt, að beiðni aðildarríkisins sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða, að samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða hvort að veita eigi leyfið fyrir rýmkuninni á gildistíma ESB-gerðarviðurkenningarinnar til bráðabirgða. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

VIII. KAFLI

ÖKUTÆKI SEM FRAMLEIDD ERU Í LITLUM FRAMLEIÐSLURÖÐUM

41. gr.

ESB-gerðarviðurkenning ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum

1. Að beiðni framleiðanda og innan árlegra magntakmarkana á ökutækjaflokkum M, N og O sem setta eru fram í 1. lið A-hluta V. viðauka skulu aðildarríki veita ESB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis sem framleitt er í lítilli framleiðsluröð sem uppfyllir a.m.k. tæknilegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti við I. hluta II. viðauka.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ökutæki til sérstakra nota.

3. ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum skal fá einkvæmt númer í samræmi við samræmt númerakerfi sem skal a.m.k. gera kleift að tilgreina aðildarríkið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna og gera kleift að tilgreina þær kröfur sem gerð ökutækisins, kerfisins, íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar samræmist.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðmát og númerakerfi fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorð ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

5. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta 1. viðbæti við I. hluta II. viðauka í þeim tilgangi að setja fram tæknilegu kröfurnar um ökutækjaflokka M, N og O og til samræmis við það að breyta 1. lið A-hluta V. viðauka að því er varðar árlegu magntakmarkanirnar.

42. gr.

Landsbundin gerðarviðurkenning ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum

1. Framleiðendur geta sótt um landsbundna gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum innan þeirra árlegra magntakmarkana sem settar eru fram í 2. lið A-hluta V. viðauka. Þær takmarkanir skulu gilda þegar ökutæki, af gerð sem er viðurkennd á markaði hvers aðildarríkis á tilteknu ári, eru boðin fram á markaði, skráð eða tekin í notkun.

2. Aðildarríki geta ákveðið að undanskilja allar gerðir ökutækja sem um getur í 1. mgr. frá því að þurfa að uppfylla eina eða fleiri af kröfunum í þessari reglugerð eða eina eða fleiri af kröfunum sem mælt er fyrir um í stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka, að því tilskildu að aðildarríkin hafi mælt fyrir um aðrar viðeigandi kröfur.

3. Að því er varðar landsbundna gerðarviðurkenningu á ökutækjum sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum skal viðurkenningaryfirvaldið samþykkja kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem eru gerðarviðurkenndar í samræmi við stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka.

4. Landsbundið gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum skal fá einkvæmt númer í samræmi við samræmt númerakerfi sem skal a.m.k. gera kleift að tilgreina aðildarríkið sem veitti gerðarviðurkenninguna og gera kleift að auðkenna að viðurkenningin hafi verið veitt fyrir litla landsbundna framleiðsluröð.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir, þar sem mælt er fyrir um sniðmát og samræmt númerakerfi fyrir landsbundið gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum, sem skal hafa fyrirsögnina „landsbundið gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum“ og tilgreina innihald og eðli undanþáganna sem veittar eru samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Aðildarríki geta áfram ákvarðað snið landsbundinna gerðarviðurkenningarvottorða þar til framkvæmdastjórnin samþykkir slíkar framkvæmdargerðir.

43. gr.

Gildi landsbundinnar gerðarviðurkenningar ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum

1. Landsbundin gerðarviðurkenning ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum skal aðeins gilda á yfirráðasvæði aðildarríkis þess viðurkenningaryfirvalds sem veitir gerðarviðurkenninguna.
2. Að beiðni framleiðanda skal viðurkenningaryfirvaldið senda eintak af landsbundna gerðarviðurkenningavottorðinu til viðurkenningaryfirvalda þess aðildarríkis sem framleiðandinn velur, þ.m.t. viðeigandi hluta þess upplýsingasafns sem um getur í 4. mgr. 26. gr., annað hvort með ábyrgðarpósti eða tölvupósti.
3. Viðurkenningaryfirvöld aðildarríkjanna skulu samþykkja landsbundna gerðarviðurkenningu nema þau hafi gilda ástæðu til að ætla að landsbundnu tæknilegu kröfurnar sem gerð ökutækisins hefur verið viðurkennd í samræmi við séu ekki jafngildar þeirra eigin kröfum.
4. Innan tveggja mánaða frá móttöku þeirra skjala sem um getur í 2. mgr. skulu viðurkenningaryfirvöld þeirra aðildarríkja sem framleiðandinn velur tilkynna ákvörðun sína um hvort gerðarviðurkenningin er samþykkt eða ekki til viðurkenningar-yfirvaldsins sem veitti landsbundnu gerðarviðurkenninguna. Ef ekki hefur verið tilkynnt um neina slíka ákvörðun innan þessa tveggja mánaða tímabils skal litið svo á að landsbundna gerðarviðurkenningin hafi verið samþykkt.
5. Að beiðni umsækjanda sem óskar eftir því að setja ökutæki með landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir litla framleiðsluröð á markað, skrá eða taka það í notkun í öðru aðildarríki skal viðurkenningaryfirvaldið, sem veitti landsbundnu gerðarviðurkenninguna fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum, afhenda landsyfirvaldi í hinu aðildarríkinu eintak af gerðarviðurkenningavottorðinu ásamt viðeigandi hlutum upplýsingasafnsins.

Landsyfirvald hins aðildarríkisins skal heimila að slíkt ökutæki sé sett á markað, skráð eða tekið í notkun, nema landsyfirvaldið hafi gilda ástæðu til að ætla að landsbundnu tæknilegu kröfurnar sem gerð ökutækisins hefur verið viðurkennt í samræmi við séu ekki jafngildar þeirra eigin kröfum.

IX. KAFLI

SKRÁNINGARVIÐURKENNINGAR ÖKUTÆKJA

44. gr.

ESB-skráningarviðurkenningar ökutækja

1. Aðildarríki skulu veita ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis handa ökutæki sem er í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við I. hluta II. viðauka eða, hvað varðar ökutæki til sérstakra nota, í III. hluta II. viðauka.

Þessi kafli gildir ekki um ófullbúin ökutæki:

2. Eigandi ökutækisins, framleiðandinn, fulltrúi framleiðandans eða innflytjandinn skal leggja fram umsókn um ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis.
3. Aðildarríki skulu ekki framkvæma eyðileggingarprófanir til að ákvarða hvort að ökutækið uppfyllir kröfurnar sem um getur í 1. mgr., heldur skulu þau nota allar viðeigandi upplýsingar sem umsækjandinn leggur fram í þeim tilgangi.
4. Vottorð um ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis skal fá einkvæmt númer í samræmi við samræmt númerakerfi sem skal a.m.k. gera kleift að tilgreina aðildarríkið sem veitti ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis.
5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðmát og númerakerfi fyrir vottorðin um ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknar-málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar eigi síðar en 5. júlí 2020.
6. Aðildarríki skulu heimila að ökutæki sem hafa gilt vottorð um ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis séu sett á markað, skráð eða tekin í notkun.
7. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta I. hluta II. viðauka í þeim tilgangi að setja fram tæknilegu kröfurnar um ökutæki í flokkum M, N og O.

45. gr.

Landsbundnar skráningarviðurkenningar ökutækis

1. Aðildarríki geta ákveðið að undanskilja tiltekið ökutæki, hvort sem það er einkvæmt eða ekki, frá því að þurfa að uppfylla eina eða fleiri af kröfunum í þessari reglugerð eða eina eða fleiri af kröfunum sem mælt er fyrir um í stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka, að því tilskildu að aðildarríkin hafi lagt á aðrar viðeigandi kröfur.
2. Eigandi ökutækisins, framleiðandinn, fulltrúi framleiðandans eða innflytjandinn skal leggja fram umsókn um landsbundna skráningarviðurkenningu ökutækis.
3. Aðildarríki skulu ekki framkvæma eyðileggingarprófanir til að ákvarða hvort að ökutækið uppfyllir aðrar kröfurnar sem um getur í 1. mgr., heldur skulu þau nota allar viðeigandi upplýsingar sem umsækjandinn leggur fram í þeim tilgangi.
4. Að því er varðar landsbundna skráningarviðurkenningu ökutækis samkvæmt þessari grein skal viðurkenningaryfirvaldið samþykkja kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem eru gerðarviðurkenndar í samræmi við stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka.
5. Ef ökutækið samræmist þeirri lýsingu sem fylgir umsókninni og uppfyllir aðrar viðeigandi kröfur skal aðildarríki án tafar veita landsbundið vottorð um skráningarviðurkenningu ökutækis.
6. Landsbundið vottorð um skráningarviðurkenningu ökutækis skal fá einkvæmt númer í samræmi við samræmt númerakerfi sem skal a.m.k. gera kleift að tilgreina aðildarríkið sem veitti viðurkenninguna og gera kleift að tilgreininga þær kröfur sem ökutækið samræmist.
7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðmát og númerakerfi fyrir landsbundið vottorð um skráningarviðurkenningu ökutækis. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Aðildarríki geta áfram ákvarðað snið vottorða um landsbundnar skráningarviðurkenningar ökutækja þar til framkvæmdastjórnin samþykkir slíkar framkvæmdargerðir.

46. gr.

Gildi landsbundinna skráningarviðurkenninga ökutækis

1. Landsbundin skráningarviðurkenning ökutækis skal aðeins gilda á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem veitti skráningarviðurkenningu ökutækisins.
2. Að fenginni beiðni umsækjanda sem óskar eftir því að bjóða fram á markaði, skrá eða setja í notkun ökutæki, sem hefur hlotið landsbundna skráningarviðurkenningu ökutækis, í öðru aðildarríki skal aðildarríkið sem veitti viðurkenninguna láta umsækjandanum í té yfirlýsingu varðandi þær tæknilegu kröfur sem ökutækið hefur verið viðurkennt samkvæmt.
3. Aðildarríki skal heimila að ökutæki, sem veitt hefur verið landsbundin skráningarviðurkenning ökutækis í samræmi við 45. gr. í öðru aðildarríki, sé boðið fram á markaði, skráð eða tekið í notkun á yfirráðasvæði þess nema ef aðildarríkið hefur gilda ástæðu til að ætla að aðrar viðeigandi kröfur sem ökutækið hefur verið viðurkennt samkvæmt séu ekki sambærilegar við þeirra eigin kröfur eða að ökutækið uppfylli ekki þær kröfur.
4. Þessi grein gildir um ökutæki sem hafa verið gerðarviðurkennd í samræmi við þessa reglugerð og sem hefur verið breytt áður en þau eru fyrst skráð eða tekin í notkun.

47. gr.

Sértæk ákvæði

1. Aðferðirnar sem settar eru fram í 44. og 45. gr. geta gilt um tiltekið ökutæki sem smíðað er í mörgum þrepum.
2. Aðferðirnar sem settar eru fram í 44. og 45. gr. skulu ekki koma í staðinn fyrir milliþrep í eðlilegri framvindu fjölþrepa gerðarviðurkenningar og skal ekki nota til viðurkenningar á fyrsta framleiðsluþrepi ökutækis.

X. KAFLI

AÐ BJÓÐA ÖKUTÆKI FRAM Á MARKAÐI, SKRÁ ÞAÐ EÐA TAKA ÞAÐ Í NOTKUN

48. gr.

Að bjóða ökutæki önnur en síðustu ökutæki gerðar fram á markaði, skrá þau eða taka þau í notkun

1. Með fyrirvara um 51., 52. og 53. gr. skal aðeins setja á markað, skrá eða taka í notkun ökutæki sem heildargerðarviðurkenning ökutækis er skyldubundin fyrir eða sem framleiðandinn hefur fengið þá gerðarviðurkenningu fyrir, ef þeim fylgir gilt samræmisvottorð sem gefið er út í samræmi við 36. og 37. gr.

Heimilt er að synja um skráningu og það að taka í notkun ófullbúin ökutæki svo lengi sem ökutækin eru ófullbúin. Skráningu ófullbúinna ökutækja og það að taka þau í notkun skal ekki nota til að sniðganga beitingu 49. gr.

2. Fjöldi þeirra ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum sem boðin eru fram á markaði, skráð, eða tekin í notkun á sama árinu skal ekki fara fram úr þeim árlegu magntakmörkunum sem mælt er fyrir um í V. viðauka.

49. gr.

Að bjóða síðustu ökutæki gerðar fram á markaði, skrá þau eða taka þau í notkun

1. Með fyrirvara um þær takmarkanir sem tilgreindar eru í B-hluta V. viðauka, og í takmarkaðan tíma eins og tilgreint er í 2. mgr., mega aðildarríki skrá og heimila að ökutæki séu boðin fram á markaði eða tekin í notkun sem samrýmast gerð ökutækis sem hefur ESB-gerðarviðurkenningu sem er ekki lengur í gildi.

Fyrsta undirgrein gildir aðeins um ökutæki sem voru á yfirráðasvæði Bandalagsins og höfðu ESB-gerðarviðurkenningu sem var í gildi á þeim tíma sem þau voru framleidd og höfðu ekki verið skráð eða tekin í notkun fyrir en fyrrgreind ESB-gerðarviðurkenning var fallin úr gildi.

2. Þegar um er að ræða fullbúin ökutæki, skal 1. mgr. gilda í einungis 12 mánuði frá því að ESB-gerðarviðurkenning fellur úr gildi og þegar um er að ræða fjölþrepa fullbúin ökutæki, í 18 mánuði frá þeirri dagsetningu.

3. Framleiðandi sem óskar eftir að nýta sér ákvæði 1. mgr. skal leggja fram beiðni þar um til lögbærra yfirvalda allra aðildarríkjanna sem í hlut eiga áður en viðkomandi ökutæki eru skráð eða tekin í notkun. Í beiðninni skal tilgreina þær tæknilegu eða efnahagslegu ástæður sem koma í veg fyrir að þessi ökutæki uppfylli nýju tæknilegu kröfurnar.

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu ákveða innan þriggja mánaða frá móttöku slíkrar beiðni hvort og, sé sú raunin, hversu mörg slík ökutæki þau heimila að séu skráð eða tekin í notkun á yfirráðasvæðum sínum.

4. Aðildarríkin skulu beita viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja skilvirkt eftirlit með fjölda þeirra ökutækja sem eru skráð eða tekin í notkun innan ramma þeirrar gerðarviðurkenningaraðferðar sem sett er fram í þessari grein.

50. gr.

Að bjóða fram á markaði eða taka í notkun íhluti og aðskildar tæknieiningar

1. Íhluti og aðskildar tæknieiningar, þ.m.t. þau sem ætluð eru á eftirmarkaðinn, má aðeins setja á markað eða taka í notkun ef kröfur viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæla sem taldar eru upp í II. viðauka eru uppfylltar og þau merkt í samræmi við 38. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem eru sérstaklega smíðaðar eða hannaðar fyrir ökutæki sem falla ekki undir þessa reglugerð.

3. Aðildarríki mega heimila það að bjóða fram á markaði eða að taka í notkun íhluti og aðskildar tæknieiningar sem eru undanþegin skv. 39. gr. eða sem á að nota í ökutækjum sem falla undir viðurkenningar sem veittar eru skv. 41., 42., 44. og 45. gr. varðandi þann íhlut eða þá aðskildu tæknieiningu sem um er að ræða.

4. Aðildarríki geta einnig heimilað það að bjóða fram á markaði eða að taka í notkun íhluti og aðskildar tæknieiningar sem á að nota í ökutækjum sem ekki þurfti að gerðarviðurkenna samkvæmt þessari reglugerð eða samkvæmt tilskipun 2007/46/EB þegar þau ökutæki voru boðin fram á markaði, skráð eða tekin í notkun.

5. Aðildarríki mega einnig heimila það að bjóða fram á markaði eða að taka í notkun íhluti til endurnýjunar og aðskildar tæknieiningar sem á að nota í ökutækjum sem veitt voru gerðarviðurkenningar áður en kröfurnar í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka tóku gildi, í samræmi við kröfurnar í viðkomandi fyrirmælum sem voru í gildi þegar gerðarviðurkenningarnar voru upphaflega veittar.

XI. KAFLI

VERNDARÁKVÆÐI

51. gr.

Landsbundið mat varðandi ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem grunur leikur á að alvarleg áhætta skapist af eða fari ekki að tilskildum ákvæðum

Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa nægilegar ástæður, byggt á þeirra eigin starfsemi á sviði markaðseftirlits, eða byggt á upplýsingum sem viðurkenningaryfirvald eða framleiðandi veitir, eða byggt á kvörtunum, til að ætla að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining skapi alvarlega áhættu fyrir heilsu eða öryggi einstaklinga eða fyrir aðra þætti verndunar almannahagsmuna sem falla undir þessa reglugerð eða uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu markaðseftirlitsyfirvöldin meta viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu gagnvart þeim viðeigandi kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Viðkomandi markaðsaðilar og viðurkenningaryfirvöld skulu eiga náð samstarf við markaðseftirlitsyfirvöldin, sem skal fela í sér að senda áfram allar niðurstöður úr viðeigandi skoðunum eða prófunum sem framkvæmdar eru í samræmi við 31. gr.

Ákvæði 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 gilda um áhættumatið á viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu.

52. gr.

Landsbundnar málsmeðferðir til þess að meðhöndla ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem alvarleg áhætta skapast af eða sem fara ekki að tilskildum ákvæðum

1. Ef markaðseftirlitsyfirvaldið í einu aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa framkvæmt mat samkvæmt 51. gr., að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining skapi alvarlega áhættu fyrir heilsu eða öryggi einstaklinga eða fyrir aðra þætti verndunar almannahagsmuna sem falla undir þessa reglugerð skal markaðseftirlitsyfirvaldið án tafar krefjast að viðkomandi markaðsaðilar grípi tafarlaust til allra viðeigandi ráðstafana til úrbóta til að tryggja að viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining skapi ekki lengur þá áhættu.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvaldið í einu aðildarríki, eftir að hafa framkvæmt mat samkvæmt 51. gr., kemst að þeirri niðurstöðu að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining fari ekki að þessari reglugerð en feli ekki í sér alvarlega áhættu eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal markaðseftirlitsyfirvaldið án tafar krefjast þess að viðkomandi markaðsaðili grípi til allra viðeigandi ráðstafana til úrbóta innan hæfilegs tíma til að koma ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu aftur í samræmi við þessa reglugerð. Það tímabil skal vera í réttu hlutfalli við alvarleika þess að ekki er farið að tilskildum ákvæðum til að tryggja að viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining fari að tilskildum ákvæðum þegar þau eru sett á markað, skráð eða tekin í notkun.

Markaðsaðilar skulu, í samræmi við þær skyldur sem settar eru fram í 13. til 21. gr., tryggja að gripið sé til allra viðeigandi ráðstafana til úrbóta að því er varðar öll viðkomandi ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem þeir markaðsaðilar hafa sett á markað, skráð eða tekið í notkun í Sambandinu.

3. Ef markaðsaðilar grípa ekki til fullnægjandi ráðstafana til úrbóta innan þess frests sem um getur í 1. eða 2. mgr., eða ef áhættan útheimtir hraðar aðgerðir, skulu landsyfirvöld grípa til allra viðeigandi bráðabirgðaráðstafana til að banna eða takmarka að viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar séu boðin fram á landsbundnum markaði, skráð eða tekin í notkun á markaði í hverju aðildarríki, eða til að taka þau af þeim markaði eða innkalla þau.

Ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 gilda að því er varðar þær takmarkandi ráðstafanir sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um flokkun á alvarleika þess að ekki er farið að tilskildum ákvæðum og þær viðeigandi ráðstafanir sem landsyfirvöld eiga að gera til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

53. gr.

Ráðstafanir til úrbóta og takmarkandi ráðstafanir á vettvangi Sambandsins

1. Aðildarríkið sem grípur til ráðstafana til úrbóta og takmarkandi ráðstafana í samræmi við 52. gr. skal án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum með upplýsinga- og fjarskiptakerfinu um markaðseftirlit. Það skal einnig tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti viðurkenninguna án tafar um niðurstöður sínar.

Í upplýsingunum, sem veittar eru, skulu koma fram allar tiltækar upplýsingar, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að sanngreina viðkomandi ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskilda tæknieiningu, uppruna þeirra, eðli meintra tilvika þar sem ekki var farið að ákvæðum og áhættunnar sem því fylgir, eðli og gildistíma landsbundinna ráðstafana til úrbóta og takmarkandi ráðstafana aðildarríkis sem gripið hefur verið til, ásamt rökstuðningi viðkomandi markaðsaðila.

2. Aðildarríkið sem grípur til ráðstöfunar til úrbóta eða takmarkandi ráðstöfunar skal einnig tilgreina hvort að áhættan eða það að ekki er farið að tilskildum ákvæðum stafi af eftirfarandi:

a) ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylla ekki kröfur varðandi heilsu og öryggi einstaklinga, umhverfisvernd eða aðra þætti verndunar almannahagsmuna sem reglugerð þessi nær yfir eða

b) annmarkar eru á viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

3. Aðildarríki önnur en það aðildarríki sem grípur til ráðstafana til úrbóta eða takmarkandi ráðstafana skulu innan mánaðar frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um allar ráðstafanir til úrbóta eða takmarkandi ráðstafanir sem þau hafa samþykkt og allar viðbótarupplýsingar sem þau hafa yfir að ráða að því er varðar hvernig viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining fer ekki að ákvæðum og áhættunnar sem því fylgir og, komi upp ágreiningur um tilkynnta landsráðstöfun aðildarríkis, um andmæli þeirra.

4. Ef annað aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hafa ekki hreyft andmælum innan eins mánaðar frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. að því er varðar tilkynnta landsráðstöfun skal sú ráðstöfun teljast réttlætanleg. Hin aðildarríkin skulu tryggja að án tafar sé gripið til svipaðra ráðstafana til úrbóta eða takmarkandi ráðstafana innan yfirráðasvæðis þeirra að því er varðar viðkomandi ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskilda tæknieiningu.

5. Ef annað aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hreyfir andmælum innan eins mánaðar frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. að því er varðar tilkynnta landsráðstöfun, eða ef framkvæmdastjórnin telur að tilkynnt ráðstöfun stangist á við lög Sambandsins skal framkvæmdastjórnin án tafar hafa samráð við viðkomandi aðildarríki og viðeigandi markaðsaðila.

Á grundvelli samráðsins sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða samræmdar ráðstafanir til úrbóta og takmarkandi ráðstafanir á vettvangi Sambandsins. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi markaðsaðila eða markaðsaðilum án tafar um ákvörðunina sem um getur í annarri undirgrein. Aðildarríki skulu framkvæma slíkar gerðir án tafar og skulu upplýsa framkvæmdastjórnina til samræmis við það.

Ef framkvæmdastjórnin telur að tilkynnt landsráðstöfun sé ekki réttlætanleg skal viðkomandi aðildarríki afturkalla eða aðlaga ráðstöfunina í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í annarri undirgrein.

6. Ef framkvæmdastjórnin kemst að því eftir að hafa framkvæmt prófanir og skoðanir í samræmi við 9. gr. að ráðstafanir til úrbóta og takmarkandi ráðstafanir séu nauðsynlegar á vettvangi Sambandsins skal hún án tafar hafa samráð við hlutaðeigandi aðildarríki og viðeigandi markaðsaðila.

Á grundvelli samráðs sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða ráðstafanir til úrbóta og takmarkandi ráðstafanir á vettvangi Sambandsins. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi markaðsaðila eða markaðsaðilum án tafar um ákvörðunina sem um getur í annarri undirgrein. Aðildarríki skulu framkvæma slíkar gerðir án tafar og skulu upplýsa framkvæmdastjórnina til samræmis við það.

7. Ef rekja má áhættuna eða að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum til annmarka á stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka skal framkvæmdastjórnin leggja til viðeigandi ráðstafanir með eftirfarandi hætti:

- a) þegar um er að ræða réttargerðir Sambandsins skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu um nauðsynlegar breytingar á viðkomandi gerðum,
- b) þegar um er að ræða reglugerðir Sameinuðu þjóðanna skal framkvæmdastjórnin leggja til nauðsynleg drög að breytingum á viðkomandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna í samræmi við viðeigandi málsmeðferð samkvæmt endurskoðaða samningnum frá 1958.

8. Ef ráðstöfun til úrbóta telst réttlætanleg í samræmi við þessa grein eða fellur undir framkvæmdargerðirnar eins og um getur í 5. eða 6. mgr. skal sú ráðstöfun vera aðgengileg handhöfum skráninga fyrir viðkomandi ökutæki án endurgjalds. Ef viðgerðir hafa verið gerðar á kostnað skráningarhafans áður en ráðstafanirnar til úrbóta eru samþykktar skal framleiðandinn endurgreiða kostnað slíkra viðgerða upp að kostnaði þeirra viðgerða sem krafist er í þeirri ráðstöfun til úrbóta.

54. gr.

ESB-gerðarviðurkenning sem fer ekki að tilskildum ákvæðum

1. Ef viðurkenningaryfirvald kemst að því að gerðarviðurkenning sem hefur verið veitt fari ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar skal viðurkenningaryfirvaldið neita að taka þá viðurkenningu gilda.

2. Viðurkenningaryfirvaldið skal tilkynna synjun sína til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna, til viðurkenningaryfirvaldanna í hinum aðildarríkjunum og til framkvæmdastjórnarinnar. Ef viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna staðfestir innan eins mánaðar frá tilkynningunni að gerðarviðurkenningin fari ekki að tilskildum ákvæðum skal það viðurkenningaryfirvald afturkalla gerðarviðurkenninguna.

3. Ef viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna hreyfir andmælum innan eins mánaðar frá tilkynningunni sem um getur í 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin án tafar hafa samráð við aðildarríkin, þá einkum við viðurkenningaryfirvaldið sem veitti gerðarviðurkenninguna og við viðeigandi markaðsaðila.

4. Á grundvelli samráðsins sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða hvort að neitunin að taka ESB-gerðarviðurkenninguna gilda sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar sé réttlætanleg. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi markaðsaðilum án tafar um ákvörðunina sem um getur í fyrstu undirgrein. Aðildarríkin skulu framkvæma slíkar gerðir án tafar og skulu upplýsa framkvæmdastjórnina til samræmis við það.

5. Ef framkvæmdastjórnin kemst að því eftir að hafa framkvæmt prófanir og skoðanir í samræmi við 9. gr. að gerðarviðurkenning sem veitt hefur verið fari ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar skal hún án tafar hafa samráð við aðildarríkin, þá einkum við viðurkenningaryfirvaldið sem veitti gerðarviðurkenninguna og við viðeigandi markaðsaðila.

Á grundvelli samráðsins sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð til að taka ákvörðun um synjun á viðurkenningu gerðarviðurkenningarinnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

6. Ákvæði 51., 52. og 53. gr. gilda um ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem falla undir gerðarviðurkenningu sem fer ekki að tilskildum ákvæðum og sem þegar eru aðgengilegar á markaði.

55. gr.

Að setja á markað eða taka í notkun hluti og búnað sem geta skapað verulega hættu fyrir rétta virkni mikilvægra kerfa

1. Ekki skal setja hluti eða búnað, sem stofnað geta réttri virkni kerfa sem nauðsynleg eru vegna öryggis ökutækisins eða vegna vistvænleika þess í alvarlega hættu, á markað, ekki skal taka þá í notkun og skulu þeir bannaðir, nema viðurkenningaryfirvald hafi gefið heimild fyrir þeim í samræmi við 56. gr.

2. Slíkar heimildir skulu einungis gilda um þann takmarkaða fjölda hluta eða búnaðar sem eru í skránni sem um getur í 4. mgr.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., sem bæta við þessa reglugerð með því að mæla fyrir um kröfur varðandi heimild fyrir hlutum og búnaði sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

Þær kröfur má byggja á stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka eða þær geta samanstðið af samanburði á vistvænleika eða öryggisframmistöðu hlutanna eða búnaðarins við vistvænleika eða öryggisframmistöðu upprunalegu hlutanna eða búnaðarins, eins og við á. Í báðum tilfellum skulu kröfurnar tryggja að hlutir eða búnaður dragi ekki úr virkni þeirra kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækisins eða vistvænleika.

4. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta VI. viðauka þannig að tekið sé tillit til tækniþróunar og þróunar á sviði reglusetningar með því að mæla fyrir um og uppfæra skrána yfir hluti og búnað á grundvelli mats á eftirfarandi:

a) að hvaða marki alvarleg áhætta er fyrir hendi sem steðjar að öryggi ökutækja eða vistvænleika þeirra þegar þeir hlutir eða sá búnaður sem um ræðir er festur á þau,

b) möguleg áhrif á neytendur og framleiðendur á eftirmarkaði vegna mögulegrar heimildar fyrir hlutunum og búnaðinum skv. 1. mgr. 56. gr.

5. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um upprunalega hluti eða búnað eða þá hluti eða búnað sem tilheyra kerfi sem hefur verið gerðarviðurkennt í samræmi við stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka, nema þar sem gerðarviðurkenningarnar tengjast öðrum þáttum en alvarlegu áhættunni sem um getur í 1. mgr.

Upprunalegir hlutir eða búnaður, að því er varðar þessa grein, á við um hluti eða búnað sem eru framleiddir í samræmi við forskriftir og framleiðslustaðla sem framleiðandi ökutækisins veitir við samsetningu ökutækisins sem um ræðir.

6. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda ekki um hluti eða búnað sem eru sérstaklega framleiddir fyrir kappakstur-sökutæki. Hlutir eða búnaður sem taldir eru upp í VI. viðauka og eru notaðir bæði við kappakstur og við akstur á vegum skulu einungis gerðir aðgengilegir á markaði fyrir ökutæki sem ætluð eru til notkunar á opinberum vegum ef þeir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar og sem framkvæmdastjórnin hefur heimilað. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða hvort veita eigi þessar heimildir. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

56. gr.

Tengdar kröfur um hluti eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni nauðsynlegra kerfa

1. Framleiðandi hluta eða búnaðar getur sótt um þá heimild sem um getur í 1. mgr. 55. gr. með því að láta viðurkenningaryfirvaldi í té umsókn með prófunarskýrslu, sem tækniþjónusta hefur unnið, og sem staðfestir að hlutirnir eða búnaðurinn, sem sótt er um leyfi fyrir, uppfylli kröfurnar sem um getur í 3. mgr. 55. gr. Slíkum framleiðanda er aðeins heimilt að leggja fram eina umsókn fyrir hverja gerð hluta eða búnaðar og aðeins til eins viðurkenningaryfirvalds.

2. Í umsókninni um heimildina skulu koma fram upplýsingar um framleiðanda hlutanna eða búnaðarins, gerð, auðkennið og hlutanúmer hlutanna eða búnaðarins, sem og nafn á framleiðanda ökutækisins, gerð ökutækisins og, eftir því sem við á, smíðaárið og aðrar upplýsingar sem gera kleift að auðkenna ökutækið sem fyrirhugað er að festa þessa hluti eða búnað á.

Viðurkenningaryfirvaldið skal heimila að hlutirnir eða búnaðurinn séu settir á markað eða teknir í notkun ef það telur, að teknu tilliti til prófunarskýrslunnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og til annarra vísbendinga, að hlutirnir eða búnaðurinn sem um ræðir uppfylla kröfurnar sem um getur í 3. mgr. 55. gr.

Viðurkenningaryfirvaldið skal án tafar gefa út heimild til framleiðanda.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðmát og númerakerfi fyrir heimildina sem um getur í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

3. Framleiðandi skal tafarlaust tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti heimildina um allar breytingar sem hafa áhrif á skilyrðin fyrir útgáfu heimildarinnar. Viðurkenningaryfirvaldið skal ákveða hvort það þurfi að endurskoða eða endurútgefa heimildina og hvort þörf sé á frekari prófunum.

Framleiðandinn skal tryggja að hlutir og búnaður séu framleiddir og verði áfram framleiddir samkvæmt skilyrðunum fyrir útgáfu heimildarinnar.

4. Áður en viðurkenningaryfirvaldið gefur leyfi skal það staðfesta að fyrirkomulag og aðferðir séu til staðar til að tryggja skilvirkt eftirlit með samræmi framleiðslu.

Komist viðurkenningaryfirvald að því að skilyrðin fyrir útgáfu leyfisins eru ekki lengur uppfyllt, skal það fara fram á að framleiðandinn grípi til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að hlutirnir eða búnaðurinn verði færður til samræmis. Ef nauðsyn krefur skal það afturkalla leyfið.

5. Að fenginni beiðni frá landsyfirvaldi annars aðildarríkis skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti heimildina senda afrit af þeirri veittu heimild, ásamt fylgiskjöllum þess, með sameiginlegu öruggu kerfi til rafrænna upplýsingaskipta, innan eins mánaðar frá því að beiðnin barst. Afritið getur einnig verið öruggt rafræn skrá.

6. Viðurkenningaryfirvald sem er ósammála heimildinni sem annað aðildarríki gefur út skal vekja athygli framkvæmdastjórnarinnar á ástæðunum fyrir því að það er ósammála. Framkvæmdastjórnin skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að greiða úr ósamkomulaginu. Ef nauðsyn krefur og að höfðu samráði við viðeigandi viðurkenningaryfirvöld er framkvæmdastjórninni heimilt að meðal annars samþykkja framkvæmdargerðir þar sem krafist er afturköllunar á heimildinni. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

7. Þar til skránni sem um getur í 4. mgr. 55. gr. hefur verið komið á fót geta aðildarríki viðhaldið eigin ráðstöfunum varðandi hluti eða búnað sem getur haft áhrif á rétta virkni kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækisins eða vistvænleika þess.

XII. KAFLI

ALÞJÓÐAREGLUR

57. gr.

Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna sem krafist er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu

1. Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna eða breytingar á þeim sem Sambandið hefur samþykkt eða sem Sambandið beitir og sem taldar eru upp í II. viðauka skulu teljast til krafna fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis, kerfa, íhluta eða aðskilinna tækieininga.

2. Ef Sambandið hefur samþykkt reglugerð Sameinuðu þjóðanna eða breytingar á henni að því er varðar heildargerðarviðurkenningu ökutækis skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 82. gr. til að bæta við þessa reglugerð með því að gera þá reglugerð Sameinuðu þjóðanna eða breytingarnar á henni lögboðnar eða með því að breyta þessari reglugerð.

Í þessum framseldu gerðum skal tilgreina dagsetningarnar þegar sú reglugerð Sameinuðu þjóðanna eða breytingar eiga að vera lögboðnar og þær skulu innihalda umbreytingarákvæði, eftir því sem við á og eftir atvikum að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu, fyrstu skráningu ökutækja eða að þau séu tekin í notkun og þegar kerfi, íhlutir og aðskildar tækieiningar eru boðin fram á markaði.

58. gr.

Jafngildi reglugerða Sameinuðu þjóðanna að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu

1. Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna sem taldar eru upp í II. hluta II. viðauka eru viðurkenndar sem jafngildar samsvarandi stjórnvaldsfyrirmælum að því marki sem þær hafa sama gildissvið og viðfangsefni.

2. Viðurkenningaryfirvöld aðildarríkjanna skulu samþykkja gerðarviðurkenningar sem veittar eru í samræmi við reglugerðir Sameinuðu þjóðanna sem um getur í 1. mgr. og, ef við á, skal samþykkja viðkomandi viðurkenningarmerki í stað samsvarandi gerðarviðurkenninga og viðurkenningarmerkja sem veitt voru í samræmi við þessa reglugerð og stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka.

XIII. KAFLI

MÍÐLUN TÆKNILEGRA UPPLÝSINGA

59. gr.

Upplýsingar ætlaðar notendum

1. Framleiðandinn skal ekki veita neinar tæknilegar upplýsingar sem tengjast efnisatriðunum um gerð ökutækis, kerfis, íhlutar, aðskilinnar tækieiningar, hluta eða búnaðar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eða í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka og sem víkja frá efnisatriðum gerðarviðurkenningarinnar sem viðurkenningaryfirvaldið hefur veitt.

2. Framleiðandinn skal gera allar viðkomandi upplýsingar og nauðsynlegar leiðbeiningar aðgengilegar notendum þar sem lýst er sérstökum skilyrðum eða takmörkunum sem tengjast notkun ökutækis, kerfis, íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar, hluta eða búnaðar.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. skulu veittar á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem ökutækið, kerfið, íhluturinn, aðskilda tæknieiningin, hlutinn eða búnaðurinn verður settur á markað, skráður eða tekinn í notkun. Þær skulu einnig veittar í notendahandbókinni.

60. gr.

Upplýsingar ætlaðar framleiðendum

1. Framleiðendur ökutækja skulu gera allar upplýsingar aðgengilegar framleiðendum kerfa, íhluta, aðskilinna tæknieininga, hluta eða búnaðar sem eru nauðsynlegar við ESB-gerðarviðurkenningu kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga eða til að fá heimildina sem um getur í 1. mgr. 55. gr.

Framleiðendur ökutækja geta krafist þess að framleiðendur kerfa, íhluta, aðskilinna tæknieininga, hluta eða búnaðar geri bindandi samning um að vernda trúnað upplýsinga sem eru ekki aðgengilegar almenningi, þ.m.t. upplýsinga sem tengjast hugverkaréttindum.

2. Framleiðendur kerfa, íhluta, aðskilinna tæknieininga, hluta eða búnaðar skulu veita framleiðendum ökutækja allar ítarlegar upplýsingar um takmarkanir sem gilda um gerðarviðurkenningar þeirra og sem er annaðhvort vísað til í 3. mgr. 29. gr. eða eru lagðar á með stjórnsýslufyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

XIV. KAFLI

AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM UM INNBYGGÐ GREININGARKERFI ÖKUTÆKIS OG UM VIÐGERÐIR OG VIÐHALD ÖKUTÆKIS

61. gr.

Skyldur framleiðenda um að veita upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Framleiðendur skulu veita sjálfstæðum rekstraraðilum óhindraðan og staðlaðan aðgang, án mismununar, að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis, greiningarbúnað og öðrum búnaði, verkfærum, þ.m.t. ítarlegum tilvísunum og aðgengilegu niðurrhali af viðeigandi hugbúnaði og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis. Upplýsingar skulu settar fram á auðveldan og aðgengilegan hátt með gagnasöfnum sem eru tölvulæsileg og sem hægt er að vinna úr á rafrænan hátt. Óháðir rekstraraðilar skulu hafa aðgang að fjargreiningarþjónustu sem framleiðendur og viðurkenndir seljendur og viðgerðarverkstæði nota.

Framleiðendur skulu veita staðlaðan, öruggan og fjartengdan búnað til að gera óháðum viðgerðarverkstæðum kleift að ljúka aðgerðum sem fela í sér aðgang að öryggiskerfi ökutækisins.

2. Þar til framkvæmdastjórnin hefur samþykkt viðeigandi staðal frá Staðlasamtökum Evrópu eða sambærilegri staðlastofnun skulu upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækisins og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis settar fram á auðveldan og aðgengilegan hátt þannig að óháðir rekstraraðilar geti unnið úr þeim án þess að leggja meira á sig en eðlilegt getur talist.

Upplýsingarnar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og upplýsingarnar um viðgerðir og viðhald ökutækis skulu gerðar aðgengilegar á vefsetrum framleiðenda á stöðluðu formi eða, ef það er ekki gerlegt sökum eðlis upplýsinganna, á öðru viðeigandi formi. Fyrir óháða rekstraraðila aðra en viðgerðarverkstæði skulu þessar upplýsingar einnig veittar á tölvulæsilegu formi sem hægt er að vinna úr á rafrænan hátt með algengum upplýsingatæknitólum og -hugbúnaði og sem gerir óháðum rekstraraðilum kleift að framkvæma þau verkefni sem tengjast viðskiptum þeirra í aðfangakeðju á eftirmarkaði.

3. Í eftirfarandi tilvikum skal þó vera nóg að framleiðandinn leggi fram tilskildu upplýsingarnar án tafar á auðveldan og aðgengilegan hátt þegar óháður rekstraraðili óskar eftir því:

a) fyrir gerðir ökutækja sem falla undir landsbundna gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum eins og um getur í 42. gr.,

- b) fyrir ökutæki til sérstakra nota,
- c) fyrir gerðir ökutækja í flokkum O₁ og O₂ sem nota ekki greiningartæki eða efnisleg eða þráðlaus samskipti við rafstýrið eða -einingarnar í þeim tilgangi að greina eða endurforrita ökutækin sín,
- d) fyrir lokaþrep gerðarviðurkenningar í fjölþrepa gerðarviðurkenningaraðferð þar sem lokaþrepið tekur einungis til yfirbyggingar sem inniheldur engin rafræn stjórnerfi ökutækisins og öll rafræn stjórnerfi ökutækisins í grunnökutækinu haldast óbreytt.

4. Í X. viðauka er mælt fyrir um nánari útfærslu á tæknilegum kröfum um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðgerðir og viðhald, einkum tækniforskriftir um hvernig veita skuli upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald.

5. Einnig skulu framleiðendur koma á framfæri efni til þjálfunar við óháða rekstraraðila og viðurkennda seljendur og viðgerðarverkstæði.

6. Framleiðendur skulu sjá til þess að upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækisins og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækisins séu ávallt aðgengilegar, nema þegar upplýsingakerfið þarfnast viðhalds.

Framleiðendur skulu gera allar síðari breytingar og viðbætur við upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis aðgengilegar á vefsetrum sínum um leið og þær eru gerðar aðgengilegar viðurkenndum viðgerðarverkstæðum.

7. Að því er varðar framleiðslu og viðhald hluta til endurnýjunar eða viðgerða, sem samrýmast innbyggða greiningarkerfinu, greiningartæki og prófunarbúnað, skulu framleiðendur veita öllum framleiðendum og viðgerðarverkstæðum íhluta, greiningartækja eða prófunarbúnaðar, sem hagsmunu eiga að gæta, viðeigandi upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis, án mismununar.

8. Að því er varðar hönnun, framleiðslu og viðgerð búnaðar fyrir ökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti skulu framleiðendur veita öllum framleiðendum og viðgerðarverkstæðum búnaðar fyrir slík ökutæki, ásamt þeim sem sjá um uppsetningu búnaðarins, viðeigandi upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis, án mismununar.

9. Ef viðgerðar- og viðhaldsskrár ökutækis eru geymdar í miðlægu gagnasafni framleiðanda ökutækisins eða fyrir hans hönd skulu sjálfstæð viðgerðarverkstæði hafa aðgang að slíkum gögnum án endurgjalds og hafa kost á að skrá inn upplýsingar um viðgerðir og viðhald sem þau hafa framkvæmt.

10. Þessi kafli gildir ekki um ökutæki sem falla undir skráningarviðurkenningar ökutækis.

11. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta X. viðauka þannig að tekið sé tillit til tæknipróunar og þróunar á sviði reglusetningar eða að komið sé veg fyrir misnotkun með því að uppfæra kröfurnar varðandi aðganginn að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis, þ.m.t. þær viðgerðar- og viðhaldsaðgerðir sem studdar eru með þráðlausu víðneti, og með því að samþykkja og samþætta þá staðla sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til núverandi upplýsingatækni, fyrirjáanlegrar tæknipróunar að því er varðar ökutæki, núverandi ISO-staðla og möguleikans á ISO-staðli á heimsvísu.

62. gr.

Skyldur að því er varðar handhafa nokkurra gerðarviðurkenninga

1. Framleiðandinn sem ber ábyrgð á viðkomandi gerðarviðurkenningu á kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu eða ber ábyrgð á tilteknu þrepi ökutækis skal, ef um er að ræða blandaða gerðarviðurkenningu, gerðarviðurkenningu í áföngum eða fjölþrepa gerðarviðurkenningu bera ábyrgð á miðlun upplýsinga til bæði endanlega framleiðandans og óháðu rekstraraðilanna um þær upplýsingar um viðgerðir og viðhald sem varða tiltekna kerfið, íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna eða sem varða tiltekna þrepið.

2. Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu skal endanlegur framleiðandi vera ábyrgur fyrir því að veita aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis að því er varðar eigin framleiðsluþrep og tengingu við fyrri þrep.

63. gr.

Gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Framleiðandinn má innheimta sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis öðrum en færslunum sem um getur í 10. mgr. 61. gr. Það gjald skal ekki verða til að letja óháða rekstraraðila til að nýta sér slíkar upplýsingar með því að vera ekki í neinu samræmi við notkun þeirra á upplýsingunum. Landsyfirvöldum, framkvæmdastjórninni og tækniþjónustum skal boðið aðgengi án endurgjalds að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis.
2. Framleiðandinn skal veita aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis, þ.m.t. viðskiptaþjónustu á borð við endurforritun eða tækniaðstoð, klukkustundir, daga, mánuði eða ár í senn og skal gjaldið fyrir aðgang að þeim upplýsingum vera breytilegt í samræmi við þann tíma sem aðgangur er veittur.

Til viðbótar við aðgang sem miðast við tíma mega framleiðendur bjóða aðgang sem miðast við færslur, en þá er gjaldfært fyrir hverja færslu í staðinn fyrir þann tíma sem aðgangur er veittur.

Ef framleiðandinn býður upp á bæði aðgangskerfin skulu sjálfstæði viðgerðarverkstæði velja aðgangskerfi sem geta annaðhvort miðast við tíma eða miðast við færslur.

64. gr.

Sönnun um uppfyllingu skyldna sem varða upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Framleiðandinn sem sótt hefur um ESB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu skal afhenda viðurkenningaryfirvaldinu sönnun um að farið sé að ákvæðum þessa kafla innan sex mánaða frá dagsetningu viðkomandi gerðarviðurkenningar.
2. Ef ekki er sýnt fram á að farið sé að ákvæðum innan þess tíma sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal viðurkenningaryfirvaldið grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við 65. gr.

65. gr.

Uppfylling skuldbindinga varðandi aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Viðurkenningaryfirvald getur hvenær sem er, hvort sem er að eigin frumkvæði, á grundvelli kvörtunar, eða á grundvelli mats frá tækniþjónustu, athugað hvort framleiðandi uppfylli ákvæðin í þessum kafla og við vottorð framleiðandans um aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis sem um getur í 1. viðbæti við X. viðauka.
2. Ef viðurkenningaryfirvald kemst að því að framleiðandinn hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar varðandi aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti viðeigandi gerðarviðurkenningu grípa til viðeigandi ráðstafana til að ráða bót á ástandinu.

Þessar ráðstafanir geta m.a. verið afturköllun eða tímabundin niðurfelling gerðarviðurkenningarinnar, sektir eða aðrar ráðstafanir sem samþykktar eru skv. 84. gr.

3. Ef óháður rekstraraðili eða atvinnugreinasamtök sjálfstæðra rekstraraðila leggja fram kvörtun til viðurkenningaryfirvaldsins um að framleiðandinn fari ekki að ákvæðum þessa kafla skal viðurkenningaryfirvaldið gera úttekt til að sannprófa hvort að framleiðandinn fari að tilskildum ákvæðum. Viðurkenningaryfirvald skal fara þess á leit við viðurkenningaryfirvaldið sem veitti heildargerðarviðurkenninguna að það rannsaki kvörtunina og biðji í kjölfarið um sönnunargögn frá framleiðanda ökutækisins sem sýna fram á að hann hafi yfir að ráða kerfi sem sé í samræmi við þessa reglugerð. Innan þriggja mánaða frá því að beiðnin er lögð fram skal senda niðurstöður þeirrar rannsóknar til landsbundna viðurkenningaryfirvaldsins og óháða rekstraraðilans eða atvinnugreinasamtakanna sem um er að ræða.

4. Viðurkenningaryfirvaldinu er heimilt við framkvæmd úttektarinnar að biðja tækniþjónustu eða annan óháðan sérfræðing að framkvæma mat til að staðfesta hvort farið hafi verið að þessum skuldbindingum að því er varðar aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

66. gr.

Samráðsvettvangur um aðgang að upplýsingum um ökutæki

1. Samráðsvettvangur um aðgang að upplýsingum um ökutæki varðandi upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis, sem komið er á fót í samræmi við 9. mgr. 13. gr. í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ⁽¹⁾, skal einnig fjalla um öll ökutæki sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

Samráðsvettvangurinn skal haga starfsemi sinni í samræmi við X. viðauka við þessa reglugerð.

2. Samráðsvettvangurinn um aðgang að upplýsingum um ökutæki skal taka til skoðunar hvort aðgangur að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis hefur áhrif á þær framfarir sem hafa orðið í fækkun á ökutækjapjófnaði og leggja fram tillögur um hvernig bæta má kröfurnar varðandi aðgang að slíkum upplýsingum. Samráðsvettvangurinn um aðgang að upplýsingum um ökutæki skal einkum veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um innleiðingu ferlis til að faggildingarstofur geti samþykkt og veitt óháðum rekstraraðilum leyfi til fá aðgang að upplýsingum um öryggisþætti ökutækja.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákveða að fara með umfjöllun og niðurstöður samráðsvettvangsins um aðgang að upplýsingum um ökutæki sem trúnaðarmál.

XV. KAFLI

MAT, TILNEFNING, TILKYNNING AND VÖKTUN TÆKNIÞJÓNUSTA

67. gr.

Gerðarviðurkenningaryfirvald sem ber ábyrgð á tækniþjónustum

1. Viðurkenningaryfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir í samræmi við 2. mgr. 6. gr. (vísað til sem „gerðarviðurkenningaryfirvald“ að því er varðar þennan kafla) skal bera ábyrgð á mati, tilnefningu, tilkynningu og vöktun á tækniþjónustum, þ.m.t., eftir því sem við á, undirverktökum eða dótturfélögum þessara tækniþjónustna. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið getur ákveðið að faggildingarstofa í aðildarríki eigi að framkvæma matið og vöktunina á tækniþjónustum og á undirverktökum eða dótturfélögum þessara tækniþjónustna, eftir því sem við á.

2. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu gangast undir jafningjamat að því er varðar hvers konar starfsemi sem þau annast sem tengist matinu og vöktuninni á tækniþjónustum.

Jafningjamat skal ná yfir matið sem gerðarviðurkenningaryfirvöld hafa framkvæmt í samræmi við 4. mgr. 73. gr. á aðgerðum tækniþjónustna í heild eða að hluta til, þ.m.t. hæfni starfsfólksins, réttleika prófunarinnar og skoðunaraðferða og réttleika prófunarniðurstæðna byggt á skilgreindum ramma stjórnvaldsfyrirmæla sem talin eru upp í I. hluta II. viðauka.

Undanþágu frá jafningjamati fær starfsemi sem tengist mati og vöktun á tækniþjónustum sem einungis fást við landsbundnar skráningarviðurkenningar (e. *individual approval*) sem veittar voru í samræmi við 45. gr. eða við landsbundnar gerðarviðurkenningar ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum sem veittar voru í samræmi við 42. gr.

Hvers konar mat gerðarviðurkenningaryfirvalda á faggildum tækniþjónustum skal vera undanþegið frá jafningjamati.

3. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu ekki gangast undir jafningjamat þegar þau tilnefna einungis tækniþjónustur á grundvelli faggildingar tækniþjónustnanna.

4. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal ekki veita ráðgjafarþjónustu á viðskipta- eða samkeppnisgrundvelli.

5. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal hafa yfir að ráða nægilegum fjölda af starfsfólki til að framkvæma þau verkefni sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjútíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.).

6. Sérhvert aðildarríki skal veita framkvæmdastjórninni, samráðsveitvanginum og öðrum aðildarríkjum sem óska þess upplýsingar um aðferðir sínar við mat, tilnefningu og tilkynningu tækniþjónustna og um vöktun á tækniþjónustum og um allar breytingar á þeim aðferðum.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um fyrirmyndina að tilhögun upplýsingamiðlunar um aðferðir aðildarríkjanna sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

7. Gerðarviðurkenningaryfirvöld sem falla undir jafningjamat skulu ákvarða verklagsreglur um innri endurskoðun í samræmi við 2. viðbæti við III. viðauka. Slíkar innri endurskoðanir skal framkvæma að minnsta kosti einu sinni á ári. Þó er heimilt að draga úr tíðninni á innri endurskoðunum ef gerðarviðurkenningaryfirvaldið getur sýnt fram á að verið sé að beita stjórnunarkerfi þess á markvissan hátt og hefur reynst stöðugt.

8. Jafningjamatshópur sem samanstendur af tveimur gerðarviðurkenningaryfirvöldum frá öðrum aðildarríkjum skal framkvæma jafningjamat á gerðarviðurkenningaryfirvaldi á a.m.k. fimm ára fresti.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákveða að taka þátt í jafningjamatshópnum á grundvelli áhættumatsgreiningar.

Jafningjamatið skal innt af hendi á ábyrgð viðurkenningaryfirvaldsins sem sætir mati og skal fela í sér heimsókn á athafnasvæði tækniþjónustu, sem jafningjamatshópurinn velur.

Gerðarviðurkenningaryfirvöld sem falla ekki undir jafningjamat í samræmi við 3. mgr. skulu ekki vera talin með í neinni starfsemi sem tengist jafningjamatshópnum.

9. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til athugunarefna samráðsveitvangsins er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem sett er fram áætlun fyrir jafningjamat sem nær yfir a.m.k. fimm ár, um viðmiðanir varðandi samsetninguna á jafningjamatshópnum, aðferðafræðina sem notuð er við jafningjamatið, áætlunina, tíðnina og önnur verkefni sem tengjast jafningjamatinu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

10. Samráðsveitvangurinn skal rannsaka niðurstöðuna úr jafningjamatinu. Framkvæmdastjórnin skal taka saman samantektir á niðurstöðunni úr jafningjamati og birta þær opinberlega.

68. gr.

Tilnefning tækniþjónustu

1. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu tilnefna tækniþjónustur fyrir einn eða fleiri af eftirfarandi flokkum starfsemi með hliðsjón af valdsviði þeirra:

- a) flokkur A: prófanir sem um getur í þessari reglugerð og í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka sem tækniþjónustur framkvæma í eigin starfsstöðvum,
- b) flokkur B: umsjón með þeim prófunum, þ.m.t. undirbúningi prófana, sem um getur í þessari reglugerð eða í stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka, ef slíkar prófanir eru framkvæmdar í starfsstöð framleiðanda eða í starfsstöð þriðja aðila,
- c) flokkur C: reglulegt mat á og eftirlit með verklagsreglum framleiðanda við eftirlit með samræmi framleiðslu,
- d) flokkur D: umsjón með eða framkvæmd prófana eða skoðana til að hafa eftirlit með samræmi framleiðslu.

2. Hvert aðildarríki má tilnefna gerðarviðurkenningaryfirvald til að gegna hlutverki tækniþjónustu fyrir einn eða fleiri flokka starfsemi sem um getur í 1. mgr.

3. Tækniþjónustu skal komið á fót samkvæmt lögum aðildarríkis og hafa réttarstöðu lögaðila, að undanskilinni tækniþjónustu sem tilheyrir gerðarviðurkenningaryfirvaldi og að undanskilinni faggildri innri tækniþjónustu framleiðanda eins og um getur í 72. gr.

4. Tækniþjónusta skal hafa ábyrgðartryggingu sem er tengd starfsemi hennar nema aðildarríki hennar taki á sig ábyrgð samkvæmt landslögum eða ef aðildarríkið sjálf ber beina ábyrgð á samræmismatinu.

5. Að því er varðar 74. gr. má aðeins tilnefna og tilkynna tækniþjónustur þriðja lands, aðrar en þær sem tilnefndar eru í samræmi við 72. gr., ef möguleikinn á að tilnefna slíkar tækniþjónustur er veittur með tvíhliða samningi á milli Sambandsins og þriðja landsins sem um er að ræða. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að tækniþjónusta sem komið er á fót samkvæmt lögum aðildarríkis í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar stofni dótturfélög í þriðju löndum að því tilskildu að tilnefnda tækniþjónustan stjórní dótturfélagunum með beinum hætti.

69. gr.

Óhæði tækniþjónustna

1. Tækniþjónusta, þ.m.t. starfsfólk hennar, skal vera sjálfstæð og skal annast þá starfsemi sem hún er tilnefnd til að sinna, af faglegri ráðvæðni á hæsta stigi og með nauðsynlegri tæknileg færni á viðkomandi sviði sem hún starfar á og laus við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður matsstarfsemi þeirra, einkum þrýsting og hvatningu frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.

2. Tækniþjónusta skal vera þriðji aðili eða stofnun þriðja aðila sem kemur ekki að ferlinu fyrir hönnun, framleiðslu, afhendingu eða viðhald þess ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskildu tæknieiningar sem tækniþjónustan metur, prófar eða skoðar.

Stofnun eða aðili sem tilheyrir atvinnugreinasamtökum eða fagfélagi sem kemur fram fyrir hönd fyrirtækja sem fást við hönnun, framleiðslu, afhendingu eða viðhald þeirra ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskildu tæknieininga sem slík stofnun eða slíkur aðili metur, prófar eða hefur eftirlit með, getur talist uppfylla kröfur fyrstu undirgreinar, að því tilskildu að gerðarviðurkenningaryfirvaldi viðkomandi aðildarríkis sé sýnt fram á að stofnunin eða aðilinn sé óháður og laus við hagsmunaárekstra.

3. Tækniþjónusta, æðstu stjórnendur hennar eða starfsfólk sem ber ábyrgð á að framkvæma þá starfsemi sem tækniþjónustan er tilnefnd til að sinna í samræmi við 1. mgr. 68. gr., skulu ekki koma að hönnun, framleiðslu, afhendingu eða viðgerð ökutækjanna, kerfanna, íhlutanna eða aðskildu tæknieininganna sem tækniþjónustan sér um að meta, né vera fulltrúar þeirra aðila sem fást við slíka starfsemi. Þetta skal ekki koma í veg fyrir notkun þeirra ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskildu tæknieininga sem eru nauðsynleg vegna starfrækslu tækniþjónustunnar eða notkun slíkra ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga í persónulegum tilgangi.

4. Tækniþjónusta skal tryggja að starfsemi dótturfélaga eða undirverktaka hennar hafi ekki áhrif á trúnað, hlutlægni eða óhlutdrægni þeirra flokka starfseminnar sem hún er tilnefnd til að sinna.

5. Starfsfólk tækniþjónustu skal gæta þagnarskyldu um allar upplýsingar sem það aflar sér í starfi samkvæmt þessari reglugerð, nema gagnvart tilnefndum viðurkenningaryfirvöldum og, ef við á, gagnvart faggildingarstofu í aðildarríki eða þar sem lög Sambandsins eða landslög kveða á um annað.

70. gr.

Hæfi tækniþjónustna

1. Tækniþjónusta skal vera fær um að framkvæma alla þá starfsemi sem hún sækir um að fá tilnefningu fyrir, í samræmi við 1. mgr. 68. gr. Hún skal sýna viðurkenningaryfirvaldinu eða faggildingarstofunni í aðildarríki, sem sér um matið eða vöktuninni á þeirri tækniþjónustu, fram á að hún uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

- a) starfsfólk hennar hafi viðeigandi fagkunnáttu, sértæka tækniþekkingu og starfsþjálfun og nægilega og viðeigandi reynslu til að framkvæma þá starfsemi sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir,
- b) hún hafi lýsingar á þeim verklagsreglum sem eiga við um framkvæmd þeirrar starfsemi sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þess um hversu flókna tækni er að ræða í viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu, og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða. Tækniþjónustan skal sýna fram á gagnsæi og samanburðarnákvæmni þeirra verklagsreglna,
- c) hún hafi nauðsynleg úrræði til að framkvæma þau verkefni sem tengjast þeim flokki eða flokkum starfsemi sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir og að hún hafi aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði eða aðstöðu.

2. Tækniþjónusta skal einnig sýna fram á að hún hafi þá viðeigandi fagkunnáttu, sértæku tækniþekkingu og staðfestu reynslu til að framkvæma prófanir og skoðanir við mat á samræmi ökutækjanna, kerfanna, íhlutanna og aðskildu tæknieininganna við þessa reglugerð og skal sýna fram á að hún uppfylli þá staðla sem skráðir eru í 1. viðbæti við III. viðauka. Staðlarnir sem taldir eru upp í 1. viðbæti við III. viðauka gilda hins vegar ekki að því er varðar síðasta þrepið í landsbundinni fjölþrepa aðferð sem um getur í 1. mgr. 47. gr.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 82. gr. til að breyta III. viðauka að því er varðar kröfurnar um matið á tækniþjónustunum.

71. gr.

Dótturfélög og undirverktakar tækniþjónustu

1. Tækniþjónustur geta, í samkomulagi við gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi þær, falið undirverktaka þá flokka starfsemi sem tækniþjónusturnar hafa verið tilnefndar til að sinna í samræmi við 1. mgr. 68. gr., eða falið dótturfélagi þá starfsemi.

2. Ef tækniþjónusta felur undirverktaka sérstök verkefni innan þeirra flokka starfsemi sem hún hefur verið tilnefnd til að sinna eða nýtir sér dótturfélag fyrir þau verkefni, skal hún tryggja að undirverktakinn eða dótturfélagið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 68., 69. og 70. gr. og skal upplýsa gerðarviðurkenningaryfirvaldið um það.

3. Tækniþjónustur skulu bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem undirverktakar eða dótturfélög þeirra framkvæma, án tillits til staðfestustaðar þeirra.

4. Tækniþjónustur skulu hafa tiltæk, fyrir gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi þær, öll skjöl sem skipta máli varðandi matið sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið framkvæmir eða faggildingin sem faggildingarstofa í aðildarríki framkvæmir á undirverktakanum eða dótturfélaginu og þeim verkefnum sem þau sinna.

72. gr.

Innri tækniþjónusta framleiðanda

1. Faggilt innri tækniþjónusta framleiðanda getur verið tilnefnd sem tækniþjónusta fyrir starfsemi í flokki A eins og um getur í a-lið 1. mgr. 68. gr. og einungis að því er varðar stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í VII. viðauka. Innri tækniþjónusta skal vera aðskilinn og sérstakur hluti af fyrirtæki framleiðandans og skal ekki koma að hönnun, framleiðslu, afhendingu eða viðhaldi þess ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskildu tæknieiningar sem hún metur.

2. Innri tækniþjónusta, sem um getur í 1. mgr., skal uppfylla eftirtalin kröfur:

a) hún skal hafa faggildingunni faggildingarstofu í aðildarríki og vera í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. viðbæti við III. viðauka,

b) innri tækniþjónustan, þ.m.t. starfsfólk hennar, er auðgreinanleg eftir þeirri stofnun eða fyrirtæki sem hún tilheyrir og býr yfir aðferðum við skýrslugjöf innan fyrirtækis framleiðandans sem hún er hluti af sem tryggja óhlutdrægni hennar og sýna viðkomandi gerðarviðurkenningaryfirvaldi og faggildingarstofu í aðildarríki fram á þá óhlutdrægni,

c) hvorki innri tækniþjónustan né starfsfólk hennar taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra eða heilindi í tengslum við þá starfsemi sem þau hafa verið tilnefnd til að sinna,

d) hún veitir eingöngu fyrirtæki framleiðandans, sem hún er hluti af, þjónustu sína.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta VII. viðauka þannig að tekið sé tillit til tækniþróunar og þróunar á sviði reglusetningar með því að uppfæra skrána yfir stjórnvaldsfyrirmæli og takmarkanir sem þar er að finna.

73. gr.

Mat og tilnefning tækniþjónusta

1. Tækniþjónustan sem sækir um skal leggja formlega umsókn fyrir viðurkenningaryfirvald þess aðildarríkis þar sem hún sækir um tilnefningu í samræmi við 4. lið í 2. viðbæti við III. viðauka. Í umsókninni skal tilgreina þá flokka starfsemi sem tækniþjónustan sækist eftir tilnefningu fyrir.

2. Áður en gerðarviðurkenningaryfirvald tilnefnir tækniþjónustu skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið eða faggildingarstofan í aðildarríki meta tækniþjónustuna í samræmi við gátlista fyrir mat sem nær a.m.k. yfir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við III. viðauka. Matið skal fela í sér matsheimsókn á athafnasvæði tækniþjónustunnar sem sækir um og, ef við á, allra dótturfélaga eða undirverktaka, hvort sem þau eru staðsett í Sambandinu eða utan þess.

3. Tækniþjónustan sem sækir um skal, í tilvikum þar sem faggildingarstofa í aðildarríki framkvæmir matið, afhenda gerðarviðurkenningaryfirvaldinu gilt faggildingarvottorð og tilheyrandi matsskýrslu til staðfestingar á að tækniþjónustan uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við III. viðauka fyrir þá flokka starfsemi sem tækniþjónustan sem sækir um sækist eftir tilnefningu fyrir.

4. Gerðarviðurkenningaryfirvald þess aðildarríkis sem tækniþjónustan sem sækir um hefur óskað eftir tilnefningu frá skal, í tilvikum þar sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið framkvæmir matið, formlega skipa sameiginlegan matshóp sem samanstendur af fulltrúum gerðarviðurkenningaryfirvalda a.m.k. tveggja annarra aðildarríkja og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar.

Ef tækniþjónustan sækir um tilnefningu í öðru aðildarríki en staðfestuaðildarríki hennar skal einn af fulltrúum sameiginlega matshópsins vera frá gerðarviðurkenningaryfirvaldi þessa staðfestuaðildarríkis nema ef það gerðarviðurkenningaryfirvald ákveður að taka ekki þátt í sameiginlega matshópnum.

Sameiginlegi matshópurinn skal taka þátt í matinu á tækniþjónustunni sem sækir um, þ.m.t. matsheimsókninni. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónustuna og sem tilheyrir aðildarríkinu þar sem tækniþjónustan, sem sækir um, hefur óskað eftir tilnefningu skal veita sameiginlega matshópnum alla nauðsynlega aðstoð og veita aðgang með tímanlegum hætti að öllum skjölum sem eru nauðsynleg til að meta tækniþjónustuna sem sækir um.

5. Í tilvikum þar sem matið er framkvæmt af því gerðarviðurkenningaryfirvaldi sem tilnefnir tækniþjónustur sem sækja um að framkvæma prófanir eingöngu fyrir landsbundnar skráningarviðurkenningar ökutækis í samræmi við 45. gr. skal gerðarviðurkenningaryfirvald þess aðildarríkis þar sem tækniþjónusta, sem sækir um, hefur óskað eftir tilnefningu vera undanþegið frá skyldunni um að skipa sameiginlegan matshóp. Tækniþjónusturnar sem athuga einungis rétta uppsetningu íhluta í flokkum O₁ og O₂ skulu einnig vera undanþegnar frá mati.

6. Ef tækniþjónustan hefur óskað eftir tilnefningu frá einu eða fleiri af gerðarviðurkenningaryfirvöldum aðildarríkja öðrum en staðfestuaðildarríki hennar í samræmi við 2. mgr. 74. gr. skal matið aðeins framkvæmt einu sinni, að því tilskildu að þetta mat hafi náð yfir allt gildissvið tilnefningar tækniþjónustunnar.

7. Sameiginlegi matshópurinn skal taka fyrir niðurstöður varðandi að tækniþjónustan sem sækir um uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í 68. til 72. gr., í 80. og 81. gr. og í 2. viðbæti við III. viðauka meðan á matsferlinu stendur. Fjalla skal um slíkar niðurstöður innan sameiginlega matshópsins.

8. Eftir matsheimsóknina skal sameiginlegi matshópurinn taka saman skýrslu þar sem sett er fram að hvaða marki tækniþjónustan sem sækir um uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 68. til 72. gr., í 80. og 81. gr. og í 2. viðbæti við III. viðauka.

9. Skýrslan sem um getur í 8. mgr. skal innihalda samantekt á öllum tilgreindum tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, ásamt tilmælum um það hvort umsækjandinn geti verið tilnefndur sem tækniþjónusta.

10. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um nöfn og sérfræðipækkingu fulltrúa sinna sem eiga að taka þátt í sérhverjum sameiginlegum matshópi.

11. Gerðarviðurkenningaryfirvald aðildarríkisins þar sem tækniþjónustan sem sækir um hefur óskað eftir tilnefningu skal, í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við III. viðauka, senda skýrsluna um útkomu matsins til framkvæmdastjórnarinnar og, sé þess óskað, til gerðarviðurkenningaryfirvalda hinna aðildarríkjanna. Sú skýrsla skal innihalda skjalfesta sönnun varðandi hæfi tækniþjónustunnar og þær ráðstafanir sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið hefur komið á fót til að hafa reglulegt eftirlit með tækniþjónustunni.

12. Gerðarviðurkenningaryfirvöldunum í hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni er heimilt að endurskoða matsskýrsluna og skjalfestu sönnunina, bera upp spurningar eða vekja máls á áhyggjuefnum og biðja um frekari skjalfestar sannanir innan eins mánaðar frá viðtökudegi matsskýrslunnar og skjalfestu sönnunarinnar.

13. Gerðarviðurkenningaryfirvald aðildarríkisins þar sem tækniþjónustan sem sækir um hefur óskað eftir tilnefningu skal gefa svar innan fjögurra vikna viðvirkjandi spurningum, áhyggjuefnum og óskum um frekari skjalfestar sannanir.

14. Innan fjögurra vikna frá viðtöku svarsins sem um getur í 13. mgr. er gerðarviðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna eða framkvæmdastjórninni heimilt að beina tilmælum, hvert um sig eða sameiginlega, til gerðarviðurkenningaryfirvalds aðildarríkisins þar sem tækniþjónustan sem sækir um hefur óskað eftir tilnefningu. Það gerðarviðurkenningaryfirvald skal taka tillit til tilmælanna þegar það tekur ákvörðun um tilnefningu tækniþjónustunnar. Ef það gerðarviðurkenningaryfirvald ákveður að fylgja ekki tilmælunum sem hin aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin hefur beint til þess skal það tilgreina ástæðurnar fyrir því innan tveggja vikna frá ákvörðun sinni.

15. Tilnefning á tækniþjónustum skal gilda í fimm ár að hámarki.

16. Það gerðarviðurkenningaryfirvald sem sækist eftir tilnefningu sem tækniþjónusta í samræmi við 2. mgr. 68. gr. skal sýna fram á að það sé í samræmi við þessa reglugerð með mati sem framkvæmt er af óháðum úttektaraðilum. Úttektaraðilar mega tilheyra sömu stofnun að því tilskildu að þeir lúti stjórn sem er óháð starfsfólkinu sem annast starfsemina sem metin er og að því tilskildu að þeir uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við III. viðauka.

74. gr.

Tilkynning til framkvæmdastjórnarinnar varðandi tilnefningu tækniþjónustna

1. Gerðarviðurkenningaryfirvöldin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um nafn, heimilisfang, þ.m.t. netfang, ábyrgðaradila og flokk starfsemi sérhverrar tækniþjónustu sem þau hafa tilnefnt. Í tilkynningunni skal tilgreina skýrt gildissvið tilnefningarinnar, starfsemina og aðgerðirnar á sviði samræmismatsins, gerð ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga og þau viðfangsefni sem talin eru upp í II. viðauka sem tækniþjónusturnar hafa verið tilgreindar fyrir, sem og alla undirverktaka eða dótturfélög tækniþjónustnanna og allar síðari breytingar á einhverjum af þeim upplýsingum.

Senda skal slíka tilkynningu áður en viðkomandi tilnefnd tækniþjónusta stundar þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 68. gr.

2. Tækniþjónustan getur verið tilnefnd af einu eða fleirum gerðarviðurkenningaryfirvöldum aðildarríkja öðrum en staðfestuadildarríki hennar, að því tilskildu að allt gildissvið tilnefningarinnar sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið veitir falli undir faggildingu í samræmi við 3. mgr. 73. gr. eða falli undir mat sem gert er í samræmi við 4. mgr. 73. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta á vefsetri sínu og uppfæra skrá yfir samskiptaupplýsingar tilnefndra tækniþjónustna, undirverktaka og dótturfélaga þeirra sem hafa fengið tilkynningu um þá skrá í samræmi við þessa grein.

75. gr.

Breytingar og endurnýjun á tilnefningum tækniþjónustna

1. Ef gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefnir, hefur komist að raun um eða hefur verið tilkynnt að tækniþjónusta uppfylli ekki lengur kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skal það gerðarviðurkenningaryfirvald takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilnefninguna, eins og við á, háð því hversu alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur séu uppfylltar.

Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og gerðarviðurkenningaryfirvöldunum í hinum aðildarríkjunum um alla takmörkun, tímabundna sviptingu eða afturköllun á tilnefningu.

Framkvæmdastjórnin skal uppfæra skrána sem um getur í 3. mgr. 74. gr.

2. Ef um er að ræða takmörkun, tímabundna sviptingu eða afturköllun á tilnefningunni eða ef tækniþjónustan hefur lagt niður starfsemi skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið hafa skrárnar yfir þá tækniþjónustu til reiðu fyrir viðurkenningaryfirvöldin eða fyrir markaðseftirlitsyfirvöldin, eða færa þær skrár til annarrar tækniþjónustu sem framleiðandinn velur í samráði við þá tækniþjónustu.

3. Innan þriggja mánaða frá tilkynningunni sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið meta hvort það að tækniþjónustan fari ekki að tilskildum ákvæðum hafi áhrif á ESB-gerðarviðurkenningavottorð sem gefin eru út á grundvelli þeirra skýrslna um skoðun og prófun sem tækniþjónustan gefur út, með fyrirvara um breytta tilnefningu, og gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal einnig upplýsa hin gerðarviðurkenningaryfirvöldin og framkvæmdastjórnina til samræmis við það.

Innan tveggja mánaða frá því að hafa tilkynnt um breytingarnar á tilnefningunni skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og hin gerðarviðurkenningaryfirvöldin um niðurstöður sínar varðandi það að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum. Gerðarviðurkenningaryfirvald sem tilnefndi ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem þegar hafa verið sett á markað skal, ef nauðsyn krefur til að tryggja öryggi þeirra, gefa viðkomandi gerðarviðurkenningaryfirvöldum fyrirmæli um að fella tímabundið úr gildi eða afturkalla innan hæfilegs tíma öll ESB-gerðarviðurkenningavottorð sem gefin voru út með óréttmætum hætti.

4. Ef tilnefning tækniþjónustna hefur verið takmörkuð, felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð skulu ESB-gerðarviðurkenningarvottorðin, sem gefin eru út á grundvelli skýrslna um skoðun og prófun sem þær tækniþjónustur gefa út, halda gildi nema gerðarviðurkenningarnar falli úr gildi í samræmi við f-lið 2. mgr. 35. gr.

5. Rýmkun á gildissviði tilnefningar tækniþjónustunnar sem leiðir til tilnefningar á viðbótarundirflokk þeirrar starfsemi sem um getur í 1. mgr. 68. gr. skal metin í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 73. gr.

Rýmkun á gildissviði tilnefningar tækniþjónustunnar eingöngu að því er varðar stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka má framkvæma í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við III. viðauka og með fyrirvara um tilkynninguna sem um getur í 74. gr.

6. Einungis skal endurnýja tilnefninguna á tækniþjónustu eftir að gerðarviðurkenningaryfirvaldið hefur sannprófað að tækniþjónustan haldi áfram að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð. Framkvæma skal það mat í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 73. gr.

76. gr.

Vöktun á tækniþjónustum

1. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónusturnar skal vakta þær samfelld til að tryggja uppfyllingu þeirra krafna sem mælt er fyrir um í 68. til 72. gr., í 80. og 81. gr. og í 2. viðbæti við III. viðauka.

Fyrsta undirgrein þessarar málsgreinar gildir ekki um neina starfsemi tækniþjónustna sem faggildingaraðilar vakta í samræmi við 1. mgr. 67. gr. í þeim tilgangi að tryggja uppfyllingu þeirra krafna sem mælt er fyrir um í 68. til 72. gr., í 80. og 81. gr. og í 2. viðbæti við III. viðauka.

Sé þess óskað skulu tækniþjónustur láta í té allar viðeigandi upplýsingar og skjöl sem þörf er á til að gera gerðarviðurkenningaryfirvaldi sem tilnefndi þær eða faggildingarstofu í aðildarríki kleift að sannprófa að þær kröfur séu uppfylltar.

Tækniþjónustur skulu upplýsa gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi þær eða faggildingarstofuna í aðildarríki án tafar um allar breytingar, einkum að því er varðar starfsfólk þeirra, aðstöðu, dótturfélög eða undirverktaka sem geta haft áhrif á að farið sé að þeim kröfum sem settar eru fram í 68. til 72. gr., í 80. og 81. gr. og í 2. viðbæti við III. viðauka, eða getu þeirra til að framkvæma samræmismatsverkefnið varðandi ökutækin, kerfin, íhlutina og aðskildu tæknieiningarnar sem þau hafa verið tilnefnd fyrir.

2. Tækniþjónustur skulu svara án tafar beiðnum gerðarviðurkenningaryfirvalds eða framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við það samræmismat sem þær hafa framkvæmt.

3. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónustuna skal tryggja að hún sinni skyldum sínum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar, nema lögmæt ástæða sé fyrir því að það sé ekki gert.

Ef það gerðarviðurkenningaryfirvald viðurkennir lögmæta ástæðu skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Framkvæmdastjórnin skal án tafar hafa samráð við aðildarríkin. Á grundvelli þessa samráðs skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða hvort lögmæta ástæðan er réttlætanleg eða ekki. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

Tækniþjónustan og gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi hana geta óskað eftir því að farið sé með allar upplýsingar, sem sendar eru til gerðarviðurkenningaryfirvaldsins eða annars aðildarríkis eða til framkvæmdastjórnarinnar, sem trúnaðarmál.

4. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónustuna skal, a.m.k. á 30 mánaða fresti, meta hvort hver tækniþjónusta sem það ber ábyrgð á haldi áfram að uppfylla þær kröfur sem eru settar fram í 68. til 72. gr., í 80. og 81. gr. og í 2. viðbæti við III. viðauka. Það mat skal fela í sér matsheimsókn til hvernar tækniþjónustu sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið ber ábyrgð á.

Innan tveggja mánaða frá lokum matsins á tækniþjónustunni skal hvert aðildarríki gefa skýrslu um sína vöktunarstarfsemi til framkvæmdastjórnarinnar og til hinna aðildarríkjanna. Þessar skýrslur skulu innihalda samantekt matsins, sem skal gert aðgengilegt öllum.

77. gr.

Hæfi tækniþjónustu véfengt

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við gerðarviðurkenningaryfirvaldið í viðkomandi aðildarríki, rannsaka öll tilvik þar sem henni hefur verið bent á athugunarefni sem varða hæfi tækniþjónustu eða hvort að tækniþjónusta uppfylli þær kröfur og ábyrgðir sem á henni hvíla samkvæmt þessari reglugerð. Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að hefja slíkar rannsóknir að eigin frumkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal rannsaka ábyrgð tækniþjónustunnar ef sýnt hefur verið fram á eða það er rökstudd ástæða til að telja að gerðarviðurkenning hefur verið veitt á grundvelli rangra gagna, að prófunarniðurstöðurnar hafi verið falsaðar eða að gögnunum eða tækniforskriftunum hafi verið haldið eftir, sem hefði leitt til þess að neitað væri að veita gerðarviðurkenningu.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónustuna sem hluta af rannsókninni sem um getur í 1. mgr. Sé þess óskað skal það gerðarviðurkenningaryfirvald láta framkvæmdastjórninni í té allar viðeigandi upplýsingar sem varða framkvæmd á kröfunum og uppfyllingu þeirra varðandi óhæði og hæfi viðkomandi tækniþjónustunnar.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsóknum hennar, sem trúnaðarmál.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um það að tækniþjónusta uppfylli ekki eða sé hætt að uppfylla kröfurnar vegna tilnefningar hennar, eða að hún beri ábyrgð á einhverjum þeirra aðstæðna sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin upplýsa aðildarríki gerðarviðurkenningaryfirvaldsins sem tilnefndi tækniþjónustuna um það.

Framkvæmdastjórnin skal óska eftir því, ef nauðsyn krefur, að það aðildarríki grípi til takmarkandi ráðstafana, þ.m.t. takmörkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun á tilnefningunni.

Ef aðildarríki gerir ekki viðeigandi takmarkandi ráðstafanir er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða að takmarka, fella tímabundið niður eða afturkalla tilnefningu viðkomandi tækniþjónustunnar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um þessar framkvæmdargerðir og til samræmis við það skal uppfæra þær birtu upplýsingar sem um getur í 3. mgr. 74. gr.

78. gr.

Upplýsingaskipti um mat, tilnefningu og vöktun á tækniþjónustum

1. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu hafa samráð sín á milli og við framkvæmdastjórnina um spurningar sem almennt varða framkvæmd þeirra krafa sem settar eru fram í þessari reglugerð í tengslum við matið, tilnefninguna og vöktunina á tækniþjónustum.

2. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um fyrirmyndina að gátlistanum fyrir mat, sem er notaður í samræmi við 2. mgr. 73. gr., eigi síðar en 5. júlí 2020 og síðan um aðlaganir á þessum gátlista þar til framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samræmdan gátlista fyrir mat. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framkvæmdargerðir til að staðfesta sniðmátið á samræmda gátlistanum fyrir mat. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

3. Bendi matsskýrslurnar, sem um getur í 8. mgr. 73. gr., til ósamræmis í almennum starfsvenjum gerðarviðurkenningar-yfirvalda er aðildarríkjunum eða framkvæmdastjórninni heimilt að óska eftir upplýsingaskiptum.

Samráðsvettvangurinn skal samræma upplýsingaskiptin.

79. gr.

Samstarf við faggildingarstofur aðildarríkja

1. Ef tilnefning tækniþjónustu er byggð á faggildingu í skilningi reglugerðar (EB) nr. 765/2008 skulu faggildingarstofan í aðildarríki og gerðarviðurkenningaryfirvaldið hafa fullt samstarf og skulu skiptast á viðeigandi upplýsingum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008, þ.m.t. atviksskýrslur og aðrar upplýsingar sem tengjast málum undir stjórn tækniþjónustunnar þegar slíkar upplýsingar skipta máli fyrir matið á frammistöðu tækniþjónustunnar.

2. Aðildarríki skulu tryggja að gerðarviðurkenningaryfirvald aðildarríkisins, þar sem tækniþjónustan hefur staðfestu, upplýsi faggildingarstofuna í aðildarríki sem ber ábyrgð á faggildingu tiltekinna tækniþjónustu um allar niðurstöður sem skipta máli fyrir faggildinguna. Faggildingarstofan í aðildarríki skal upplýsa gerðarviðurkenningaryfirvald aðildarríkisins, þar sem tækniþjónustan hefur staðfestu, um niðurstöður sínar.

80. gr.

Rekstrarlegar skuldbindingar tækniþjónustu

1. Tækniþjónustur skulu framkvæma þær aðgerðir sem þær hafa verið tilnefndar til í samræmi við 1. mgr. 68. gr.
2. Tækniþjónustur skulu ávallt:
 - a) heimila gerðarviðurkenningaryfirvaldinu sem sér um tilnefningar að fylgjast með vinnu tækniþjónustunnar þegar hún framkvæmir gerðarviðurkenningarprófanir og
 - b) þegar þess er óskað, veita gerðarviðurkenningaryfirvaldinu sem sér um tilnefningar upplýsingar um þá flokka starfsemi sem þær hafa verið tilnefndar til.
3. Komist tækniþjónusta að þeirri niðurstöðu að framleiðandi uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal hún upplýsa gerðarviðurkenningaryfirvaldið um þetta til að það gerðarviðurkenningaryfirvald geti krafið framleiðandann um að gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal neita að gefa út gerðarviðurkenningarvottorð ef ekki hefur verið gripið til þessara viðeigandi ráðstafana til úrbóta.

81. gr.

Upplýsingaskyldur tækniþjónustu

1. Tækniþjónustur skulu tilkynna gerðarviðurkenningaryfirvaldinu sem tilnefndi þær um eftirfarandi:
 - a) allt ósamræmi sem finnst og kann að krefjast synjunar, takmörkunar, tímabundinnar niðurfellingar eða afturköllunar á gerðarviðurkenningarvottorði,
 - b) aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilnefningarinnar og skilyrði fyrir tilnefningu hennar,
 - c) beiðnir sem þeim hafa borist frá markaðseftirlitsyfirvöldum um upplýsingar varðandi starfsemi þeirra.
2. Fari gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónustuna fram á það skal hún veita upplýsingar um starfsemi innan gildissviðs tilnefningar hennar eða um aðra starfsemi sem hún sinnir, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undirverktakastarfsemi.

XVI. KAFLI

FRAMSELT VALD OG FRAMKVÆMDARVALD

82. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 4. gr. (2. mgr.), 5. gr. (3. mgr.), 26. gr. (3. mgr.), 30. gr. (8. mgr.), 31. gr. (8. mgr.), 41. gr. (5. mgr.), 44. gr. (7. mgr.), 55. gr. (3. og 4. mgr.), 57. gr. (2. mgr.), 61. gr. (11. mgr.), 70. gr. (3. mgr.), 72. gr. (3. mgr.) og 85. gr. (2. mgr.) í fimm ár frá 4. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþingið eða ráðið getur hvenær sem er afturkallað framsal valds sem um getur í 4. gr. (2. mgr.), 5. gr. (3. mgr.), 26. gr. (3. mgr.), 30. gr. (8. mgr.), 31. gr. (8. mgr.), 41. gr. (5. mgr.), 44. gr. (7. mgr.), 55. gr. (3. og 4. mgr.), 57. gr. (2. mgr.), 61. gr. (11. mgr.), 70. gr. (3. mgr.), 72. gr. (3. mgr.) og 85. gr. (2. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún þegar í stað tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. gr. (2. mgr.), 5. gr. (3. mgr.), 26. gr. (3. mgr.), 30. gr. (8. mgr.), 31. gr. (8. mgr.), 41. gr. (5. mgr.), 44. gr. (7. mgr.), 55. gr. (3. og 4. gr.), 57. gr. (2. mgr.), 61. gr. (11. mgr.), 70. gr. (3. mgr.), 72. gr. (3. mgr.) og 85. gr. (2. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

83. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar tækninefndar um vélknúin ökutæki. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitum skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

XVII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

84. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum markaðsaðila og tækniþjónustna á þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif. Einkum skulu þessi viðurlög vera í réttu hlutfalli við alvarleika þess að ekki er farið að tilskildum ákvæðum og fjölda ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem uppfylla ekki ákvæði og boðin eru fram á markaði í viðkomandi aðildarríki. Eigi síðar en 1. september 2020 skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um umræddar reglur og um þær ráðstafanir og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar á þeim.

2. Brot markaðsaðila og tækniþjónustna, sem viðurlög gilda um, skulu vera a.m.k. eftirfarandi:

- a) lagðar eru fram rangar yfirlýsingar meðan á viðurkenningarferlinu stendur eða þegar ráðstöfunum til úrbóta eða takmarkandi ráðstöfunum er beitt í samræmi við XI. kafla,
- b) prófunarniðurstöður vegna gerðarviðurkenningar eða markaðseftirlits eru falsaðar,
- c) ekki eru látin af hendi gögn eða tækniforskriftir sem gætu valdið innköllun ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga, eða valdið synjun eða afturköllun ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs,
- d) tækniþjónustur fara ekki að tilskildum ákvæðum að því er varðar kröfurnar um tilnefningu þeirra.

3. Til viðbótar við þau brot sem sett eru fram í 2. mgr. skulu brot markaðsaðila, sem viðurlög gilda einnig um, vera a.m.k. eftirfarandi:

- a) synjun um veitingu aðgangs að upplýsingum,
- b) að bjóða fram á markaði ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem þarf að viðurkenna án þess að slík viðurkenning sé til staðar eða falsa gögn, samræmisvottorð, lögboðnar merkiplötur eða viðurkenningarmerki í þessum tilgangi.

4. Aðildarríki skulu árlega leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um þau viðurlög sem þau hafa beitt á næstliðnu ári. Ef engum viðurlögum var beitt á tilteknu ári er þess ekki krafist að aðildarríki leggi skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina.

5. Á hverju ári skal framkvæmdastjórnin útbúa yfirlitsskýrslu um þau viðurlög sem aðildarríki hafa beitt. Sú skýrsla getur innihaldið tilmæli fyrir aðildarríkin og skal lögð fyrir samráðsvettvanginn.

85. gr.

Stjórnsýslusektir til að styðja við ráðstafanir til úrbóta og takmarkandi ráðstafanir á vettvangi Sambandsins

1. Þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir í samræmi við 53. gr. er henni heimilt að leggja á stjórnsýslusektir á viðkomandi markaðsaðila vegna þess að ökutækið, kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin uppfyllir ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þessar stjórnsýslusektir skulu vera skilvirkar, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif. Sektirnar skulu einkum vera í réttu hlutfalli við þann fjölda ökutækja sem uppfylla ekki ákvæði sem eru skráð á markaði Sambandsins eða þann fjölda kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem uppfylla ekki ákvæði sem gerð eru aðgengileg á markaði Sambandsins.

Stjórnsýslusektirnar sem framkvæmdastjórnin beitir skulu ekki vera til viðbótar við viðurlögin sem aðildarríkin beita í samræmi við 84. gr. fyrir sama brotið. Þær stjórnsýslusektir sem framkvæmdastjórnin leggur á skulu ekki fara yfir 30 000 evrur á hvert ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu sem uppfyllir ekki ákvæði.

Framkvæmdastjórninni er ekki heimilt að höfða mál, hefja þau að nýju eða halda þeim áfram samkvæmt þessari grein gegn markaðsaðilum vegna brota gegn þessari reglugerð sem, á grundvelli fyrri ákvörðunar sem ekki er lengur hægt að vefengja, viðkomandi markaðsaðilar hafa verið beittir viðurlögum fyrir eða lýst hefur verið yfir að þeir beri ekki ábyrgð á í samræmi við 84. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 82. gr., á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 3. mgr. þessarar greinar, sem koma til viðbótar þessari reglugerð með því að mæla fyrir um verklagið við og aðferðirnar fyrir útreikninga og innheimtu á þeim stjórnsýslusektum sem um getur í 1. mgr. þessar greinar.

3. Eftirfarandi meginreglur gilda fyrir framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. mgr.:

- a) með verklagsreglu framkvæmdastjórnarinnar skal rétturinn til góðrar stjórnsýslu vera virtur, einkum rétturinn til að flytja mál sitt og rétturinn til aðgangs að skýrslunni, að teknu tilliti til réttmætra ástæðna er varða trúnað, þagnarskyldu og viðskiptaleynd,
 - b) við útreikning á viðeigandi stjórnsýslusekt skal framkvæmdastjórnin fylgja meginreglum um skilvirkni, meðalhóf og letjandi áhrif, að teknu tilliti til, þar sem við á, alvarleika og áhrifa brotsins, góða trú markaðsaðilans, kostgæfni og samstarfsvilja markaðsaðilans, endurtekningu, tíðni eða tímalengd brotsins sem og fyrri viðurlög sem lögð hafa verið á sama markaðsaðilann,
 - c) innheimta skal stjórnsýslusektir án ástæðulausrar tafar með því að fastsetja eindaga fyrir greiðslu og, eins og við á, með því að bjóða upp á möguleikann á að skipta niður greiðslunum í nokkrar afborganir og áfanga.
4. Fjárhæðir stjórnsýslusekta skulu reiknast sem tekjur í almennum fjárlögum Sambandsins.

86. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 715/2007

1. Reglugerð (EB) nr. 715/2007 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6)“,

2) í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„2. Í þessari reglugerð er að auki mælt fyrir um reglur fyrir samræmi ökutækja í notkun, fyrir endingu mengunar-varnarbúnaðar, fyrir innbyggt greiningarkerfi ökutækis (OBD) og fyrir mælingu á eldsneytiseyðslu.“

3) í 3. gr. falli 14. og 15. liður brott,

4) ákvæði III. kafla falla brott,

5) í 2. mgr. 13. gr. falli e-liður brott.

2. Líta skal á tilvísanir í niðurfelldu ákvæðin í reglugerð (EB) nr. 715/2007 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í 1. lið í XI. viðauka þessarar reglugerðar.

87. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 595/2009

1. Reglugerð (EB) nr. 595/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB“,

2) Í stað annarrar málsgreinar 1. gr. komi eftirfarandi:

„Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um reglur fyrir samræmi ökutækja og hreyfla í notkun, fyrir endingu mengunarvarnarbúnaðar, fyrir innbyggt greiningarkerfi ökutækis (OBD) og fyrir mælingu á eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun.“

3) Í 3. gr. falli liður 11 og 13 brott,

4) Ákvæði 6. gr. falli brott,

5) Í 2. mgr. 11. gr. falli e-liður brott.

2. Líta skal á tilvísanir í niðurfelldu ákvæðin í reglugerð (EB) nr. 595/2009 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í 2. lið í XI. viðauka þessarar reglugerðar.

88. gr.

Niðurfelling á tilskipun 2007/46/EB

Tilskipun 2007/46/EB er felld úr gildi frá og með 1. september 2020.

Líta skal á tilvísanir í tilskipun 2007/46/EB sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í 3. lið í XI. viðauka þessarar reglugerðar.

89. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þessi reglugerð skal ekki ógilda neina heildargerðarviðurkenningu ökutækis eða ESB-gerðarviðurkenningu sem veitt er ökutækjum eða kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum fyrir 31. ágúst 2020.

2. Viðurkenningaryfirvöld skulu veita rýmkun og endurskoðun á heildargerðarviðurkenningum ökutækja og ESB-gerðarviðurkenningum á þeim ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í samræmi við 33. og 34. gr.

3. Tækniþjónustur sem hafa þegar verið tilnefndar fyrir 4. júlí 2018 skulu falla undir matið sem um getur í 73. gr.

Tilnefningu á tækniþjónustum sem hafa þegar verið tilnefndar fyrir 4. júlí 2018 skal endurnýja eigi síðar en 5. júlí 2022 ef þessar tækniþjónustur uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð.

Tilnefningu á tækniþjónustu sem gerð er fyrir 4. júlí 2018 skal fella úr gildi eigi síðar en 5. júlí 2022.

90. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um beitingu þeirra gerðarviðurkenningaraðferða og markaðs-eftirlitsaðferða sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð fyrir 1. september 2025.

2. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem veittar eru skv. 1. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin leggja matsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 1. september 2026, um beitingu þessarar reglugerðar, þ.m.t. virkni sannprófunarinnar um að farið sé að tilskildum ákvæðum í samræmi við 9. gr.

91. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2020.

Frá 5. júlí 2020 skulu landsbundin yfirvöld þó ekki synja um veitingu ESB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar fyrir nýja gerð ökutækis eða hindra að það sé skráð, sett á markað eða tekið í notkun ef ökutækið sem um er að ræða er í samræmi við þessa reglugerð, fari framleiðandi fram á það.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 30. maí 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. PAVLOVA

forseti.

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. viðauki	Almennar skilgreiningar, viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja, gerðir ökutækja og gerðir yfirbygginga
1. viðbætur:	Aðferð við athugun á því hvort hægt sé að flokka ökutæki sem torfærutæki
2. viðbætur:	Tölustafir sem bætt er við kóðana sem notaðir eru fyrir mismunandi tegundir yfirbygginga
II. viðauki	Kröfur fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tækieininga
I. hluti	Stjórnvaldsfyrirmæli fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í ótakmörkuðum framleiðsluröðum
1. viðbætur:	Stjórnvaldsfyrirmæli fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum skv. 41. gr.
2. viðbætur:	Kröfur fyrir ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis skv. 44. gr.
II. hluti	Skrá yfir reglugerðir Sameinuðu þjóðanna sem viðurkennt er að komið geti í stað tilskipana eða reglugerða sem um getur í I. hluta
III. hluti	Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli með kröfum að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja til sérstakra nota
1. viðbætur:	Húsbifreiðar, sjúkrabifreiðar, líkvagnar
2. viðbætur:	Brynvarin ökutæki
3. viðbætur:	Ökutæki með hjólastólaaðgengi
4. viðbætur:	Önnur ökutæki til sérstakra nota (þ.m.t. sérstakir hópar, burðartæki fyrir margs konar búnað og dregin hjólhýsi)
5. viðbætur:	Færanlegir krannar
6. viðbætur:	Ökutæki til þungaflutninga
III. viðauki	Aðferðir sem fylgja skal að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu
1. viðbætur:	Staðlar sem tækniþjónusturnar sem um getur í 68. gr. þurfa að uppfylla
2. viðbætur:	Aðferð við mat á tækniþjónustu
IV. viðauki	Aðferðir til að tryggja samræmi framleiðslu
V. viðauki	Mörk lítilla framleiðsluraða og síðustu ökutækja gerðar
VI. viðauki	Skrá yfir hluti eða búnað sem getur skapað alvarlega áhættu fyrir rétta virkni kerfa sem eru nauðsynleg fyrir öryggi ökutækis eða vistvænleika þess, afkastakröfur á slíkum hlutum eða búnaði, viðeigandi prófunaraðferðir og ákvæði um merkingar og umbúðir
VII. viðauki	Stjórnvaldsfyrirmæli þar sem tilnefna má framleiðanda sem tækniþjónustu
Viðbætur:	Tilnefning innri tækniþjónustu framleiðanda sem tækniþjónustu og undirverktakastarfsemi
VIII. viðauki	Skilyrði fyrir því að framleiðandi eða tækniþjónusta noti sýndarprófunaraðferðir
1. viðbætur:	Almenn skilyrði fyrir notkun sýndarprófunaraðferða

2. viðbætur:	Sérstök skilyrði fyrir notkun sýndarprófunaraðferða
3. viðbætur:	Fullgildingarferli
IX. viðauki	Aðferðir sem beita skal við fjölþrepa gerðarviðurkenningu
Viðbætur:	Fyrirmynd að viðbótarauðkennisplötu framleiðanda
X. viðauki	Aðgangur að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis
1. viðbætur:	Vottorð framleiðanda um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis.
2. viðbætur:	Upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækisins
XI. viðauki	Samsvörunartafla

I. VIÐAUKI

ALMENNAR SKILGREININGAR, VIÐMIÐANIR FYRIR FLOKKUN ÖKUTÆKJA, GERÐIR ÖKUTÆKJA OG GERÐIR YFIRBYGGINGA

INNGANGSHLUTI

Skilgreiningar og almenn ákvæði

1. Skilgreiningar
 - 1.1. „Sætisrými“: sérhver staður sem rúmar sitjandi einstakling sem er að minnsta kosti jafn stór og:
 - a) mannslíkan sem samsvarar 50. hundraðshlutamarki karla ef um er að ræða ökumann,
 - b) mannslíkan sem samsvarar 5. hundraðshlutamarki kvenna, í öllum öðrum tilvikum.
 - 1.2. „Sæti“: grind með áklæði, sem er ýmist hluti af yfirbyggingu ökutækis eða ekki, sem er ætluð sem sæti fyrir einn einstakling.

Undir þetta falla bæði stök sæti og bekkisæti ásamt fellisætum og sætum sem hægt er að fjarlægja.
 - 1.3. „Vörur“: fyrst og fremst hlutir sem hægt er að flytja.

Undir hugtakið falla vörur í lausri vigt, framleiðsluvörur, vökvar, lifandi dýr, uppskera, óskiptanlegur farmur.
 - 1.4. „Hámarksmassi“: tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu.
2. Almenn ákvæði
 - 2.1. Sætafjöldi
 - 2.1.1. Kröfurnar varðandi sætafjölda gilda um sæti sem eru hönnuð til notkunar þegar ökutækinu er ekið á vegi.
 - 2.1.2. Þær gilda ekki um sæti sem eru ætluð til notkunar þegar ökutækið er kyrrstætt og sem eru auðkennd með skýrum hætti fyrir notendur, annað hvort með táknmynd eða merki með viðeigandi texta.
 - 2.1.3. Eftirfarandi kröfur gilda að því er varðar talningu á sætisrýmum:
 - a) hvert stakt sæti telst eitt sætisrými,
 - b) ef um er að ræða bekkisæti skal hvert rými sem er a.m.k. 400 mm á breidd, mælt við sætisþúðann, teljast eitt sætisrými.

Þetta skilyrði kemur ekki í veg fyrir að framleiðandinn notist við almennu ákvæðin sem um getur í lið 1.1,
 - c) þó skal rými eins og um getur í b-lið ekki teljast sem eitt sætisrými ef:
 - i. bekkisætið er gætt eiginleikum sem koma í veg fyrir að neðsti hluti mannslíkansins sitji eðlilega, s.s. fastur kassi fyrir stjórnborð, svæði án bólstrunar eða klæðning sem rýfur nafnyfirborð sætisins,
 - ii. hönnun botnsins beint fyrir framan ætlað sæti (t.d. ef þar eru göng) kemur í veg fyrir að hægt sé að koma fótum mannslíkansins fyrir á eðlilegan hátt.
 - 2.1.4. Að því er varðar ökutæki sem falla undir reglugerðir Sameinuðu þjóðanna nr. 66 og nr. 107 skal málið sem um getur í b-lið liðar 2.1.3 samræmt lágmarksrýminu sem krafist er fyrir einn einstakling í mismunandi undirflokkum ökutækja.
 - 2.1.5. Ef sætisfestingar fyrir sæti sem hægt er að fjarlægja eru til staðar í ökutæki skal sætið sem hægt er að fjarlægja talið með við ákvörðun á sætafjölda.
 - 2.1.6. Rými sem ætlað er fyrir hjólastól í notkun skal teljast eitt sætisrými.
 - 2.1.6.1. Þetta ákvæði er með fyrirvara um kröfurnar í liðum 3.6.1 og 3.7 í 8. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107.

- 2.2. Hámarksmassi
- 2.2.1. Ef um er að ræða dráttareiningu fyrir festivagn skal hámarksmassi festivagns sem dráttarstóllinn ber talinn með í hámarksmassanum sem notaður er til að flokka ökutækið.
- 2.2.2. Ef um er að ræða vélknúið ökutæki sem getur dregið eftirvagn með miðlægum ási eða tengivagn með ósveigjanlegt dráttarbeisli skal hámarksmassinn, sem flyst til dráttarbifreiðar um tengið, talinn með í hámarksmassanum sem notaður er til að flokka ökutækið.
- 2.2.3. Ef um er að ræða festivagn, eftirvagn með miðlægum ási og tengivagn með ósveigjanlegt dráttarbeisli skal hámarksmassinn sem notaður er til að flokka ökutækið samsvara hámarksmassanum sem yfirfærast á jörð af hjólum á ás eða ásaþópum þegar það er tengt við dráttarbifreiðina.
- 2.2.4. Ef um er að ræða hjólaþleka skal hámarksmassi festivagns sem dráttarstóllinn ber talinn með í hámarksmassanum sem notaður er til að flokka ökutækið.
- 2.3. Sérstakur búnaður
- 2.3.1. Ökutæki sem einkum eru búin föstum búnaði, s.s. vélbúnaði eða tækjum, skulu teljast vera í flokki N eða O.
- 2.4. Einingar
- 2.4.1. Nema annað sé tekið fram skulu allar mælieiningar og tákn sem tengjast þeim vera í samræmi við tilskipun ráðsins 80/181/EBE ⁽¹⁾.
3. Flokkun í ökutækjaflokka
- 3.1. Framleiðandinn ber ábyrgð á flokkun gerðar ökutækis í tiltekinn flokk.
- Í þeim tilgangi skal uppfylla allar viðkomandi viðmiðanir sem lýst er í þessum viðauka.
- 3.2. Viðurkenningaryfirvald getur óskað eftir viðeigandi viðbótarupplýsingum frá framleiðanda í því skyni að sýna fram á að flokka þurfi gerð ökutækis sem ökutæki til sérstakra nota í sérhópnum (kóði SG).

A-HLUTI

Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja

1. Ökutækjaflokkar
- Ökutæki skulu vera flokkuð í samræmi við flokkunina sem um getur í 4. gr., að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu og landsbundna gerðarviðurkenningu, ásamt ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis og landsbundinni skráningarviðurkenningu ökutækis.
- Aðeins er hægt að veita viðurkenningu fyrir þá flokka sem um getur í 1. mgr. 4. gr.
2. Undirflokkar ökutækja
- 2.1. Torfærutæki
- „Torfærutæki“: ökutæki sem tilheyrir flokki M eða N sem eru með tiltekna tæknilega eiginleika sem gerir kleift að nota þau utan venjulegra vega.
- Fyrir þessa ökutækjaflokka skal bæta bókstafnum „G“ sem viðskeyti við bókstaf og tölustaf sem tilgreinir ökutækjaflokkinn.
- Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja í undirflokkinn torfærutæki eru tilgreind í 4. lið þessa hluta.
- 2.2. Ökutæki til sérstakra nota
- 2.2.1. Fyrir öfullbúin ökutæki sem ætlað er að falli í undirflokk ökutækja til sérstakra nota skal bæta bókstafnum „S“ sem viðskeyti við bókstaf og tölustaf sem tilgreinir ökutækjaflokkinn.
- Mismunandi gerðir ökutækja til sérstakra nota eru skilgreindar og taldar upp í 5. lið.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 80/181/EBE frá 20. desember 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar og um ógildingu tilskipunar 71/354/EBE (Stjúd. EB L 39, 15.2.1980, bls. 40).

2.3. Torfærutæki til sérstakra nota

2.3.1. „Torfærutæki til sérstakra nota“: ökutæki sem tilheyrir annað hvort flokki M eða N og eru með þá tilteknu tæknilegu eiginleika sem um getur í liðum 2.1 og 2.2.

Fyrir þessa ökutækjaflokka skal bæta bókstafnum „G“ sem viðskeyti við bókstaf og tölustaf sem tilgreinir ökutækjaflokkinn.

Jafnframt skal fyrir ófullbúin ökutæki, sem ætlað er að falli í undirflokk ökutækja til sérstakra nota, bæta við bókstafnum „S“ sem seinna viðskeyti.

3. Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja í flokk N

3.1. Flokkun ökutækjagerðar í flokk N skal gerð á grundvelli tæknilegra eiginleika ökutækisins eins og um getur í liðum 3.2 til 3.6.

3.2. Meginreglan er að rýmið eða rýmin þar sem öll sætin eru skuli vera aðskilin algerlega frá hleðslurýminu.

3.3. Þrátt fyrir kröfurnar í lið 3.2 má flytja fólk og vörur í sama rými með þeim skilyrðum að í hleðslurýminu sé festingarbúnaður sem er hannaður til að verja farþega gegn tilfærslu á farmi við akstur, þ.m.t. við skarpa hemlun og í beygjum.

3.4. Festingarbúnaður - búnaður til að binda niður farm - sem ætlaður er til að festa farm eins og krafist er í lið 3.3 ásamt skilveggjum, sem ætlaður er ökutækjum allt að 7,5 tonnum, skal hannaður í samræmi við 3. og 4. lið alþjóðlega staðalsins ISO 27956:2009 “Road vehicles – Securing of cargo in delivery vans – Requirements and test methods”.

3.4.1. Staðfesta má kröfurnar sem um getur í lið 3.4 með samræmisýfirlýsingu sem framleiðandinn veitir.

3.4.2. Framleiðandanum er, sem valkostur við kröfurnar í lið 3.4, heimilt að sýna viðurkenningaryfirvaldi fram á með fullnægjandi hætti að uppsettur festingarbúnaður veiti sambærileg vernd og kveðið er á um í staðlinum sem vísað er til.

3.5. Fjöldi sæta að frátöldu sæti ökumanns skal ekki vera meiri en:

a) 6 ef um er að ræða ökutæki í flokki N₁,

b) 8 ef um er að ræða ökutæki í flokki N₂ eða N₃.

3.6. Ökutækin skulu vera með farmflutningsgetu sem er jafn mikil eða meiri en geta til farþegaflutninga í kílóum.

3.6.1. Í þessu skyni skulu eftirfarandi jöfnur gilda í öllum útfærslum, einkum þegar setið er í öllum sætum:

a) ef $N = 0$:

$$P - M \geq 100 \text{ kg}$$

b) ef $0 < N \leq 2$:

$$P - (M + N \times 68) \geq 150 \text{ kg}$$

c) ef $N > 2$:

$$P - (M + N \times 68) \geq N \times 68$$

þar sem merking skammstafana er sem hér segir:

„P“ er tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu,

„M“ er massi ökutækis, tilbúins til aksturs,

„N“ er fjöldi sæta, að frátöldu sæti ökumanns.

3.6.2. Massi búnaðar sem settur er á ökutækið til að bera varning (t.d. tankur, yfirbygging o.s.frv.), til að eiga við varning (t.d. krani, lyfta o.s.frv.) og til að festa varning (t.d. festingarbúnaður fyrir farm) skal talinn með í M.

3.6.3. Massi búnaðar sem er ekki notaður í þeim tilgangi sem um getur í lið 3.6.2 (s.s. loftdæla, spil, rafall, útsendingar-búnaður o.s.frv.) skal ekki talinn með í M að því er varðar beitingu á jöfnunum sem um getur í lið 3.6.1.

- 3.7. Uppfylla skal kröfurnar sem um getur í liðum 3.2 til 3.6 fyrir öll afbrigði og útfærslur ökutækjagerðar.
- 3.8. Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja í flokk N₁.
- 3.8.1. Flokka skal ökutæki í flokk N₁ þegar allar viðeigandi viðmiðanir eru uppfylltar.
- Ef ein eða fleiri viðmiðanir eru ekki uppfylltar skal ökutækið flokkað í flokk M₁.
- 3.8.2. Til viðbótar við almennu viðmiðanirnar sem um getur í liðum 3.2 til 3.6 skal uppfylla viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í þessum lið að því er varðar flokkun ökutækja sem eru þannig að rýmið þar sem ökumaðurinn er og farmurinn eru í einni einingu (þ.e. yfirbygging „BB“).
- 3.8.2.1. Þótt veggur eða skilrúm sem aðskilur að fullu eða að hluta til, sé fest á milli sætisraðar og farmrýmis er samt sem áður skylt að uppfylla tilskildar viðmiðanir.
- 3.8.2.2. Viðmiðanirnar eru sem hér segir:
- a) lestun vara skal vera möguleg um aftari dyr, afturhlera eða hliðardyr, sem eru hannaðar og smíðaðar í þeim tilgangi,
- b) ef um er að ræða aftari dyr eða afturhlera skal lestunaropið uppfylla eftirfarandi kröfur:
- i. ef ökutækið er búið aðeins einni sætaröð eða aðeins ökumannssæti skal lágmarkshæð lestunaropsins vera a.m.k. 600 mm,
- ii. ef ökutækið er búið tveimur eða fleiri sætaröðum skal lágmarkshæð lestunaropsins vera a.m.k. 800 mm og skal flatarmál opsins vera a.m.k. 12 800 cm²,
- c) Farmrýmið skal uppfylla eftirfarandi kröfur:
- „farmrými“: sá hluti ökutækisins sem er fyrir aftan sætaröð/sætaraðir eða fyrir aftan ökumannssætið ef ökutækið er aðeins búið einu ökumannssæti,
- i. hleðsluflöturinn í farmrýminu skal almennt vera sléttur,
- ii. ef ökutækið er búið aðeins einni sætaröð eða einu sæti skal lágmarkslengd farmrýmisins vera a.m.k. 40% af hjólhafinu,
- iii. ef ökutækið er búið tveimur eða fleiri sætaröðum skal lágmarkslengd farmrýmisins vera a.m.k. 30% af hjólhafinu.
- Ef auðvelt er að fjarlægja öftustu sætaröðina úr ökutækinu án þess að nota sérstök áhöld skulu kröfur varðandi lengd farmrýmis uppfylltar þegar öll sætin eru í ökutækinu,
- iv. uppfylla skal kröfurnar varðandi lengd farmrýmis þegar sætin í fremstu röð eða öftustu röð, eftir því sem við á, eru upprétt í eðlilegri stöðu til venjulegra nota fyrir farþega ökutækisins.
- 3.8.2.3. Sérstök skilyrði fyrir mælingu
- 3.8.2.3.1. Skilgreiningar
- a) „Hæð lestunarops“: lóðrétt fjarlægð milli tveggja láréttra plana sem snerta annars vegar hæsta punkt neðri hluta dyragáttarinnar og hins vegar lægsta punkt efri hluta dyragáttarinnar,
- b) „flatarmál lestunarops“: mesta flatarmál hornréttrar vörpunar af stærsta mögulega opi þegar aftari dyr eða afturhleri eru alveg opin á lóðrétt plan sem er hornrétt á miðlínu ökutækisins,
- c) „hjólhaf“: að því er varðar beitingu jafnanna í liðum 3.8.2.2 og 3.8.3.1, fjarlægðin á milli:
- i. miðlínu framássins og miðlínu annars ássins, ef um er að ræða ökutæki með tvo ása eða
- ii. miðlínu framáss og miðlínu sýndaráss, sem er jafn langt frá öðrum og þriðja ás, ef um er að ræða ökutæki með þrjá ása.

3.8.2.3.2. Sætisstillingar

- a) Stilla skal sætin í ystu stöðu aftur.
- b) Stilla skal sætisbakið, ef það er stillanlegt, þannig að hægt sé að koma fyrir þrívíðu H-punkts-tæki með horn bolsins í 25 gráðum.
- c) Sætisbakið, ef það er ekki stillanlegt, skal vera í stöðunni sem það er hannað í af framleiðanda ökutækisins.
- d) Ef hægt er að stilla hæð sætisins skal það stillt í lægstu stöðu.

3.8.2.3.3. Skilyrði að því er varðar ökutæki

- a) Ökutækið skal vera hlaðið sem samsvarar hámarksmassa þess.
- b) Hjól ökutækisins skulu snúa beint fram.

3.8.2.3.4. Kröfurnar í lið 3.8.2.3.2 gilda ekki ef ökutækið er útbúið með vegg eða skilrúmi.

3.8.2.3.5. Mæling á lengd farmrýmisins

- a) Ef ökutækið er ekki útbúið með skilrúmi eða vegg skal mæla lengdina frá lóðréttu plani sem snertir aftasta punkt efst á sætisbakinu aftur að innri fleti eða dyrum eða afturhlera í lokaðri stöðu.
- b) Ef ökutækið er útbúið með skilrúmi eða vegg skal mæla lengdina frá lóðréttu plani sem snertir aftasta punkt skilrúmsins eða veggjarins aftur að innri fleti eða dyrum eða afturhlera, eftir því sem við á, í lokaðri stöðu.
- c) Uppfylla skal kröfur varðandi lengd að lágmarki eftir láréttri línu í lóðréttu lengdarplani gegnum miðlínu ökutækisins, í sömu hæð og hleðslugólfíð.

3.8.3. Til viðbótar við almennu viðmiðanirnar sem um getur í liðum 3.2 til 3.6 skal uppfylla viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í liðum 3.8.3.1 til 3.8.3.4 að því er varðar flokkun ökutækja sem eru þannig að rýmið þar sem ökumaðurinn er og farmurinn eru í ekki einni einingu (þ.e. yfirbygging „BE“).

3.8.3.1. Ef ökutækið er með lokaða gerð yfirbyggingar gildir eftirfarandi:

- a) lestun farms skal vera möguleg um aftari dyr, afturhlera eða þil eða með öðrum hætti,
- b) lágmarkshæð lestunaropsins vera a.m.k. 800 mm og skal flatarmál opsins vera a.m.k. 12 800 cm²,
- c) lágmarkslengd farmrýmisins skal vera a.m.k. 40% af hjólhafinu.

3.8.3.2. Ef ökutækið er með opna gerð farmrýmis gilda aðeins ákvæðin sem um getur í a- og c-lið liðar 3.8.3.1.

3.8.3.3. Við beitingu ákvæðanna sem um getur í lið 3.8.3 skulu skilgreiningarnar í lið 3.8.2.3.1 gilda.

3.8.3.4. Hins vegar skal uppfylla kröfur varðandi lengd farmrýmisins eftir láréttri línu í lengdarplani gegnum miðlínu ökutækisins, í sömu hæð og hleðslugólfíð.

4. Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja í undirflokk torfærutækja

4.1. Ökutæki í flokkum M₁ eða N₁ skulu flokkuð í undirflokk torfærutækja ef þau uppfylla um leið eftirfarandi skilyrði:

- a) a.m.k. einn framás og a.m.k. einn afturás eru hannaðir til að vera drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn aflás,
- b) þau hafi a.m.k. einn lásbúnað fyrir mismunadrif eða búnað sem virkar á svipaðan hátt,
- c) þau geti farið upp a.m.k. 25% halla sem stakt ökutæki,

- d) þau uppfylli fimm af eftirfarandi sex kröfum:
- flái að framan skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - flái að aftan skal vera 20 gráður hið minnsta,
 - fríhorn skal vera 20 gráður hið minnsta,
 - lágmarkshæð frá jörðu undir framás skal vera 180 mm hið minnsta,
 - lágmarkshæð frá jörðu undir afturás skal vera 180 mm hið minnsta,
 - lágmarkshæð frá jörðu milli ásanna skal vera 200 mm hið minnsta.
- 4.2. Ökutæki í flokkum M₂, N₂ eða M₃ með hámarks massa sem er ekki yfir 12 tonnum skulu flokkuð í undirflokk torfærutækja er þau uppfylla annaðhvort skilyrði a-liðar eða skilyrðin í bæði b- og c-liðar:
- a) allir ásar eru drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn eða fleiri aflása,
- b) i. a.m.k. einn framás og a.m.k. einn afturás eru hannaðir til að vera drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn aflás,
- þau hafi a.m.k. einn lásbúnað fyrir mismunadrif eða búnað sem hefur sömu virkni,
 - þau geti farið upp 25% halla sem stakt ökutæki,
- c) þau uppfylli a.m.k. fimm af eftirfarandi sex kröfum ef hámarks massi þeirra er ekki yfir 7,5 tonnum og a.m.k. fjórum ef hámarks massi þeirra er yfir 7,5 tonnum:
- flái að framan skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - flái að aftan skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - fríhorn skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - lágmarkshæð frá jörðu undir framás skal vera 250 mm hið minnsta,
 - lágmarkshæð frá jörðu milli ása skal vera 300 mm hið minnsta,
 - lágmarkshæð frá jörðu undir afturás skal vera 250 mm hið minnsta.
- 4.3. Ökutæki í flokkum M₃ eða N₃ með hámarks massa sem er yfir 12 tonnum skulu flokkuð í undirflokk torfærutækja er þau uppfylla annaðhvort skilyrði a-liðar eða skilyrðin í bæði b- og c-lið:
- a) allir ásar eru drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn eða fleiri aflása,
- b) i. a.m.k. helmingur ásanna (eða tveir ásar af þremur ef um er að ræða ökutæki með þrjá ása og þrír ásar ef um er að ræða ökutæki með fimm ása) eru hannaðir til að vera drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn aflás,
- þau hafi a.m.k. einn lásbúnað fyrir mismunadrif eða búnað sem virkar á svipaðan hátt,
 - þau geti farið upp 25% halla sem stakt ökutæki,
- c) þau uppfylli a.m.k. fjórar af eftirfarandi sex kröfum:
- flái að framan skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - flái að aftan skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - fríhorn skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - lágmarkshæð frá jörðu undir framás skal vera 250 mm hið minnsta,
 - lágmarkshæð frá jörðu milli ása skal vera 300 mm hið minnsta,
 - lágmarkshæð frá jörðu undir afturás skal vera 250 mm hið minnsta.
- 4.4. Aðferðin við eftirlit með því hvort farið sé að rúmfræðilegu ákvæðunum sem um getur í þessum hluta skal sett fram í 1. viðbæti.

- 4.5. Líta skal á að kröfurnar í a-lið liðar 4.1, a- og b-lið liðar 4.2, og a- og b-lið liðar 4.3 um ása sem knúnir eru samtímis hafi verið uppfylltar ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- a) yfirfærsla dráttarafls til allra ása fer aðeins fram með vélrænum hætti sem skilar dráttarafli í miklum torfæru eða
- b) hvert hjól á ásnum sem um er að ræða er knúið með einum vökvaknúnum hreyfli eða raffhreyfli.

Ef ásarnir, samkvæmt kröfunum í a-lið liðar 4.1, a- og b-lið liðar 4.2 og a- og b-lið liðar 4.3 um ása sem knúnir eru samtímis, eru ekki knúnir með einungis vélrænum hætti skal knúningsafl einstakra hjóla vera hannað til notkunar í mikilli torfæru. Í slíku tilviki skal vera tryggt að a.m.k. 75% af heildardráttarafli geti verið fært yfir á hjólin sem um er að ræða þegar dráttarskilyrði undir hinum hjólunum gera það ekki kleift að yfirfæra dráttarafl á tilhlýðilegan hátt um þessi hjól.

Aukadrifkerfið, samkvæmt b-lið liðar 4.5, skal ekki gera það kleift að aftengja dráttaraflið með sjálfvirkum hætti þar til ökutækið nær 75% af hámarkshönnunarhraða ökutækis eða þar til það nær 65 km/klst.

5. Ökutæki til sérstakra nota

	Heiti	Kóði	Skilgreining
5.1.	Húsbíll	SA	Ökutæki í flokki M með vistarverum með a.m.k. eftirtöldum búnaði: a) sætum og borði, b) svefnaðstöðu sem fæst með því að breyta sætum, c) eldunaraðstöðu, d) geymsluaðstöðu. Þessi búnaður skal vera tryggilega festur við vistarverurnar. Þó má borðið vera hannað á þann hátt að auðvelt sé að losa það.
5.2.	Brynvarið ökutæki	SB	Ökutæki sem ætlað er til verndar farþegum eða varningi í flutningum og með skothelda brynklæðningu.
5.3.	Sjúkrabílfreið	SC	Ökutæki í flokki M, ætlað til flutnings sjúkra eða slasaðra og sérstaklega útbúið í þeim tilgangi.
5.4.	Líkvagn	SD	Ökutæki í flokki M, ætlað til líkflutninga og sérstaklega útbúið í þeim tilgangi.
5.5.	Ökutæki með hjólastólaaðgengi	SH	Ökutæki í flokki M ₁ , smíðuð eða breytt sérstaklega svo þau rúmi einn eða fleiri einstaklinga í hjólastól þegar ekið er á vegi.
5.6.	Dregið hjólhýsi	SE	Ökutæki í flokki O eins skilgreint er í íðorði 3.2.1.3 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833:1977.
5.7.	Færanlegur krani	SF	Ökutæki í flokki N ₃ sem er ekki ætlað til flutninga á vörum og er búið krana sem er með álagsvægið 400 kNm eða meira.
5.8.	Sérhópur	SG	Ökutæki til sérstakra nota sem fellur ekki undir skilgreiningarnar sem nefndar eru í þessum hluta.
5.9.	Hjólafleki	SJ	Ökutæki í flokki O sem búið er dráttarstól, sem ber festivagn í því skyni að breyta honum í eftirvagn.

	Heiti	Kóði	Skilgreining
5.10.	Eftirvagn fyrir þungaflutninga	SK	Ökutæki í flokki O ₄ sem ætlað er til flutninga á óskiptanlegum farmi sem sætir takmörkunum að því er varðar hraða og umferð vegna stærðar þess. Undir þetta falla einnig vökvaknúnir einingavagnar án tillits til fjölda eininga.
5.11.	Vélnúð ökutæki fyrir þungaflutninga	SL	Dráttarþreifrið eða dráttareining fyrir festivagna í flokki N ₃ sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði: a) hún hafi fleiri en tvo ása og a.m.k. helmingur ásanna (tveir ásar af þremur ef um er að ræða ökutæki með þrjá ása og þrír ásar af fimm ef um er að ræða ökutæki með fimm ása) eru hannaðir til að vera knúnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn aflás, b) hún er hönnuð til að draga og ýta eftirvagni fyrir þungaflutninga í flokki O ₄ , c) hún hafi lágmarkshreyfilaf sem nemur 350 kW og d) hún geti verið búin viðbótartengibúnaði að framan fyrir þungan dráttarmassa.
5.12.	Burðartæki fyrir margs konar búnað	SM	Torfærutæki í flokki N (eins og skilgreint er í lið 2.3) sem er hannað og smíðað til að draga, ýta, flytja eða virkja tiltekinn útskiptanlegan búnað: a) með minnst tvö svæði til festinga fyrir þennan búnað, b) með staðlaða, vélræna, vökvaknúna og/eða rafræna skilfleti (t.d. aflúttak) til að knýja eða virkja útskiptanlega búnaðinn og c) sem uppfyllir skilgreininguna í lið 3.1.4 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833-1977 (sérstakt ökutæki). Ef ökutækið er búð aukahleðslupalli skal hámarks lengd hans ekki fara yfir: a) 1,4 sinnum sporvidd ökutækisins að framan eða aftan, hvort sem er stærra, ef um er að ræða ökutæki með tvo ása eða b) 2,0 sinnum sporvidd ökutækisins að framan eða aftan, hvort sem er stærra, ef um er að ræða ökutæki með fleiri en tvo ása.

6. Athugasemdir

6.1. Gerðarviðurkenningu skal ekki veita:

- a) hjólaflækum eins og þeir eru skilgreindir í lið 5.9 í þessum hluta,
- b) hengivögnum eins og þeir eru skilgreindir í lið 5.4 í C-hluta,
- c) eftirvögnum sem geta flutt farþega þegar ekið er á vegi.

6.2. Liður 6.1 er með fyrirvara um 42. gr. um landsbundna gerðarviðurkenningu lítilla framleiðsluraða.

B-HLUTI

Viðmiðanir fyrir gerðir ökutækja, afbrigði og útfærslur

1. Flokkur M₁

1.1. Gerð ökutækis

1.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

- a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,

b) hönnun og samsetningu nauðsynlegra hluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða sjálfbærandi yfirbyggingu,

Það sama skal gilda um ökutæki með yfirbyggingu sem er boltuð á eða soðin við aðskilinn ramma.

1.1.2. Þrátt fyrir kröfurnar í b-lið liðar 1.1.1 má telja ökutæki tilheyra sömu gerð ef framleiðandinn notar gólfhluta yfirbyggingarinnar ásamt nauðsynlegum grundvallarhlutum, sem mynda fremri hluta yfirbyggingarinnar beint fyrir framan framrúðuna, við smíði á mismunandi tegundum yfirbygginga (t.d. ökutæki með fernum dyrum eða ökutæki með tvennum dyrum). Framleiðandinn skal leggja fram sönnun þess efnis.

1.1.3. Til gerðar skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útfærsla.

1.2. Afbrigði

1.2.1. Til „afbrigðis“ innan gerðar ökutækis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi smíðaeiginleika:

a) fjölda hliðardyra eða gerð yfirbyggingar eins og skilgreint er í 2. lið C-hluta þegar framleiðandinn notast við viðmiðunina í lið 1.1.2,

b) hreyfil með tilliti til eftirfarandi smíðaeiginleika:

i. gerð orkugjafa (brunahreyfill, rafmagnshreyfill eða annað),

ii. vinnsluhátt (rafkveikja, þjöppukveikja eða annað),

iii. fjölda og fyrirkomulag strokka, ef um er að ræða brunahreyfil (L4, V6 eða annað),

c) fjölda ása,

d) fjölda og samtengingu aflása,

e) fjölda stýriása,

f) smíðaðþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið),

g) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.

1.3. Útfærsla

1.3.1. Til „útfærslu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) tæknilega leyfilegan hámarks massa með hleðslu,

b) slagrymi hreyfils ef um er að ræða brunahreyfil,

c) hámarkshreyfilafköst eða samfelld hámarksnafnafl (rafmagnshreyfill),

d) tegund eldsneytis (bensín, gasolía, fljótandi jarðolíugas, knúið tveimur tegundum eldsneytis eða annað),

e) hámarksfjölda sæta,

f) hljóðstig á ferð,

g) magn losunar með útblæstri (t.d. Euro 5, Euro 6 eða annað),

h) veginn eða blandaður akstur, losun koltvísýrings við blandaðan akstur,

i. raforkunotkun (vegin, blandaður akstur),

j) veginn eða blandaður akstur, eldsneytisnotkun við blandaðan akstur.

Sem valkost við viðmiðunina í h-, i- og j-lið skulu ökutæki sem eru flokkuð í útfærslu prófuð sameiginlega með tilliti til útreiknings á koltvísýringslosun, raforku- og eldsneytisnotkun þeirra, samkvæmt 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtið. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

2. Flokkar M₂ og M₃
- 2.1. Gerð ökutækis
- 2.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:
 - a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,
 - b) flokk,
 - c) eftirfarandi þætti í smíði og hönnun:
 - i. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta sem mynda undirvagninn,
 - ii. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða sjálfbærandi yfirbyggingu,
 - d) fjölda hæða (ein eða tvær),
 - e) fjölda eininga (ekki liðskipt/liðskipt),
 - f) fjölda ása,
 - g) aðferð við afhendingu orku (í ökutæki/utan ökutækis),
- 2.1.2. Til gerðar ökutækis skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útfærsla.
- 2.2. Afbrigði
- 2.2.1. Til „afbrigðis“ innan gerðar ökutækis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi smíðaeiginleika:
 - a) gerð yfirbyggingar eins og skilgreint er í 3. lið C-hluta,
 - b) undirflokk eða samsetningu undirflokka ökutækja eins og skilgreint er í lið 2.1.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107 (aðeins ef um er að ræða fullbúin ökutæki eða fjölþrepa fullbúin ökutæki),
 - c) smíðaprep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),
 - d) hreyfil með tilliti til eftirfarandi smíðaeiginleika:
 - i. gerð orkugjafa (brunahreyfill, rafmagnshreyfill eða annað),
 - ii. vinnsluhátt (rafkveikja, þjöppukveikja eða annað),
 - iii. fjölda og fyrirkomulag strokka, ef um er að ræða brunahreyfil (L6, V8 eða annað),
 - e) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.
- 2.3. Útfærsla
- 2.3.1. Til „útfærslu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:
 - a) tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,
 - b) hvort ökutækið geti dregið eftirvagn eða ekki,
 - c) slagrymi hreyfils ef um er að ræða brunahreyfil,
 - d) hámarkshreyfilafköst eða samfellt hámarksnafnafl (rafmagnshreyfill),
 - e) tegund eldsneytis (bensín, gasolía, fljótandi jarðolíugas, knúið tveimur tegundum eldsneytis eða annað),
 - f) hljóðstig á ferð,
 - g) magn losunar með útblæstri (t.d. Euro IV, Euro V eða annað).

3. Flokkur N₁

3.1. Gerð ökutækis

3.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,

b) hönnun og samsetningu nauðsynlegra hluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða sjálfberandi yfirbyggingu,

c) hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta undirvagns ef um er að ræða yfirbyggingu sem er ekki sjálfberandi.

3.1.2. Þrátt fyrir kröfurnar í b-lið liðar 3.1.1 má telja ökutæki tilheyra sömu gerð ef framleiðandinn notar gólfhluta yfirbyggingarinnar ásamt nauðsynlegum grundvallarhlutum, sem mynda fremri hluta yfirbyggingarinnar beint fyrir framan framrúðuna, við smíði á mismunandi tegundum yfirbygginga (t.d. sendibífreið eða undirvagn með stýrishúsi, mismunandi hjólhaf og mismunandi þakhæð). Framleiðandinn skal leggja fram sönnun þess efnis.

3.1.3. Til gerðar ökutækis skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útfærsla.

3.2. Afbrigði

3.2.1. Til „afbrigðis“ innan gerðar ökutækis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi smíðaeiginleika:

a) fjölda hliðardyra eða gerð yfirbyggingar eins og skilgreint er í 4. lið C-hluta (að því er varðar fullbúin ökutæki eða fjölþrepa fullbúin ökutæki) þegar framleiðandinn notast við viðmiðunina í lið 3.1.2,

b) smíðaprep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),

c) hreyfil með tilliti til eftirfarandi smíðaeiginleika:

i. gerð orkugjafa (brunahreyfill, rafmagnshreyfill eða annað),

ii. vinnsluhátt (rafkveikja, þjöppukveikja eða annað),

iii. fjölda og fyrirkomulag strokka, ef um er að ræða brunahreyfil (L6, V8 eða annað),

d) fjölda ása,

e) fjölda og samtengingu aflása,

f) fjölda stýriása.

g) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.

3.3. Útfærsla

3.3.1. Til „útfærslu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) tæknilega leyfilegan hámarks massa með hleðslu,

b) slagrymi hreyfils ef um er að ræða brunahreyfil,

c) hámarkshreyfilafköst eða samfellt hámarksnafnafl (rafmagnshreyfill),

d) tegund eldsneytis (bensín, gasolía, fljótandi jarðolíugas, knúið tveimur tegundum eldsneytis eða annað),

e) hámarksfjölda sæta,

f) hljóðstig á ferð,

g) magn losunar með útblæstri (t.d. Euro 5, Euro 6 eða annað),

h) veginn eða blandaður akstur, losun koltvísýrings við blandaðan akstur,

- i. raforkunotkun (vegin, blandaður akstur),
- j) veginn eða blandaður akstur, eldsneytisnotkun við blandaðan akstur,
- k) sérstök nýsköpunartækni er fyrir hendi, eins og tilgreint er í 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 ⁽¹⁾.

Sem valkost við viðmiðunina í h-, i- og j-lið skulu ökutæki sem eru flokkuð í útfærslu prófuð sameiginlega með tilliti til útreiknings á koltvísýringslosun, raforku- og eldsneytisnotkun þeirra, samkvæmt 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151.

4. Flokkar N₂ og N₃

4.1. Gerð ökutækis

4.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

- a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,

- b) flokk,

- c) hönnun og smíði undirvagns sem er sameiginleg í tiltekinni vörulínu,

- d) fjölda ása,

4.1.2. Til gerðar ökutækis skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útfærsla.

4.2. Afbrigði

4.2.1. Til „afbrigðis“ innan gerðar ökutækis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi smíðaeiginleika:

- a) yfirbyggingu eða tegund yfirbyggingar eins og skilgreint er í 4. lið C-hluta og í 2. viðbæti (aðeins að því er varðar fullbúin ökutæki eða fjölþrepa fullbúin ökutæki),

- b) smíðaprep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),

- c) hreyfil með tilliti til eftirfarandi smíðaeiginleika:

- i. gerð orkugjafa (brunahreyfill, rafmagnshreyfill eða annað),

- ii. vinnsluhátt (rafkveikja, þjöppukveikja eða annað),

- iii. fjölda og fyrirkomulag strokka, ef um er að ræða brunahreyfil (L6, V8 eða annað),

- d) fjölda og samtengingu aflása,

- e) fjölda stýriása,

- f) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.

4.3. Útfærsla

4.3.1. Til „útfærslu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

- a) tæknilega leyfilegan hámarks massa með hleðslu,

- b) hvort það geti dregið eftirfarandi eftirvagna:

- i. eftirvagn án hemla,

- ii. eftirvagn með ýtihemlakerfi (eða ágangshemlakerfi) eins og skilgreint er í lið 2.12 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13,

- iii. eftirvagn með samtengt eða hálf samtengt hemlakerfi eins og skilgreint er í liðum 2.9 og 2.10 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarmargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá létum ökutækjum (Stjútíð. L 145, 31.5.2011, bls. 1).

- iv. eftirvagn í flokki O₄ sem veldur því ekki að hámarkshleðslumassi vagnalestarinnar fari yfir 44 tonn,
 - v. eftirvagn í flokki O₄ sem veldur því að hámarkshleðslumassi vagnalestarinnar fari yfir 44 tonn.
 - c) slagrymi hreyfils,
 - d) hámarkshreyfilafköst,
 - e) tegund eldsneytis (bensín, gasolía, fljótandi jarðolíugas, knúið tveimur tegundum eldsneytis eða annað),
 - f) hljóðstig á ferð,
 - g) magn losunar með útblæstri (t.d. Euro IV, Euro V eða annað).
5. Flokkar O₁ og O₂
- 5.1. Gerð ökutækis
- 5.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:
- a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,
 - b) flokk,
 - c) gerð eins og skilgreint er í 5. lið C-hluta,
 - d) eftirfarandi þætti í smíði og hönnun:
 - i. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta sem mynda undirvagninn,
 - ii. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða sjálfbærni yfirbyggingu,
 - e) fjölda ása.
- 5.1.2. Til gerðar ökutækis skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útfærsla.
- 5.2. Afbrigði
- 5.2.1. Til „afbrigðis“ innan gerðar ökutækis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi smíðaeiginleika:
- a) tegund yfirbyggingar eins og um getur í 2. viðbæti (að því er varðar fullbúin ökutæki eða fjölþrepa fullbúin ökutæki),
 - b) smíðaprep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),
 - c) gerð hemlakerfis (t.d. án hemla/ýtiþemlun/afliþemlun),
 - d) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.
- 5.3. Útfærsla
- 5.3.1. Til „útfærslu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:
- a) tæknilega leyfilegan hámarks massa með hleðslu,
 - b) gerð fjöðrunar (loft, stál- eða gúmmí fjöðrun, vindustöng eða annað),
 - c) gerð dráttarbeislis (þríhyrningur, stöng eða annað).
6. Flokkar O₃ og O₄
- 6.1. Gerð ökutækis
- 6.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:
- a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,
 - b) flokk,

- c) gerð eftirvagns með tilliti til skilgreininganna í 5. lið C-hluta,
 - d) eftirfarandi þætti í smíði og hönnun:
 - i. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta sem mynda undirvagninn,
 - ii. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða eftirvagna með sjálfberandi yfirbyggingu,
 - e) fjölda ása.
- 6.1.2. Til gerðar ökutækis skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útfærsla.
- 6.2. Afbrigði
- 6.2.1. Til „afbrigðis“ innan gerðar ökutækis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi smíðaeiginleika og hönnunareinkenni:
- a) tegund yfirbyggingar eins og um getur í 2. viðbæti (að því er varðar fullbúin ökutæki eða fjölþrepa fullbúin ökutæki),
 - b) smíðaðþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),
 - c) gerð fjöðrunar (stál, loft eða vökvafjöðrun),
 - d) eftirfarandi tæknilega eiginleika:
 - i. hvort hægt sé að lengja undirvagninn eða ekki,
 - ii. hæð gólfsins (venjuleg, fyrir lágan farm, o.s.frv.).
 - e) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.
- 6.3. Útgáfur
- 6.3.1. Til „útfærslu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:
- a) tæknilega leyfilegan hámarks massa með hleðslu,
 - b) niðurskiptingar eða samsetningar niðurskiptinga sem um getur í liðum 3.2 og 3.3 í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB sem ásbil flokkast undir að því er varðar bil milli tveggja samliggjandi ása í ásaþóp,
 - c) skilgreiningu ása að því er varðar:
 - i. lyftiása (fjöldi og staðsetning),
 - ii. ása með hleðslufærslu (fjöldi og staðsetning),
 - iii. stýriása (fjöldi og staðsetning).
7. Sameiginlegar kröfur fyrir alla flokka ökutækja
- 7.1. Ef ökutæki fellur í nokkra flokka vegna hámarks massa þess eða sætafjölda eða hvors tveggja getur framleiðandinn kosið að nota viðmiðanir annars hvors ökutækjaflokksins vegna skilgreiningar á afbrigðum og útfærslum.
- 7.1.1. Dæmi:
- a) ökutæki „A“ getur hlotið gerðarviðurkenningu sem N₁ (3,5 tonn) og N₂ (4,2 tonn) með tilliti til hámarks massa þess. Í því tilviki má nota mæliþættina sem um getur í flokki N₁ fyrir ökutækið sem fellur undir flokk N₂ (eða öfugt),
 - b) ökutæki „B“ getur hlotið gerðarviðurkenningu sem M₁ og M₂ með tilliti til fjölda sæta (7 + 1 eða 10 + 1) og þá má nota mæliþættina sem um getur í flokki M₁ fyrir ökutækið sem fellur undir flokk M₂ (eða öfugt).
- 7.2. Ökutæki í flokki N getur hlotið gerðarviðurkenningu samkvæmt ákvæðunum fyrir flokk M₁ eða M₂ eftir því sem við á, ef ætlunin er að breyta því í ökutæki í þeim flokki í næsta þrepi í fjölþrepa gerðarviðurkenningarferli.
- 7.2.1. Þessi valkostur er aðeins leyfður fyrir ófullbúin ökutæki.
- Slík ökutæki skulu auðkennd með tilteknum afbrigðiskóða sem gefinn er af framleiðanda grunnökutækisins.

- 7.3. Heiti gerða, afbrigða og útfærslna
- 7.3.1. Framleiðandinn skal úthluta hverri gerð, afbrigði og útfærslu ökutækis alstafakóða, sem samanstendur af rómverskum stöfum og/eða arabískum tölustöfum.
- Heimilt er að nota sviga og bandstrik ef þau koma ekki í staðinn fyrir bókstaf eða tölustaf.
- 7.3.2. Heildarkóðinn skal tilgreina eftirfarandi: Gerð-afbrigði-útfærslu (e. Type-Variant-Version, skammstafað TVV).
- 7.3.3. TVV-kóðinn skal með skýrum og ótvíræðum hætti auðkenna einstaka samsetningu tæknilegra eiginleika með tilliti til þeirra viðmiðana sem skilgreindar eru í þessum hluta.
- 7.3.4. Sami framleiðandi má nota sama kóðann til að auðkenna gerð ökutækis þegar það fellur undir tvo eða fleiri flokka.
- 7.3.5. Sami framleiðandi skal ekki nota sama kóðann til að auðkenna gerð ökutækis fyrir fleiri en eina gerðarviðurkenningu innan sama flokks ökutækja.
- 7.4. Fjöldi rittákna í TVV-kóða
- 7.4.1. Fjöldi rittákna skal ekki vera meiri en:
- a) 15 fyrir kóða ökutækjagerðarinnar,
 - b) 25 fyrir kóða hvers afbrigðis,
 - c) 35 fyrir kóða hvernar útfærslu.
- 7.4.2. Í heild skal TVV-alstafakóðinn ekki samanstanda af fleiri en 75 rittáknum.
- 7.4.3. Ef TVV-kóðinn er notaður í heild sinni skal vera bil á milli gerðar, afbrigðis og útfærslu.
- Dæmi um TVV-kóða: 159AF[...bil]0054[...bil]977K(BE).

C-HLUTI

Skilgreiningar á gerðum yfirbygginga

1. Almenn
- 1.1. Gerð yfirbyggingar ásamt kóða yfirbyggingar skal tilgreina með kóðum.
- Skráin með kóðum gildir aðallega um fullbúin ökutæki og fjölþrepa fullbúin ökutæki.
- 1.2. Að því er varðar ökutæki í flokki M skal gerð yfirbyggingar tilgreind með tveimur bókstöfum eins og tilgreint er í liðum 2 og 3.
- 1.3. Að því er varðar ökutæki í flokkum N og O skal gerð yfirbyggingar tilgreind með tveimur bókstöfum eins og um getur í liðum 4 og 5.
- 1.4. Ef nauðsyn krefur (einkum fyrir gerðir yfirbyggingar sem um getur liðum 4.1 og 4.6 annars vegar og liðum 5.1 til 5.4 hins vegar) skal bæta við tveimur tölustöfum.
- 1.4.1. Mælt er fyrir um skrána með tölustöfum í 2. viðbæti.
- 1.5. Að því er varðar ökutæki til sérstakra nota skal gerð yfirbyggingar sem á að nota tengjast flokki ökutækisins.
2. Ökutæki sem tilheyra flokki M₁

Til-vísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
2.1.	AA	Stallbakur	Ökutæki eins og skilgreint er í íðorði 3.1.1.1 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833:1977, með a.m.k. fjórum hliðargluggum.
2.2.	AB	Hlaðbakur	Stallbakur samkvæmt skilgreiningu í 2.1 með lúgu að aftan.

Til- vísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
2.3.	AC	Skutbifreið	Ökutæki eins og skilgreint er í iðorði 3.1.1.4 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833:1977.
2.4.	AD	Ökutæki með tvennum dyrum (e. <i>coupe</i>)	Ökutæki eins og skilgreint er í iðorði 3.1.1.5 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833:1977.
2.5.	AE	Blæjubifreið	Ökutæki eins og skilgreint er í iðorðum nr. 3.1.1.6 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833:1977. Þó má blæjubifreið vera án dyra.
2.6.	AF	Fjölnota ökutæki	Ökutæki, önnur en AG og þau sem um getur í AA–AE, ætluð til flutninga á farþegum og farangri þeirra eða einstaka sinnum vörum, í einu rými.
2.7.	AG	Skutbifreið með pall	Ökutæki eins og skilgreint er í iðorði nr. 3.1.1.4.1 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833:1977. Þó skal farangursrýmið vera alveg aðskilið frá farþegarýminu. Að auki þarf viðmiðunarpunktur ökumannssætisins ekki að vera a.m.k. 750 mm yfir undirlaginu sem ökutækið stendur á.

3. Ökutæki sem tilheyra flokki M₂ eða M₃

Til- vísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
3.1.	CA	Einnar hæðar ökutæki	Ökutæki þar sem farþegarýmið er á einni hæð eða þannig komið fyrir að það sé ekki á tveimur hæðum þar sem önnur er yfir hinni.
3.2.	CB	Tveggja hæða ökutæki	Ökutæki sem skilgreint er í lið 2.1.6 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107
3.3.	CC	Einnar hæðar liðskipt ökutæki	Ökutæki með eina hæð sem skilgreint er í lið 2.1.3 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107.
3.4.	CD	Tveggja hæða liðskipt ökutæki	Ökutæki sem skilgreint er í lið 2.1.3.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107.
3.5.	CE	Einnar hæðar lággólf-sökutæki	Ökutæki með eina hæð sem skilgreint er í lið 2.1.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107.
3.6.	CF	Tveggja hæða lággólf-sökutæki	Ökutæki með tvær hæðir sem skilgreint er í lið 2.1.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107.
- L Notkun á eingöngu við um sæti sem ætluð eru fyrir eðlilega notkun ef ökutækið er notað á opinberum vegi. Að lágmarki er krafist festinga fyrir mjaðmabelti í aftursætum. Sæti sem ekki eru ætluð til notkunar ef ökutækið er notað á opinberum vegi eiga að vera auðkennd með skýrum hætti fyrir notendur, annað hvort með táknmynd eða merki með viðeigandi texta. Ekki er gerð krafa um ISOFIX í sjúkrabifreiðum og líkvögnum.
- M Notkun á eingöngu við um sæti sem ætluð eru fyrir eðlilega notkun ef ökutækið er notað á opinberum vegi. Að lágmarki er krafist festinga fyrir mjaðmarbelti í öllum aftursætum. Sæti sem ekki eru ætluð til notkunar ef ökutækið er notað á opinberum vegi eiga að vera auðkennd með skýrum hætti fyrir notendur, annað hvort með táknmynd eða merki með viðeigandi texta. Ekki er gerð krafa um ISOFIX í sjúkrabifreiðum og líkvögnum.
- N Að því tilskildu að allur lögboðinn ljósabúnaður sé ísettur og að dreifing ljóss verði ekki fyrir áhrifum.
- Q Breytingar á lengd útblásturskerfisins aftan við aftasta hljóðdeyfi eru leyfilegar án frekari prófana ef það er ekki lengra en 2 metrar. ESB-gerðarviðurkenning sem veitt hefur verið dæmigerðasta grunnökutækinu er áfram í gildi þrátt fyrir að breytingar verði á viðmiðunarþyngd.
- R Að því tilskildu að hægt sé að koma fyrir skráningarplötum frá öllum aðildarríkjum og að þær séu sýnilegar til frambúðar.
- S Heildargegnumferðarstuðull ljóss er a.m.k. 60% og hindrunarhorn A-stoðar er ekki yfir 10 gráðum.
- T Prófunina skal einungis framkvæma á fullbúnu ökutæki/fjölþrepa fullbúnu ökutæki. Prófa má ökutækið samkvæmt tilskipun 70/157/EBE. Að því er varðar lið 5.2.2.1 í I. viðauka við tilskipun 70/157/EBE gilda eftirfarandi viðmiðunarmörk:
- a) 81 dB(A) fyrir ökutæki með hreyfilafli innan við 75 kW,
 - b) 83 dB(A) fyrir ökutæki með hreyfilafli a.m.k. 75 kW en innan við 150 kW,
 - c) 84 dB(A) fyrir ökutæki með hreyfilafli a.m.k. 150 kW.
- U Prófunina skal einungis framkvæma á fullbúnu ökutæki/fjölþrepa fullbúnu ökutæki. Ökutæki með allt að fjóra ása eiga að fullnægja öllum þeim kröfum sem mælt er fyrir um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum. Gerðar eru undanþágur fyrir ökutæki sem eru með fleiri en fjóra ása, að því tilskildu:
- a) að þær séu réttlætanlegar vegna sérstæðs byggingarlags og
 - b) að allar kröfur um hemlaafköst séu uppfylltar í tengslum við stöðuhemlun, aksturshemlun og neyðarhemlun eins og mælt er fyrir um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum.
- U₁ Læsivarið hemlakerfi er ekki skyldubundið fyrir ökutæki með vökvaafldsdrifi.
- V Í staðinn má tilskipun 97/68/EB einnig gilda.
- V₁ Í staðinn má tilskipun 97/68/EB einnig gilda um ökutæki með vökvaafldsdrifi.
- W₀ Breyting á lengd útblásturskerfisins er heimil án frekari prófunar, að því tilskildu að bakþrýstingur sé svipaður. Ef gerð er krafa um nýja prófun skal leyfa 2dB(A) til viðbótar umfram viðeigandi mörk.
- W₁ Breytingar á útblásturskerfi eru heimilar án frekari prófana á losun frá útblástursröri og á losun koltvísýrings/eldsneytisnotkun svo fremi að mengunarvarnarbúnaður að meðtöldum agnasíum (ef einhverjar) verði ekki fyrir áhrifum. Ekki skal krefjast nýrra prófana á losun við uppgufun í breyttu ökutæki ef mengunarvarnarbúnaði fyrir losun við uppgufun er haldið eins og honum var komið fyrir af framleiðanda grunnökutækisins.
- ESB-gerðarviðurkenning sem veitt hefur verið dæmigerðasta grunnökutækinu er áfram í gildi þrátt fyrir að breytingar verði á viðmiðunarmassa.

- W₂ Breytingar á aðleiðslu og lengd áfyllingarleiðslunnar, eldsneytisslönngum og eldsneytisgufuleiðslum eru leyfilegar án frekari prófana. Heimilt er að færa upphaflega eldsneytisgeyminn að því tilskildu að allar kröfur séu uppfylltar. Ekki skal þó fara fram á frekari prófun í samræmi við 5. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34.
- W₃ Lengdarplan fyrirhugaðrar akstursstöðu hjólastóls ætti að vera samsíða lengdarplani ökutækisins.
- Eigandi ökutækisins skal fá viðeigandi upplýsingar um það að mælt sé með hjólastól með burðarvirki sem uppfyllir viðeigandi hluta alþjóðlega staðalsins ISO 7176-19:2008, til þess að hann geti þolað kraftana sem festibúnaðurinn flytur við mismunandi akstursskilyrði.
- Gera má viðeigandi breytingar á sætum ökutækisins án frekari prófana að því tilskildu að hægt sé að sýna tækniþjónustu fram á að festingar, tilhögun og höfuðpúðar sætanna tryggi sama árangur.
- Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17 skulu ekki gilda.
- W₄ Krefjast skal þess að inngangshjálparbúnaður fari að ákvæðum stjórnvaldsfyrirmæla þegar hann er ekki í notkun.
- W₅ Á sérhverjum stað fyrir hjólastól skulu vera festingar sem festa skal festibúnað fyrir hjólastól og aðhaldsbúnað fyrir farþega við og sem einnig uppfyllir viðbótarákvæði sem sett eru fram í 3. viðbæti um prófun á festibúnaði fyrir hjólastóla og aðhaldsbúnaði fyrir farþega.
- W₆ Á sérhverjum stað fyrir hjólastól á að vera öryggisbelti fyrir farþega sem uppfyllir viðbótarákvæði sem sett eru fram í 3. viðbæti um prófun á festibúnaði fyrir hjólastóla og aðhaldsbúnaði fyrir farþega.
- Ef þörf krefur vegna breytinganna að færa festingarnar fyrir sætisbeltin út fyrir vikmörkin sem kveðið er á um í lið 7.7.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16.06, á tækniþjónustan að kanna hvort breytingin teljist vera versta tilvik eða ekki. Ef svo er, á að gera prófunina sem kveðið er á um í lið 7.7.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16.06. Ekki þarf að gefa út rýmkun á ESB-gerðarviðurkenningunni. Gera má prófunina með íhlutum sem ekki hafa gengist undir aðlögunarprófun sem lýst er í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16.06.
- W₈ Að því er varðar útreikninga telst massi hjólastólsins ásamt notanda vera 160 kg. Þjappa skal massanum að P-punkti staðgönguhjólastóls þegar hann er í akstursstöðu eins og hún er tilgreind af framleiðanda.
- Allar takmarkanir á farþegafjölda vegna notkunar hjólastóla eiga að vera skráðar í handbók eigandans, á hlið 2 á ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og í samræmisvottorðinu.
- W₉ Breyting á lengd útblásturskerfisins er heimil án þess að endurprófun sé nauðsynleg, að því tilskildu að bakþrýstingur útblásturs sé áfram svipaður.
- Y Að því tilskildu að allur lögboðinn ljósabúnaður sé ísettur.
- Z Kröfurnar um framskot opinna glugga gilda ekki um vistaverur.
- Z₁ Færanlegir kranar með fleiri en sex ása teljast torfærutæki (N₃G) þegar a.m.k. þremur ásanna er ekið og að því tilskildu að þeir uppfylli ákvæðin í ii. og iii. lið b-liðar í lið 4.3 II. viðauka sem og í c-lið liðar 4.3 í A-hluta I. viðauka.

[illegible]

Tækniforskriftir	Ökutækjaflokkur									
	M ₁	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄
Aflásar (fjöldi, staðsetning og samtenging)	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Stýriásar (fjöldi og staðsetning)	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Gerð yfirbyggingar	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Fjöldi dýra	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Stýri, hægra eða vinstra megin	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Sætafjöldi	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Umfang búnaðar	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—

4. Sértæk ákvæði

Ef ekki eru tiltæk viðurkenningarvottorð sem kveðið er á um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum skal viðurkenningar-yfirvaldið:

- framkvæma eða láta framkvæma nauðsynlegar prófanir og athuganir eins og krafist er í viðeigandi stjórnvalds-fyrirmælum,
- sannprófa að ökutækið sé í samræmi við atriðin í upplýsingamöppunni og að það standist tæknikröfurnar í öllum viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum,
- athuga eða láta viðeigandi athuganir fara fram á uppsetningu aðskilinna tæknieininga þar sem það á við,
- hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að búnaðurinn sem kveðið er á um í 1. og 2. skýringu í I. hluta II. viðauka sé fyrir hendi þar sem það á við,
- hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að kröfurnar sem settar eru fram í 5. skýringu í I. hluta II. viðauka séu uppfylltar.

—

1. viðbætur

Staðlar sem tækniþjónusturnar sem um getur í 68. gr. þurfa að uppfylla

1. Starfsemi sem tengist prófunum vegna gerðarviðurkenningar sem á að framkvæma í samræmi við stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka:

- 1.1. Flokkur A (prófanir sem framkvæmdar eru í eigin starfsstöð):

Staðall EN ISO/IEC 17025:2005 um almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa.

Tækniþjónusta sem tilnefnd er til starfsemi í flokki A er einnig heimilt að framkvæma þær prófanir sem kveðið er á um í stjórnvaldsfyrirmælunum sem hún hefur verið tilnefnd til í starfsstöð framleiðanda eða þriðja aðila. Það starfsfólk sem ber ábyrgð á að beita faglegu áliti við ákvörðun á samræmi við þau stjórnvaldsfyrirmæli sem tækniþjónustan hefur verið tilnefnd til skal í báðum tilfellum uppfylla staðalinn EN ISO/IEC 17020:2012.

- 1.2. Flokkur B (umsjón með þeim prófunum, þ.m.t. undirbúningi prófana, ef slíkar prófanir eru framkvæmdar í starfsstöð framleiðanda eða í starfsstöð þriðja aðila):

Staðall EN ISO/IEC 17020:2012 um almennar viðmiðanir um rekstur ýmiss konar stofnana sem annast skoðanir.

Áður en tækniþjónustan framkvæmir eða hefur umsjón með prófunum í starfsstöðvum framleiðanda eða starfsstöðvum þriðja aðila skal hún sannprófa að prófunaraðstaða og mælitæki uppfylli viðeigandi kröfur staðalsins EN ISO/IEC 17025:2005.

2. Starfsemi sem tengist samræmi framleiðslu

- 2.1. Flokkur C (aðferð við frummat og eftirlitsúttektir á gæðastjórnunarkerfi framleiðanda):

Staðall EN ISO/IEC 17021:2011 um kröfur til stofnana sem annast úttektir og vottun stjórnunarkerfa.

- 2.2. Flokkur D (skoðun eða prófun á sýnishorni úr framleiðslunni eða umsjón með þeim):

Staðall EN ISO/IEC 17020:2012 um almennar viðmiðanir um rekstur ýmiss konar stofnana sem annast skoðanir.

2. viðbætur

Aðferð við mat á tækniþjónustu

1. Markmið og gildissvið
- 1.1. Í þessum viðbæti eru sett skilyrði sem yfirvaldið sem er lögbært skv. 73. gr. (hér á eftir nefnt „lögbæra yfirvaldið“) skal fylgja við framkvæmd á mati á tækniþjónustu.
- 1.2. Þær kröfur gilda um sérhverja tækniþjónustu, óháð því hver réttarstaða hennar er (sjálfstæð stofnun, framleiðandi eða viðurkenningaryfirvald sem starfar sem tækniþjónusta).
2. Mat
- Framkvæmd á mati skal byggjast á eftirfarandi:
 - a) meginregla um sjálfstæði, sem er grunnur að því að niðurstöðurnar séu óhlutdrægar og hlutlægar og
 - b) gagnreyndri nálgun, sem tryggir áreiðanlegar og samanburðarnákvæmar niðurstöður.Úttektaraðilar skulu sýna trúnað og ráðvendni. Þeir skulu virða trúnaðarkvöð og þagmælsku. Þeir skulu greina satt og nákvæmlega frá ályktunum og niðurstöðum.
3. Kröfur um færni úttektaraðila
- 3.1. Aðeins úttektarmenn með þá tækni- og stjórnunarþekkingu sem til þarf mega framkvæma mat.
- 3.2. Úttektarmenn skulu hafa verið þjálfaðir sérstaklega til matsstarfsemi. Að auki skulu þeir búa yfir sértækri þekkingu á því tæknisviði sem tækniþjónustan mun stunda starfsemi sína á.
- 3.3. Með fyrirvara um liði 3.1 og 3.2 skal matið sem um getur í 73. gr. framkvæmt af úttektaraðilum sem eru óháðir þeirri starfsemi sem meta skal.
4. Umsókn um tilnefningu
- 4.1. Tilhlýðilega viðurkenndur fulltrúi tækniþjónustunnar sem sækir um skal leggja fram formlega umsókn til lögbærs yfirvalds sem inniheldur eftirfarandi upplýsingar:
 - a) almenna lýsingu á tækniþjónustunni, þ.m.t. heiti viðskiptafyrirtækis, heiti, heimilisföng, réttarstaða og tæknileg tilföng,
 - b) nákvæma lýsingu, þ.m.t. ferilskrár starfsfólks sem ber ábyrgð á prófunum og starfsfólks í stjórnunarstöðum, þar sem menntun og hæfi og starfsfærni þeirra er sett fram,
 - c) tækniþjónustur sem nota sýndarprófunaraðferðir skulu veita sannanir fyrir getu sinni til að vinna í tölvustuddu umhverfi,
 - d) almennar upplýsingar varðandi tækniþjónustuna, þ.m.t. starfsemi hennar, tengsl við stærri viðskiptafyrirtæki ef einhver eru, og heimilisföng á öllum stöðum sem gildissvið tilnefningarinnar á að taka til,
 - e) samkomulag um að uppfylla kröfurnar varðandi tilnefningu og eftir atvikum aðrar skuldbindingar tækniþjónustunnar sem kveðið er á um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem hún er tilnefnd fyrir,
 - f) lýsingu á samræmismatsþjónustunni sem tækniþjónustan skuldbindur sig til að veita innan ramma viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæla og skrá yfir þau stjórnvaldsfyrirmæli sem tækniþjónustan sækir um tilnefningu fyrir, þ.m.t. takmarkanir á getu eftir atvikum,
 - g) afrit af handbók tækniþjónustunnar um gæðatryggingu.
- 4.2. Lögbært yfirvald skal endurskoða hversu fullnægjandi upplýsingarnar eru sem tækniþjónustan veitir.
- 4.3. Tækniþjónustan skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um allar breytingar á þeim upplýsingum sem veittar eru í samræmi við lið 4.1.
5. Úttekt á tilföngum
- Lögbært yfirvald skal fara yfir getu sína til að framkvæma mat á tækniþjónustu, með tilliti til stefnu sinnar, hæfni og tiltækileika viðeigandi úttektarmanna og sérfræðinga.

6. Mat falið undirverktökum

6.1. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að fela öðru lögbæru yfirvaldi að framkvæma hluta mats sem undirverktaki eða óska eftir aðstoð frá tæknisérfræðingum sem önnur lögbær yfirvöld láta í té. Tækniþjónustan sem sækir um verður að samþykkja undirverktakana og sérfræðingana.

6.2. Lögbært yfirvald verður að taka tillit til faggildingarvottorða með fullnægjandi gildissvið til að ljúka heildarmati sínu á tækniþjónustunni.

7. Undirbúningur mats

7.1. Lögbæra yfirvaldið skal formlega skipa sameiginlegan matshóp. Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að viðeigandi sérþekking sé fengin sérhverjum sameiginlegum starfshópi. Þá sérstaklega skal sameiginlegi matshópurinn í heild hafa bæði:

- a) viðeigandi þekkingu innan þess sviðs sem sótt er um tilnefningu fyrir og
- b) fullnægjandi skilning til að meta með áreiðanlegum hætti hæfni tækniþjónustunnar til að starfa innan gildissviðs tilnefningarinnar.

7.2. Lögbæra yfirvaldið skal skilgreina með greinilegum hætti verkefnið sem sameiginlega matshópnum er fengið. Verkefni sameiginlega matshópsins er að fara yfir skjölin frá tækniþjónustunni sem sækir um og að framkvæma vettvangsmat.

7.3. Lögbæra yfirvaldið skal ákveða dagsetningu og tímaáætlun fyrir matið í samráði við tækniþjónustuna og tilnefnda matshópinn. Þó er það á ábyrgð lögbæra yfirvaldsins að sækjast eftir dagsetningu sem er í samræmi við eftirlits- og endurmatsáætlunina.

7.4. Lögbært yfirvald skal tryggja að sameiginlegi matshópurinn fái í hendur viðeigandi viðmiðunarskjöl, fyrri matsskrár og viðkomandi skjöl og skrár frá tækniþjónustunni.

8. Matsheimsókn

Sameiginlegi matshópurinn skal framkvæma mat á tækniþjónustunni á athafnasvæði tækniþjónustunnar þar sem einn eða fleiri þættir meginstarfsemi fara fram, og þar sem við á, framkvæma mat með sjónrænni skoðun á öðrum völdum stöðum þar sem tækniþjónustan starfar.

9. Greining niðurstaðna og matsskýrsla

9.1. Sameiginlegi matshópurinn skal greina allar viðeigandi upplýsingar og sönnunargögn sem safnað er þegar farið er yfir skjöl og skrár og í vettvangsmatinu. Sú greining skal vera fullnægjandi svo hópurinn geti ákvarðað hæfni tækniþjónustunnar og samræmi við kröfur vegna tilnefningar.

9.2. Verklagsreglur lögbæra yfirvaldsins við skýrslugjöf skulu tryggja að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar.

9.2.1. Sameiginlegi matshópurinn og tækniþjónustan verða að halda fund áður en farið er af vettvangi. Á þeim fundi skal sameiginlegi matshópurinn gefa skriflega og/eða munnlega skýrslu um niðurstöður sínar úr greiningunni. Gefa skal tækniþjónustunni tækifæri til að spyrja spurninga um niðurstöðurnar, þ.m.t. um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum, ef um slíkt er að ræða, og ástæðurnar fyrir því.

9.2.2. Koma skal skriflegri skýrslu þegar í stað á framfæri við tækniþjónustuna. Sú matsskýrsla skal innihalda athugasemdir um hæfni og að farið sé að tilskildum ákvæðum og benda á að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum, ef um slíkt er að ræða, sem lagfæra þarf svo að allar kröfur vegna tilnefningar séu uppfylltar.

9.2.3. Tækniþjónustunni skal boðið að bregðast við matsskýrslunni og lýsa þeim sértæku aðgerðum sem gripið hefur verið til eða eru fyrirhugaðar innan tiltekins tíma til að gera úrbætur á öllum tilvikum sem bent hefur verið á um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum.

9.3. Lögbæra yfirvaldið skal sjá til þess að viðbrögð tækniþjónustunnar séu nægjanleg og áhrifarík til að ráða bót á að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum. Ef viðbrögð tækniþjónustunnar eru ófullnægjandi skal krefjast frekari upplýsinga. Að auki má krefjast sönnunar þess að aðgerðir sem gripið hefur verið til, hafi verið framkvæmdar með skilvirkum hætti, eða framkvæma má framhaldsmat til að sannreyna að aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar með skilvirkum hætti.

9.4. Í matsskýrslunni skal a.m.k. koma fram:

- a) sérstakt auðkenni tækniþjónustunnar,
- b) dagsetning eða dagsetningar matsheimsóknar,
- c) nafn eða nöfn úttektarmanna og/eða sérfræðinga sem komu að matinu,

- d) sérstakt auðkenni allra athafnasvæða sem metin voru,
 - e) fyrirhugað gildissvið tilnefningarinnar sem metið var,
 - f) yfirlýsingu um að innra skipulag og verklagsreglur sem tækniþjónustan hefur samþykkt til stuðnings á hæfni sinni séu fullnægjandi sem ákvarðað er í ljósi þess hvort hún uppfylli kröfur um tilnefningu,
 - g) upplýsingar um úrbætur á öllum tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum,
 - h) tilmæli um hvort umsækjandi skuli tilnefndur eða staðfestur sem tækniþjónusta og ef svo er gildissvið tilnefningarinnar.
10. Veiting, staðfesting eða rýmkun tilnefningar
- 10.1. Lögbæra yfirvaldið skal án ástæðulausrar tafar taka ákvörðun um hvort veita, staðfesta eða rýmka eigi tilnefningu á grundvelli matsskýrslunnar eða matsskýrslanna og annarra viðkomandi upplýsinga.
- 10.2. Lögbæra yfirvaldið skal veita tækniþjónustunni vottorð. Það vottorð skal innihalda eftirfarandi:
- a) auðkenni og kennimerki lögbæra yfirvaldsins,
 - b) sérstakt auðkenni tilnefndu tækniþjónustunnar,
 - c) gildistökudag tilnefningarinnar og daginn sem tilnefningin rennur út,
 - d) stutt yfirlit yfir eða vísun til gildissviðs tilnefningarinnar (viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæli eða hlutar þeirra),
 - e) samræmisyfirlýsingu og tilvísun til þessarar reglugerðar.
11. Endurmat og eftirlit
- 11.1. Endurmat er áþekkt frummati nema að taka skal tillit til þeirrar reynslu sem aflað hefur verið við fyrra mat. Matsheimsókn í eftirlitsskyni er ekki jafn ítarleg og endurmat.
- 11.2. Lögbært yfirvald skal útfæra áætlun sína um endurmat og eftirlit með sérhverri tilnefndri tækniþjónustu þannig að dæmigert sýnishorn fyrir gildissvið tilnefningarinnar sé metið reglulega.
- Tíminn sem líður á milli þess að matsheimsókn fari fram, hvort sem um er að ræða endurmat eða eftirlit, ræðst af þeim stöðugleika sem sýnt þykir að tækniþjónustan hafi náð.
- 11.3. Ef það kemur í ljós við eftirlit eða endurmat að ekki er farið að tilskildum ákvæðum skal lögbært yfirvald skilgreina ströng tímamörk fyrir aðgerðir til úrbóta sem grípa á til.
- 11.4. Ef ekki hefur verið gripið til aðgerða til úrbóta eða endurbóta innan þeirra tímamarka sem ákveðin hafa verið eða þær teljast ekki fullnægjandi, skal lögbært yfirvald samþykkja viðeigandi ráðstafanir eins og t.d. að framkvæma frekara mat eða fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilnefninguna fyrir einn eða fleiri þætti þeirrar starfsemi sem tilnefning tækniþjónustunnar tekur til.
- 11.5. Ef lögbært yfirvald ákveður að fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilnefningu tækniþjónustu skal yfirvaldið tilkynna tækniþjónustunni um ákvörðun sína í gegnum ábyrgðarpóst. Í öllum tilvikum skal lögbært yfirvald samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samfelldni þeirrar starfsemi sem tækniþjónustan vinnur þegar að.
12. Skrár varðandi sérhverja tilnefnda tækniþjónustu
- 12.1. Lögbært yfirvald skal halda skrár yfir sérhverja tækniþjónustu til að sýna fram á að kröfur vegna tilnefningar, þ.m.t. hæfni, hafi verið uppfylltar með skilvirkum hætti.
- 12.2. Lögbært yfirvald skal sjá til þess að skrár varðandi sérhverja tækniþjónustu séu tryggilega geymdar til að varðveita leynd þeirra.
- 12.3. Skrár varðandi tækniþjónustu skulu a.m.k. að innihalda eftirfarandi:
- a) viðkomandi bréfaskipti,
 - b) matsskrár og -skýrslur,
 - c) afrit af tilnefningavottorðum.

IV. VIÐAUKI

AÐFERÐIR TIL AÐ TRYGGJA SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU

1. Markmið
 - 1.1. Aðferðin til að tryggja samræmi framleiðslu miðar að því að tryggja að sérhvert framleitt ökutæki, kerfi, íhlutur og aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður sé í samræmi við viðurkennda gerð.
 - 1.2. Aðferðin til að tryggja samræmi framleiðslu skal alltaf taka til matsins á gæðastjórnunarkerfum, sem í 2. lið nefnist „frummat“ og sannprófunarinnar á búnaði sem háð er gerðarviðurkenningu og eftirlits með framleiðslu sem í 3. lið nefnist „fyrirkomulag til að tryggja samræmi framleiðslu“.
2. Frummat
 - 2.1. Áður en gerðarviðurkenning er veitt skal viðurkenningaryfirvaldið sannprófa að framleiðandinn hafi komið á fullnægjandi vinnutilhögun og aðferðum til að tryggja að ökutæki, kerfi, íhlutir, aðskildar tæknieiningar eða hlutir og búnaður verði framleidd í samræmi við viðurkennda gerðina.
 - 2.2. Leiðbeiningar um það hvernig það mat fer fram má finna í staðli EN ISO 19011:2011 — Leiðbeiningar um úttekt á stjórnunarkerfum.
 - 2.3. Sannprófa skal að farið sé að kröfunum í lið 2.1 þannig að viðurkenningaryfirvaldið telji fullnægjandi sem hér segir:

Frummatið og fyrirkomulagið til að tryggja samræmi framleiðslu sem um getur í 3. lið skulu vera fullnægjandi að mati viðurkenningaryfirvaldsins, að teknu tilliti til þeirra fyrirkomulaga sem um getur í liðum 2.3.1 til 2.3.3 hér á eftir, eða til samsetningar þessara fyrirkomulaga að öllu leyti eða að hluta til eftir því sem við á.

 - 2.3.1. Framkvæmd frum matsins og sannprófun á fyrirkomulagi til að tryggja samræmi framleiðslu skal verið í höndum viðurkenningaryfirvaldsins eða aðila sem viðurkenningaryfirvaldið tilnefnir í því skyni.
 - 2.3.1.1. Þegar viðurkenningaryfirvald metur umfang frum matsins sem á að framkvæma er því heimilt að taka tillit til eftirfarandi upplýsinga:
 - a) hvort að framleiðandinn hafi vottun sem er svipuð þeirri sem lýst er í lið 2.3.3, en hann hafi ekki fengið réttindi eða viðurkenningu samkvæmt þeim lið,
 - b) ef um er að ræða gerðarviðurkenningu á kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu, að framleiðandi eða framleiðendur ökutækis hafi framkvæmt matið á gæðakerfi á athafnasvæði framleiðanda kerfisins, íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar í samræmi við eina eða fleiri af nákvæmum forskriftum iðnaðargeirans og sem uppfyllir kröfur staðalsins EN ISO 9001:2015 eða ISO/TS16949:2009,
 - c) hvort að ein eða fleiri af gerðarviðurkenningum framleiðandans hafi nýlega verið dregin til baka í einu aðildarríkja vegna ófullnægjandi eftirlits með samræmi framleiðslu. Í því tilviki skal frummat viðurkenningaryfirvaldsins ekki takmarkast við samþykki á vottun á gæðakerfi framleiðandans, heldur skal það taka til sannprófunar á hvort að allar nauðsynlegar úrbætur til að tryggja skilvirkt eftirlit hafi verið framkvæmdar þannig að ökutæki, íhlutir, kerfi eða aðskildar tæknieiningar séu framleiddar í samræmi við viðurkennda gerðina.
 - 2.3.2. Framkvæmd frum matsins og sannprófun á fyrirkomulagi til að tryggja samræmi framleiðslu getur verið í höndum viðurkenningaryfirvalds annars aðildarríkis eða aðilans sem viðurkenningaryfirvaldið tilnefnir í því skyni.
 - 2.3.2.1. Viðurkenningaryfirvaldið í þessu öðru aðildarríki skal í því tilviki gefa samræmisyfirlýsingu þar sem fram kemur hvaða svið og framleiðsluaðstaða sem það viðurkenningaryfirvald hefur talið skipta máli í sambandi við eftirlit með þeirri vöru sem á að fá gerðarviðurkenningu og þau stjórnvaldsfyrirmæli sem varan á að vera gerðarviðurkennd í samræmi við.
 - 2.3.2.2. Þegar beiðni um samræmisyfirlýsingu berst frá viðurkenningaryfirvaldi aðildarríkis sem veitir gerðarviðurkenningu, skal viðurkenningaryfirvaldið í öðru aðildarríki þegar í stað senda þá yfirlýsingu um samræmi eða tilkynna því viðurkenningaryfirvaldi um að það sé ófært um að veita slíka yfirlýsingu.

2.3.2.3. Í samræmisýfirlýsingunni skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um eftirfarandi:

- | | |
|---------------------------------|--|
| a) Samstæðu eða fyrirtæki | (t.d. XYZ bifreiðar) |
| b) Tiltekna stofnun | (t.d. svæðisbundin deild) |
| c) Verksmiðjur/framleiðslustaði | (t.d. hreyflaverksmiðja 1 (í landi A) — ökutækjaverksmiðja 2 (í landi B)) |
| d) Svið ökutækja/íhluta | (t.d. allar undirtegundir í flokki M ₁) |
| e) Atriði sem metin eru | (t.d. samsetning hreyfils, mótun og samsetning yfirbyggingar, samsetning ökutækis) |
| f) Skoðuð skjöl | (t.d. handbækur fyrirtækis og framleiðslustaðar um gæði og starfsaðferðir) |
| g) Dagsetningu matsins | (t.d. úttekt fór fram frá dd/mm/áááá til dd/mm/áááá) |
| h) Fyrirhugaða eftirlitsvitjun | (t.d. dd/mm/áááá) |

2.3.3. Viðurkenningaryfirvaldi er einnig heimilt að líta svo á að vottun framleiðandans í samræmi við staðla EN ISO 9001:2015 eða ISO/TS16949:2009 (í því tilviki skal gildissvið þeirrar vottunar ná yfir þær vörur sem á að viðurkenna) eða jafngildur vottunarstaðall uppfylli kröfurnar um frummat í lið 2.3, að því tilskildu að samræmi framleiðslu falli í raun undir gæðastjórnunarkerfið og að gerðarviðurkenning framleiðandans hafi ekki verið dregin til baka eins og um getur í c-lið liðar 2.3.1.1. Framleiðandi skal láta í té upplýsingar um vottunina og upplýsa viðurkenningaryfirvaldið um allar breytingar sem kunna að verða gerðar að því er varðar gildistíma hennar eða gildissvið.

2.4. Að því er varðar gerðarviðurkenningu á ökutæki þarf ekki að endurtaka frummatið vegna veitingu gerðarviðurkenninga á kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum ökutækisins en ljúka skal því með mati á framleiðslustöðum og framleiðslustarfsemi sem tengjast samsetningu ökutækisins í heild og sem hafa ekki fallið undir frummatið.

3. Fyrirkomulag til að tryggja samræmi framleiðslu

3.1. Sérhvert ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður sem hlýtur viðurkenningu samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna sem fylgir með í viðauka við endurskoðaða samninginn frá 1958 og við þessa reglugerð skal vera framleiddur þannig að hann sé í samræmi við viðurkenndu gerðina með því að uppfylla kröfurnar í þessum viðauka, í fyrrnefndri reglugerð Sameinuðu þjóðanna og í þessari reglugerð.

3.2. Áður en gerðarviðurkenning er veitt samkvæmt þessari reglugerð og samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna sem fylgir með í viðauka við endurskoðaða samninginn frá 1958 skal viðurkenningaryfirvaldið sannprófa að fyrir hendi sé fullnægjandi fyrirkomulag til að tryggja samræmi framleiðslu og skjalfestar eftirlitsáætlanir sem samþykktar eru í samráði við framleiðanda fyrir hverja gerðarviðurkenningu, en í því felst að gerðar eru, með tilteknu millibili, prófanir og tilheyrandi skoðanir sem eru nauðsynlegar til að sannprófa áframhaldandi samræmi við viðurkennda gerð, þ.m.t., eftir atvikum, prófanir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð og í fyrrnefndri reglugerð Sameinuðu þjóðanna.

3.3. Handhafi gerðarviðurkenningar skal einkum:

3.3.1. ganga úr skugga um að fyrir hendi séu aðferðir til að hafa skilvirkt eftirlit með samræmi ökutækja, kerfa, íhluta, aðskilinna tæknieininga, hluta eða búnaðar við viðurkenndu gerðina,

3.3.2. hafa aðgang að þeim prófunarbúnaði eða öðrum búnaði sem viðeigandi og nauðsynlegur er til að hafa eftirlit með samræmi við hverja viðurkennda gerð,

3.3.3. ganga úr skugga um að gögn sem koma úr prófunum eða athugunum séu skráð og að meðfylgjandi skjöl séu tiltæk í allt að 10 ára tímabil sem skal ákveðið með samkomulagi við viðurkenningaryfirvöld,

3.3.4. sundurgreina niðurstöður hverrar prófunar eða athugunar til að sannprófa og ganga úr skugga um stöðugleika að því er lýtur að eiginleikum vörunnar, að teknu tilliti til frávika vegna fjöldaframleiðslu,

3.3.5. ganga úr skugga um að fyrir hverja gerð framleiðslunnar séu framkvæmdar a.m.k. þær athuganir sem kveðið er á um í þessari reglugerð og þær prófanir sem kveðið er á um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka,

3.3.6. ganga úr skugga um að frekari sýnishorn séu tekin og frekari prófanir gerðar ef þær prófanir sem gerðar eru sýna að einhverjar sýnishorna- eða prófunarhlutasamstæður eru í ósamræmi við viðkomandi gerð. Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samræmi við viðurkenndu gerðina komist á að nýju.

- 3.4. Ef um er að ræða gerðarviðurkenningar sem eru í áföngum, sem eru blandaðar eða sem eru fjölþrepa er viðurkenningaryfirvaldinu sem veitir heildargerðarviðurkenningu ökutækis heimilt að óska eftir ítarlegum upplýsingum varðandi að farið sé að kröfunum um samræmi framleiðslu sem settar eru fram í þessum viðauka frá hverju því viðurkenningaryfirvaldi sem veitt hefur gerðarviðurkenningu á einhverjum viðkomandi kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum.
- 3.5. Viðurkenningaryfirvaldið, sem veitir heildargerðarviðurkenningu ökutækis og telur upplýsingarnar sem um getur í lið 3.4 ekki fullnægjandi og sem hefur tilkynnt skriflega um þetta til viðeigandi framleiðanda og til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitir gerðarviðurkenninguna á kerfinu, íhlutum eða aðskildu tæknieiningunni, skal óska eftir því að gerðar séu viðbótarúttektir eða viðbótarathuganir á samræmi framleiðslu, sem framkvæma skal á athafnasvæði framleiðanda eða framleiðenda þessara kerfa, íhluta eða aðskildu tæknieininga. Niðurstöður þessara viðbótarúttekta eða viðbótarathugana á samræmi framleiðslu skulu tafarlaust gerðar aðgengilegar því viðurkenningaryfirvaldi.
- 3.6. Ef liðir 3.4 og 3.5 eiga við og viðurkenningaryfirvaldið sem veitir heildargerðarviðurkenningu ökutækis telur niðurstöður viðbótarúttektar eða viðbótarathugunar ófullnægjandi skal framleiðandinn tryggja að samræmi framleiðslu sé komið á að nýju eins fljótt og auðið er með fullnægjandi hætti að mati þessa viðurkenningaryfirvalds og viðurkenningaryfirvaldsins sem veitir gerðarviðurkenningu á kerfinu, íhlutum eða aðskildu tæknieiningunni.
4. Fyrirkomulag við áframhaldandi sannprófun
- 4.1. Viðurkenningaryfirvaldið sem veitt hefur gerðarviðurkenningu er hvenær sem er heimilt að sannprófa eftirlitsaðferðir með samræmi sem beitt er í hverri framleiðsluáðstöðu með reglulegum úttektum. Í þeim tilgangi skal framleiðandi leyfa því yfirvaldi aðgang að athafnasvæðum framleiðslu, skoðunar, prófunar, geymslu og dreifingar og skal veita allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar skjöl og gögn um gæðastjórnunarkerfið.
- 4.1.1. Að öðru jöfnu skal nálgast slíkar reglulegar úttektir með því að fylgjast með því að verklagið sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið (frummat og fyrirkomulag til að tryggja samræmi framleiðslu) verði áfram skilvirk.
- 4.1.1.1. Líta ber svo á að starfsemi á sviði eftirlits sem tækniþjónusta (sem hefur réttindi eða er viðurkennd eins og krafist er í lið 2.3.3) sinnir, uppfylli kröfuna í lið 4.1.1 að því er varðar það verklag sem ákveðið er við frummat.
- 4.1.1.2. Eðlileg tíðni sannprófana sem viðurkenningaryfirvaldið framkvæmir (annarra en þeirra sem um getur í lið 4.1.1.1) skal vera þannig að tryggt sé að viðkomandi eftirlit, sem beitt er í samræmi við 2. og 3. lið, sé endurskoðað með millibili sem byggt er á áhættumatsaðferð sem samræmist alþjóðlega staðlinum ISO 31000:2018 – *Risk Management – Principles and Guidelines* og slík sannprófun skal í öllum tilvikum vera framkvæmd á minnst þriggja ára fresti. Með aðferðinni skal einkum tekið tillit til hvers konar ósamræmis sem önnur aðildarríki bera fram í tengslum við 1. mgr. 54. gr.
- 4.2. Í hverri endurskoðun skulu skýrslur um prófanir eða athuganir og framleiðsluskýrslur vera gerðar tiltækar skoðunarmanni, einkum þær skýrslur yfir prófanir eða athuganir sem skjalfestar eru samkvæmt því sem krafist er í lið 2.2.
- 4.3. Skoðunarmanni er heimilt að velja sýnishorn af handahófi sem síðan skulu prófuð á rannsóknarstofu framleiðanda eða starfsstöð tækniþjónustunnar. Í slíku tilviki skal eingöngu framkvæma raunverulega prófun. Lágmarksfjöldi sýnishorna er heimilt að ákvarða á grundvelli útkomu úr sannprófun framleiðandans.
- 4.4. Sá skoðunarmaður sem álitur að eftirlitið sé ófullnægjandi eða sem telur að nauðsynlegt sé að sannprófa gildi þeirra prófana sem gerðar eru í samræmi við lið 4.2 skal velja sýnishorn til að senda tækniþjónustunni til að framkvæma raunverulegar prófanir í samræmi við kröfurnar um samræmi framleiðslu sem settar eru fram í stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka.
- 4.5. Ef niðurstöður skoðunar eða endurskoðunar eru ófullnægjandi skal viðurkenningaryfirvaldið gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiðandinn komi samræmi framleiðslunnar á að nýju svo fljótt sem verða má.
- 4.6. Í tilvikum þar sem ákvæði þessarar reglugerðar krefjast þess að farið sé að ákvæðum reglugerða Sameinuðu þjóðanna getur framleiðandi valið að beita þessum viðauka til jafngildis við kröfur um samræmi framleiðslu í viðkomandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna. Ef liður 4.4 eða 4.5 á við þarf hins vegar að fara að öllum aðskildum kröfum um samræmi framleiðslu í reglugerðum Sameinuðu þjóðanna þannig að viðurkenningaryfirvaldið telji fullnægjandi og þar til það telur að samræmi framleiðslu hafi verið komið á að nýju.

V. VIÐAUKI

MÖRK LÍTILLA FRAMLEIÐSLURADA OG SÍÐUSTU ÖKUTÆKJA GERÐAR

A. ÁRLEGAR MAGNTAKMARKANIR Á LITLUM FRAMLEIÐSLURÖÐUM

1. Fjöldi eininga tiltekinna gerðar ökutækis sem á að skrá, bjóða fram á markaði eða taka í notkun á ári í Sambandinu skal ekki vera meiri en árlegu magntakmarkanirnar fyrir viðkomandi ökutækjaflokk samkvæmt 41. gr. sem sýndar eru í eftirfarandi töflu:

Flokkur	Einingar
M ₁	1 500
M ₂ , M ₃	0
N ₁	1 500
N ₂ , N ₃	0 allt til umsóknardags framseldu gerðanna sem um getur í 5. mgr. 41. gr. 1 500 eftir þann dag
O ₁ , O ₂	0
O ₃ , O ₄	0

2. Fjöldi eininga tiltekinna gerðar ökutækis sem á að skrá, bjóða fram á markaði eða taka í notkun á ári í aðildarríki skal vera ákvarðað af því aðildarríki en skal ekki vera meiri en árlegu magntakmarkanirnar fyrir viðkomandi ökutækjaflokk samkvæmt 42. gr. sem sýndar eru í eftirfarandi töflu:

Flokkur	Einingar
M ₁	250
M ₂ , M ₃	250
N ₁	250
N ₂ , N ₃	250
O ₁ , O ₂	500
O ₃ , O ₄	250

B. MÖRK SÍÐUSTU ÖKUTÆKJA GERÐAR

Hámarksfjöldi fullbúinna ökutækja og fjölþrepa fullbúinna ökutækja, sem tekin eru í notkun í hverju aðildarríki, samkvæmt málsmæðferð um „mörk síðustu ökutækja gerðar“, skal vera takmarkaður á einn hátt af eftirfarandi, eftir því sem viðkomandi aðildarríki ákveður nánar:

- Hámarksfjöldi ökutækja í flokki M₁, af einni eða fleiri gerðum, sem tekin eru í notkun í hverju aðildarríki, skal ekki vera meiri en 10% og í öðrum flokkum mest 30% af ökutækjum allra viðkomandi gerða sem tekin voru í notkun í því aðildarríki á næstliðnu ári. Ef 10% eða, eftir atvikum, 30% ökutækjanna reynast vera færri en 100 getur aðildarríkið heimilað að allt að 100 ökutæki séu tekin í notkun.
- Eingöngu skal taka í notkun þau ökutæki af hverri gerð sem hafa gilt samræmisvottorð, sem gefið var út á framleiðsludegi ökutækisins eða síðar og gildi í minnst þrjá mánuði eftir útgáfudag en féll síðan úr gildi vegna gildistöku stjórnvaldsfyrirmæla.

VI. VIÐAUKI

**SKRÁ YFIR HLUTI EÐA BÚNAÐ SEM GETUR SKAPAÐ ALVARLEGA ÁHÆTTU FYRIR RÉTTA VIRKNI
KERFA SEM ERU NAUÐSYNLEG FYRIR ÖRYGGI ÖKUTÆKIS EÐA VISTVÆNLEIKA ÞESS,
AFKASTAKRÖFUR Á SLÍKUM HLUTUM EÐA BÚNAÐI, VIÐEIGANDI PRÓFUNARAÐFERÐIR OG ÁKVÆÐI
UM MERKINGAR OG UMBÚÐIR**

I. Hlutir eða búnaður sem hefur veruleg áhrif á öryggi ökutækja

Númer	Lýsing	Afkastakrafa	Prófunaraðferð	Kröfur um merkingar	Kröfur vegna umbúða
1	[...]				
2					
3					

II. Hlutir eða búnaður sem hefur veruleg áhrif á vistvænleika ökutækis

Númer	Lýsing	Afkastakrafa	Prófunaraðferð	Kröfur um merkingar	Kröfur vegna umbúða
1	[...]				
2					
3					

VII. VIÐAUKI

STJÓRNVALDSFYRIRMÆLI ÞAR SEM TILNEFNA MÁ FRAMLEIÐANDA SEM TÆKNIÞJÓNUSTU

1. Markmið og gildissvið
 - 1.1. Í þessum viðauka er mælt fyrir um skrá yfir þau stjórnvaldsfyrirmæli þar sem tilnefna má innri tækniþjónustu framleiðanda sem tækniþjónustu í samræmi við 1. mgr. 72. gr.
 - 1.2. Í honum er einnig að finna viðeigandi ákvæði varðandi tilnefningu innri tækniþjónustu framleiðanda sem tækniþjónustu, sem beitt er innan ramma gerðarviðurkenningar ökutækja, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem falla undir I. hluta II. viðauka.
 - 1.3. Þessi viðauki gildir hins vegar ekki um framleiðendur sem sækja um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum eins og um getur í 41. gr.
2. Tilnefning innri tækniþjónustu framleiðanda sem tækniþjónustu

- 2.1. Innri tækniþjónusta framleiðanda sem er tilnefnd sem tækniþjónusta er framleiðandi sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið hefur tilnefnt sem prófunarstofu til að framkvæma viðurkenningarprófanirnar fyrir sína hönd.

Orðalagið „að annast prófanir“ takmarkast ekki við mælingar á frammistöðu heldur nær það einnig til skráningar niðurstaðna úr prófunum og afhendingar skýrslu, sem inniheldur viðeigandi niðurstöður, til gerðarviðurkenningaryfirvaldsins.

Það nær einnig til eftirlits með því að farið sé að þeim ákvæðum sem krefjast ekki nauðsynlega mælinga. Þetta á við um mat á því hvort hönnunin uppfylli lagalegu kröfurnar.

3. Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli og takmarkanir

	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli
4A	Flötur fyrir uppsetningu og festingu á skráningarkerki að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1003/2010
7A	Hljóðmerkjabúnaður og merki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28
10A	Rafsegulsviðssamhæfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10
18A	Lögboðin merkiplata framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 19/2011
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48
27A	Dráttarþúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010
33A	Staðsetning og auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121
34A	Afisingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 672/2010
35A	Framrúðuburrku og -sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010

	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli
36A	Hitakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122 Að undanskildum ákvæðunum í 8. viðauka að því er varðar brennsluhitara sem brenna fljótandi jarðolíugasi og hitunarkerfi sem brenna fljótandi jarðolíugasi.
37A	Hjólhlífar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1009/2010
44A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012
45A	Öryggisgler og ísetning þess í ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43 Takmarkast við ákvæði í 21. viðauka
46A	Áfesting hjólbarða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 458/2011
48A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012
49A	Atvinnuökutæki með tilliti til útstæðra hluta framan við afturþíl stýrishúss	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 61
50A	Véltengiðhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55 Takmarkast við ákvæði í 5. viðauka (til og með 8. mgr.) og 7. viðauka.
61	Loftræstikerfi	Tilskipun 2006/40/EB

Viðbætur

Tilnefning innri tækniþjónustu framleiðanda sem tækniþjónustu og undirverktakastarfsemi

1. Almenn

- 1.1. Tilnefning og tilkynning um innri tækniþjónustu framleiðanda sem tækniþjónustu skal vera gerð í samræmi við ákvæði 68. til 81. gr. og öll undirverktakastarfsemi skal vera gerð í samræmi við þennan viðbæti.

2. Undirverktakastarfsemi

- 2.1. Í samræmi við 1. mgr. 71. gr. getur tækniþjónusta tilnefnt undirverktaka til þess að framkvæma prófanirnar fyrir sína hönd.
- 2.2. Að því er varðar þennan viðbæti merkir „undirverktaki“ annaðhvort dótturfélag tækniþjónustunnar sem sú tækniþjónusta hefur falið að annast prófunarstarfsemi innan eigin fyrirtækis eða þriðji aðili sem er samningsbundinn tækniþjónustunni um að annast prófunarstarfsemi.
- 2.3. Notkun á þjónustu undirverktaka leysir tækniþjónustuna ekki undan þeirri skyldu að fara að ákvæðum 69., 70., 80., og 81. gr., og einkum þeim er snúa að færni tækniþjónustunnar og samræmi við staðal EN ISO/IEC 17025:2005.
- 2.4. Ákvæði 2. liðar VII. viðauka skal gilda um undirverktaka.

3. Prófunarskýrsla

Prófunarskýrslur skal semja í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 3. mgr. 30. gr.

VIII. VIÐAUKI

SKILYRÐI FYRIR ÞVÍ AÐ FRAMLEIÐANDI EÐA TÆKNIÞJÓNUSTA NOTI SÝNDARPRÓFUNARÁÐFERÐIR

1. Markmið og gildissvið

Í þessum viðauka er mælt fyrir um ákvæði um sýndarprófanir í samræmi við 7. mgr. 30. gr.

2. Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli

	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli
3B	Undirakstursvarnarbúnaður að aftan og uppsetning hans, undirakstursvörn að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58
6A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (þrep, fótþallar og handföng)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012
6B	Læsingar dyra og hurðafestingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11
8A	Búnaður til að auka sjónsvið og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46
12A	Innréttingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21
16A	Útstæðir hlutar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48
27A	Dráttarbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010
32A	Sjónsvið fram á við	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 125
35A	Framrúðupurrku og -sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010
37A	Hjólhlífar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1009/2010
42A	Hliðarvörn á vörubifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 73
48A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012
49A	Atvinnuökutæki með tilliti til útstæðra hluta framan við afturþíl stýrishúss	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 61
50A	Véltengiðhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55

	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli
50B	Tengibúnaður, uppsetning á viðurkenndri gerð tengibúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 102
52A	M ₂ og M ₃ ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107
52B	Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar á stórum farþega-bifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 66
57A	Undirakstursvarnarbúnaður að framan og uppsetning hans, undirakstursvörn að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 93

1. viðbætur

Almenn skilyrði fyrir notkun sýndarprófunaraðferða

1. Sýndarprófunarmynstur

Eftirfarandi kerfi skal nota sem grunn að lýsingu og framkvæmd sýndarprófanna:

- a) tilgangur,
- b) formgerð líkans,
- c) jaðarskilyrði,
- d) álagsforsendur,
- e) útreikningar,
- f) mat,
- g) skjalfesting.

2. Grunnatriði tölvuhermunar og útreikninga

2.1. Reiknilíkan

Framleiðandi skal leggja fram reiknilíkan. Það skal endurspegla hversu flókin formgerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem á að prófa er í tengslum við kröfur viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæla og jaðarskilyrða þess.

Sömu ákvæði gilda um prófanir á íhlutum eða aðskildum tæknieiningum óháð ökutækinu.

2.2. Fullgildingarferli reiknilíkans

Fullgilda skal reiknilíkanið með samanburði við raunveruleg prófunarskilyrði.

Því skal framkvæma raunverulega prófun til þess að bera saman niðurstöður sem fást þegar reiknilíkanið er notað við niðurstöður raunverulegrar prófunar. Sýna skal fram á samanburðarhæfi niðurstaðna úr prófunum. Framleiðandinn eða tækniþjónustan skal gera uppkast að fullgildingarskýrslu og leggja hana fyrir viðurkenningaryfirvaldið.

Athygli viðurkenningaryfirvaldsins skal vakin á sérhverri breytingu á reiknilíkaninu eða hugbúnaðinum sem líklegt er að ógildi fullgildingarskýrslu sem kann að krefjast þess að nýtt fullgildingarferli fari fram.

Flæðirit fullgildingarferlisins er sýnt í 3. viðbæti.

2.3. Skjöl

Framleiðandinn skal veita tækniþjónustunni aðgang að þeim gögnum og hjálpartækjum sem notuð eru við hermun og útreikning og skjalfesta þau.

3. Tæki og aðstoð

Að beiðni tækniþjónustunnar skal framleiðandinn skal láta henni í té þau tæki sem eru nauðsynleg til að framkvæma sýndarprófun, þ.m.t. viðeigandi hugbúnað, eða veita þeirri tækniþjónustu aðgang að þessum tækjum.

Að auki skal framleiðandinn veita tækniþjónustunni viðeigandi stuðning.

Aðgangurinn og stuðningurinn sem framleiðandinn veitir tækniþjónustu gefur tækniþjónustunni ekki undanþágu frá skuldbindingum sínum varðandi færni starfsfólks hennar, greiðslu leyfisréttinda og trúnaðarkvöð.

2. viðbætur

Sérstök skilyrði fyrir notkun sýndarprófunaraðferða


1. Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli

	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Viðauki og liðir	Sérstök skilyrði
3B	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58	Liðir 2.3, 7.3 og 25.6 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 58.	Stærðir og mótstaða gegn kröftum.
6A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	1. og 2. hluti II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 130/2012.	Stærð þrepa, fótalla og handfanga.
6B	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11	3. viðauki við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11. Liður 2.1 í 4. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11. 5. viðauki við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11.	Togþolsprófanir og mótstaða læsinga gegn hröðun.
8A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46	Liður 15.2.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46.	Sjónsvið baksýnispegla sem mælt er fyrir um.
12A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21	a) 5. liður til liðar 5.7 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21. b) Liður 2.3 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21.	a) Mæling allra krappageisla og allra útstæðra hluta nema að því er varðar þær kröfur þar sem neyta þarf afls til þess að athuga hvort farið sé að ákvæðum. b) Ákvörðun höggsvæðis höfuðs.
16A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26	Liður 5.2.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26. Öll ákvæði í 5. lið (almennar kröfur) og 6. lið (sérstakar kröfur) í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26.	Mæling allra krappageisla og allra útstæðra hluta nema að því er varðar þær kröfur þar sem neyta þarf afls til þess að athuga hvort farið sé að ákvæðum.
20A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48	6. liður (einstakar forskriftir) og 4., 5. og 6. viðaukar við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48.	Prófunaraksturinn, sem kveðið er á um í lið 6.22.9.2.2, skal framkvæmdur á raunverulegu ökutæki.
27A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010	Liður 1.2 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1005/2010.	Dráttar- og þrýstistöðukraftur.
32A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 125	5. liður (forskriftir) reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 125.	Hindranir og sjónsvið.
